



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Ársskýrsla



6. starfsár 2014-2015



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stefna Naustaskóla.....	3
Hlutverk.....	3
Framtíðarsýn.....	3
Áherslur skólans.....	4
Naustaskóli 2014-2015.....	6
Húsnæðismál.....	7
Skólinn í tölum.....	8
Starfsfólk	8
Nemendur	10
Fjármál.....	10
Vettvangsferðir og heimsóknir	11
Ýmsir viðburðir í skólastarfinu	12
Skólatími / stundaskrár	13
Skóladagatal 2014-2015	14
Stjórnun og skipurit.....	16
Teymi - fundir.....	17
Nemendaráð	17
Kennsluskipan.....	18
Valgreinar	19
Námsmat	20
Mötuneyti.....	20
Frístund.....	20
Bókasafn	21
Samstarf við Naustatjörn	21
Gjafir	21
Endurmenntunaráherslur 2014-2015.....	22
Jákvæður agi - gæðahringir	23
Samskipti heimila og skóla.....	23
Námsgögn.....	24
Nemendaverndarráð	25
Ráðgjöf fjölskyldudeildar	25
Skólahjúkrun.....	25
Skýrslur starfsmannahópa	26
Skýrsla 1. bekkjar.....	26
Skýrsla 2.-3. bekkjar.....	34
Skýrsla 4.- 5. bekkjar.....	44
Skýrsla 6.-7. bekkjar.....	50
Skýrsla 8.-10. bekkjar.....	57
Skýrsla verkgreinateymis	68
Vorskýrsla íþróttateymis	74
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	78
Mat á skólastarfinu.....	83
Uppgjör á umbótatillögum síðasta skólaárs.....	84
Mat og umbótatillögur fyrir næsta skólaár	88
Viðauki, fréttabréf skólaársins.....	94

Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir sjötta starfsár Naustaskóla, 2014-2015. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Stefna Naustaskóla

Stefna skólans er sett fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra í upphafi skólastarfsins, á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>. Skólaárið 2013-2014 fór fram endurskoðun á áherslum skólans með hliðsjón af nýrri Aðalnámskrá grunnskóla og voru þá áherslur í stefnu skólans settar fram sem markmið og viðmið um starfshætti eins og sjá má hér á eftir.

Hlutverk

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náninni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.



Framtíðarsýn

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.



Áherslur skólans

Námsaðlögun

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólinn mæti þörfum nemenda í námi.**
 - Til staðar eru ætíð nákvæmar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir sem eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra
 - Nemendur eiga jafnan val um mismunandi leiðir til þess að ná markmiðum sínum
 - Einstaklingsáætlanir eru til staðar fyrir nemendur eftir þörfum
 - Teymiskennsla er nýtt til að nýta styrkleika starfsmanna og til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda
 - Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
 - Allir starfsmenn fylgja starfsþróunaráætlun sem endurskoðuð er árlega
- **Nemendur verði vel læsir á hvers kyns upplýsingar og á umhverfi sitt**
 - Áhersla er á lestur og hvers kyns læsi á öllum stigum skólans
 - Allir nemendur lesa á hverjum degi
 - Kennarar og nemendur nota upplýsingatækni á ábyrgan og skilvirkan hátt
- **Nemendur rækta sköpunarhæfileika sína**
 - Áhugasvið nemenda eru virkjuð sem hluti af starfinu
 - Nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni sín á skapandi hátt
 - Leikur er nýttur sem kennsluáðferð
 - Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla á verk- og listgreinar
- **Nemendur verði sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu og taki stöðugum framförum**
 - Allir nemendur þekkja þau markmið sem unnið er með hverju sinni
 - Námsmat gefur upplýsingar um inntak námsins, tengist settum markmiðum og er leiðbeinandi fyrir nemendur
 - Á mið- og unglingastigi fylgja nemendur námsáætlunum sem byggja á sjálfstæði þeirra og hafa val um leiðir í náminu
 - Nemendur þekkja og skilja hugtök grunnþátta menntunar, og kennsluteymi temja sér notkun þeirra

N ámsaðlögun
A thvarf
Umhyggja/virðing
S amvinna
T áp og fjör
A llir með!
SKÓLI

Athvarf

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Nemendum líði vel í skólanum**
 - Starfsfólk er glaðlegt, umhyggjusamt og vingjarnlegt við nemendur
 - Allir hafa skýr hlutverk og finna fyrir öryggi
 - Viðmið um hegðun eru skýr og sýnileg á viðeigandi stöðum í skólanum
 - Líðan og félagstengsl nemenda eru könnuð reglulega og brugðist við niðurstöðum
- **Aðstaða og umhverfi í skólanum sé aðlaðandi og hvetjandi**
 - Hugtök, markmið, námsgögn og verk nemenda eru sýnileg og aðgengileg í skólanum
 - Námssvæði eru skipulögð með tilliti til mismunandi námsstíla nemenda
 - Námssvæði allra aldurshópa innihalda m.a. bóka/lestrarkróa, þankakrika, stærðfræðisvæði, lausnastað, rólegt svæði, hópavinnusvæði o.s.frv.
 - Sjónrænar leiðbeiningar eru nýttar til að sýna skipulag skóladagsins
 - Skólinn og umhverfi hans er ætíð snyrtilegt og þrífalegt
 - Allir taka þátt í að halda umhverfinu í skólanum snyrtilegu



- **Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi**
 - Foreldrar eru upplýstir um þá ráðgjöf og þjónustu sem þeir eiga kost á
 - Skólinn hefur milligöngu um að útvega ráðgjöf eða sérfræðiaðstoð eftir því sem tók eru á
 - Nemendur fá jákvæða og uppbyggilega leiðsögn
- **Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins**
 - Skólinn stendur fyrir viðburðum fyrir íbúa hverfisins og veitir aðstöðu fyrir slíka viðburði
 - Skólinn og hverfisnefnd eiga með sér gott samstarf

Umhyggja og virðing

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Öll samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu, umhyggju og jafnrétti**
 - Fræðsla um jákvæðan aga er veigamikill þáttur í skólastarfinu
 - Starfsfólk beitir aðferðum jákvæðs aga af öryggi
 - Nemendur og starfsfólk þekkir og fylgir skólasáttmála
 - Nemendur og starfsfólk nýta tíma sinn vel og eru stundvís
 - Nemendur og starfsfólk kunna og nýta mismunandi leiðir til að leysa úr ágreiningi
 - Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða í öllum ákvörðunum og áætlunum
 - Allir starfsmenn eru ábyrgir ef taka þarf á óæskilegri hegðun hjá nemendum
- **Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum**
 - Gæðahringir með dagskrá eru haldnir a.m.k. þrisvar í viku í öllum námshópum
 - Hlutverkaleikir eru nýttir til að gefa innsýn í aðstæður og tilfinningar annarra
 - Aldursblöndun nemenda og sveigjanleiki í hópaskiptingum nýtast til að ýta undir umburðarlyndi og umhyggju
 - Starfsfólk hvetur nemendur og hvert annað
- **Nemendur öðlist skilning á sjálfbærni í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti**
 - Fræðsla um umhverfismál er veigamikill þáttur í kennslu nemenda
 - Skólinn vinnur markvisst að því að öðlast / endurnýja Grænfánann

Samvinna

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólasamfélagið einkennist af samvinnu, lýðræði og mannréttindum**
 - Allir starfsmenn skólans vinna í teyrum
 - Allir meðlimir í skólasamfélaginu hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir
- **Starfsmenn, foreldrar/forráðamenn og nemendur taka þátt í ákvörðunum**
 - Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á sett námsmarkmið nemenda
 - Skólaráð, nemendaráð og Foreldrafélag starfa skv. settum áætlunum
 - Nemendaviðtöl umsjónarkennara og nemenda eiga sér stað a.m.k. þrisvar á ári og oftast eftir þörfum
- **Foreldrar/forráðamenn eru virkir þátttakendur í námi barna sinna**
 - Í tengslum við foreldraviðtöl fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar um nám og líðan nemandans
 - Nemandi og foreldrar/forráðamenn taka þátt í að meta vinnu og árangur nemandans
 - Viðeigandi starfs-, kennslu- og námsáætlanir eru ætíð aðgengilegar á vef

- **Skólinn lýtur markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu**
 - Ákvarðanir eru teknar með hliðsjón af stefnu skólans og fyrirbyggjandi gögnum
 - Starfsmenn, foreldrar og nemendur eru upplýstir um stefnu skólans
 - Skólinn gefur út mánaðarleg fréttabréf og heimasíða er virk til upplýsingaveitu
 - Umsjónarkennarar senda út vikulega upplýsingapósta
 - Kennsluteymi taka sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og nýta þann sveigjanleika sem felst í teymiskennslunni
- **Nemendur læra markvisst að vinna saman**
 - Kennsluhættir einkennast af samvinnu nemenda
 - Nemendaráð er virkt og stendur fyrir skólaþingi eldri nemenda árlega

Táp og fjör

Markmið / viðmið um starfshætti

- **Nemendur og starfsmenn séu glaðir við störf sín innan skólans og líði vel**
 - Söng og tjáningu er beitt markvisst í náminu
 - Hver skóladagur inniheldur fjölbreytt viðfangsefni
 - Samverustundir með fjölbreyttum atriðum frá nemendum eru a.m.k. vikulega
 - Fjölbreyttir félagslegir viðburðir eru í boði fyrir nemendur t.d. félagsmiðstöð, dansleikir, bekkjarkvöld og fl.
- **Skólinn stuðlar að heilbrigði og velferð**
 - Hreyfing og leikir eru markvisst notuð í starfinu
 - Útikennsla og útivist eru fastir liðir í námi
 - Skólinn stuðlar að hollu fæði nemenda
 - Nemendur fá fræðslu um heilbrigða lífshætti

Allir með!

- Í námi
- Í starfi
- Í leik
- Í ákvörðunum
- Til góðra verka

Naustaskóli 2014-2015

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri
Kennitala 530109-0110
Sími: 460-4100, sími í Frístund: 460-4111
Netfang: naustaskoli@akureyri.is
Heimasíða: <http://naustaskoli.is>
Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson
Deildarstjórar: Bryndís Björnsdóttir og
Aðalheiður Skúladóttir
Fjöldi nemenda: 344
Fjöldi starfsmanna: 58



Húsnæðismál

Naustaskóli er nýjasti grunnskóli Akureyrarbæjar og hóf skólinn starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 150 í 1.-7. bekk, fyrstu árin bættust við einn árgangur, um 50 nemendur á ári. Skólaárið 2012-2013 voru nemendur tæplega 300 í 1.-10. bekk, en þá var Naustaskóli í fyrsta sinn heildstæður grunnskóli. Nemendum í skólanum fjölga enn og voru á liðnu skólaári, 2014-2015, ríflega 340 talsins. Í skólahúsnæðinu hafa verið auk grunnskólastarfsins, tvær deildir frá leikskólanum Naustatjörn frá haustinu 2012 en ein deild árin 2009-2012. Leikskóladeildirnar bera nöfnin Fífilbrekka og Sunnuhvoll og þar eru að störfum rúmlega 50 leikskólabörn samanlagt.

Haustið 2009 var tekinn í notkun fyrri áfangi skólahúsnæðisins og hafði hann að geyma heimasvæði 1.-7. bekkjar, Frístund, tónlistarstofu og heimilisfræðistofu. Haustið 2012 var hluti af öðrum áfanga tekinn í notkun, var þar um að ræða heimasvæði unglingastigs, verkgreinastofur, miðrými (samkomusal, bókasafn og matsal) og eldhús. Búið er að reisa stjórnunarálfmu sem verður tekin í notkun haustið 2015 og íþróttahús sem verður tekið í notkun haustið 2016.

Vorið 2015 var tekin ákvörðun um að hýsa framangreindar leikskóladeildir í húsnæði Naustaskóla til frambúðar og slá þannig af um óákveðinn tíma fyrirhugaða byggingu annars leikskóla í hverfinu, en fram að því hafði vera leikskóladeildanna verið hugsuð sem tímabundið úrræði. Vegna þessa var farið í nokkra endurskipulagningu innanhúss í skólanum á vordögum og um sumarið 2015, frístund og tónmenntastofa flutt o.fl.

Á heimasíðu skólans er að finna ársskýrslur sem gefa greinargóðar upplýsingar um starfið í skólanum ár hvert frá stofnun hans.





Skólinn í tölum

Eftirfarandi tölur lýsa úthlutuðum stöðuheimildum og stöðu mála við upphaf skólaárs.

	09-10	10-11	11-12	12-13	13-14	14-15
Fjöldi nemenda	153	200	241	295	328	335
Fjöldi almennra kennslustunda	275	378	445	589	620	654
Fjöldi almennra kst. pr. nem.	1,797	1,890	1,846	1,996	1,890	1,952
Fjöldi sérkennslustunda	45	84	86	91	80	105
Fjöldi sérkennslust. pr.nem.	0,294	0,420	0,357	0,308	0,244	0,313
Fjöldi umsjónarkennara	10	12	15	17	17	17
Meðaltal nemenda pr. umsj.kennara	15,3	16,67	16,07	17,35	19,29	19,71
Fjöldi barna í Frístund	58	71	76	81	86	89
Fjöldi stöðugilda við stjórnun	1,61	1,61	1,81	1,88	1,88	2,63
Fjöldi stöðugilda í kennslu	12,3	17,76	20,42	26,15	26,92	29,19
Kynjahlutföll starfsmanna kvk/kk %	74 / 26	74 / 26	75 / 25	80 / 20	82 / 18	79 / 21
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1,40	2,93	2,58	4,58	3,90	3,80
Stöðugildi skólaliða	2,18	3,64	3,82	5,23	6,09	6,34
Stöðugildi vegna námsráðgjafar	0,25	0,40	0,40	0,55	0,55	0,75
Stöðugildi vegna Frístundar	1,28	2,24	2,81	2,81	2,81	2,43
Stöðugildi vegna bókasafns	0,50	0,50	0,80	0,80	0,80	0,80
Stöðugildi vegna eldhúss	1,40	1,74	1,50	1,50	1,50	1,50
Stöðugildi vegna húsvörslu	1	1	1	1	1	1
Stöðugildi vegna ritarastarfa	0,80	0,80	0,80	0,80	0,80	0,80
Tölvur alls	47	50	61	128	128	130
Tölvur fyrir nemendur	30	30	33	87	87	87
Nemendur pr tölvu	5,10	6,67	7,30	3,39	3,77	3,85
Tölvur í stjórnun og kennslu	17	20	28	41	41	43
Hlutfall nemenda í mötuneyti	100%	97%	96%	89%	89%	93%
Hlutfall nemenda í ávaxtaáskrift	87%	79%	74%	74%	75%	76%
Meðaltal samr.pr. í 4.b. (mt. ís/stæ)	30,55	26,55	29,70	23,30	24,25	30,17
Meðaltal samr.pr. í 7.b (mt. ís/stæ)	25,90	24,15	24,20	28,75	27,22	32,05
Meðaltal samr.pr. í 10.b(mt. ís/stæ)	-	-	-	29,83	29,77	23,81
Stærð húsnæðis	2338 fm	2338 fm	2338 fm	4500 fm	4500 fm	4500 fm

Starfsfólk

Nafn

Aðalheiður Reynisdóttir
Aðalheiður Skúladóttir
Agnes Þorleifsdóttir
Alexander Gunnarsson
Andri Snær Stefánsson
Aníta Jónsdóttir
Anna Margrét Helgadóttir
Atli Sveinn Þórarinnsson
Ágúst Frímann Jakobsson
Árni Hrólfur Helgason
Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
Áslaug Hallbjörnsdóttir
Berglind Bergvinsdóttir
Birgitta Rós Laxdal

Starfsheiti

iðjupjálfi
deildarstjóri
stuðningsfulltrúi
stuðningsfulltrúi
kennari
námsráðgjafi
bókavörður
kennari
skólastjóri
kennari
kennari
skólaliði
kennari
skólaliði

Meginstarfssvið

í barnsburðarleyfi
stjórnun
8.-9.-10.bekkur
4.-5.bekkur
6.-7. bekkur

bókasafn
8.-9.-10. bekkur
stjórnun
8.-9.-10.bekkur
8.-9.-10.bekkur
skólaliði
2.-3.bekkur
gæsla/Frístund



Björn Benedikt Benediktsson	kennari	2.- 3. bekkur
Bryndís Björnsdóttir	deildarstjóri	stjórnun/sérkennsla
Brynja Elín Birkisdóttir	leiðbeinandi	tónmennt
Brynjar Hermannsson	umsjónarmaður	húsvarsla
Dögg Stefánsdóttir	kennari	hönnun og smíði
Elva Rósa Helgadóttir	skólaliði	eldhús
Gréta Björk Halldórsdóttir	kennari	1.bekkur
Guðrún Huld Gunnarsdóttir	ritari	afgreiðsla/upplýsingar
Guðrún Inga Hannesdóttir	kennari	1.bekkur
Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	stuðningsfulltrúi	stuðningur í 6.-7.bekk
Gutti Guttesen	skólaliði	gæsla/ræsting
Gyða Björk Aradóttir	kennari	heimilisfræði
Hafís Björg Bjarnadóttir	þroskajálfi	stoðkennari 4.-5.bekk
Halla Björg Davíðsdóttir	þroskajálfi	1.bekkur
Halla Jóhannesdóttir	kennari	myndmenn
Harpa Hrönn Gunnarsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Harpa Mjöll Hermannsdóttir	stuðningsfulltrúi	2.- 3. bekkur
Heiða Björg Guðjónsdóttir	stuðningsfulltrúi	stuðningur í 6.-7.bekk
Herdís Margrét Ívarsdóttir	kennari	8.- 9.- 10.bekkur
Hrafnhildur Stefánsdóttir	forst.m. Frístundar	umsjón með Frístund
Hugrún H. Sigurbjörnsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir	kennari	stoðkennari 2.-3.bekkur
Inga Vala Magnúsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Ingibjörg Ósk Hannesdóttir	stuðningsfulltrúi	4.-5. bekkur
Jóhanna María Oddsdóttir	skólahjúkrunarfr.	
Kolbrún Eva Helgadóttir	skólaliði	eldhús
Kolbrún Sigurðardóttir	skólaliði	ræsting/Frístund
Kolbrún Sigurgeirsdóttir	kennari	6.-7. bekkur
Kristín Sigurðardóttir	kennari	2.- 3. bekkur
Lilja Þorkelsdóttir	kennari	2.- 3. bekkur
Linda Hafdal	skólaliði	gæsla/ræsting
Magnús Jón Magnússon	kennari	8.-9.-10.bekkur
Matthías Pétur Davíðsson	aðst.matráður	
Salóme Ýr Svavarsdóttir	stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
Sigríður Höskuldsdóttir	skólaliði	gæsla/ræsting
Sigríður Jóna Ingólfssdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Stefán Guðnason	kennari	2.- 3. bekkur
Sunna Alexandersdóttir	kennari	í barnsburðarleyfi
Svala Einarsdóttir	kennari	4.-5. bekkur
Svandís Þóroddsdóttir	skólaliði	Frístund
Særún Magnúsdóttir	kennari	6.-7.bekk
Valdís Rut Jósavinsdóttir	kennari	textílmennt
Þorsteinn Marinósson	kennari	íþróttakennsla
Þóra Ýr Sveinsdóttir	kennari	4.-5.bekkur
Þórey Sjöfn Sigurðardóttir	kennari	íþróttakennsla
Þórunn Erlingsdóttir	kennari	íþróttakennsla

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum yfir veturinn. Svava, starfsstúlka í eldhúsi, hætti störfum í vetrarbyrjun og í hennar stað var ráðin Sigríður Höskuldsdóttir. Um haustið kom Þórey Sjöfn Sigurðardóttir íþróttakennari aftur til starfa eftir barnsburðarleyfi. Sunna Alexandersdóttir umsjónarkennari fór í barnsburðarleyfi í



september, Aðalheiður Reynisdóttir iðjuþjálfari fór í barnsburðarleyfi í febrúar og var Halla Björg Davísdóttir þroskaþjálfari ráðin til að leysa hana af. Í lok skólaárs hættu Halla Óladóttir, Svala Einarsdóttir, Stefán Guðnason, Sigríður Höskuldsdóttir og Ingibjörg Ósk Hannesdóttir.

Trúnaðarmenn skólaárið 2014-2015 voru Lilja Þorkelsdóttir (KÍ) og Guðrún V. Eyvindsdóttir (Eining-Iðja). Öryggistrúnaðarmenn voru Björn Benedikt Björnsson og Stefán Guðnason.

Nemendur

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1.GBH	13	10	23	Gréta Björk Halldórsdóttir
1.GIH	13	10	23	Guðrún Inga Hannesdóttir
2/3.BB	9	10	19	Berglind Bergvinsdóttir
2/3.BBB	7	10	17	Björn Benedikt Benediktsson
2/3. KS	9	9	18	Kristín Sigurðardóttir
2/3.LÞ	10	9	19	Lilja Þorkelsdótti
2/3.SG	7	10	17	Stefán Guðnason
4/5. SE	12	9	21	Svala Einarsdóttir
4/5. SJI	10	9	19	Sigríður Jóna Ingólfssdóttir
4/5.ÞÝS	10	9	19	Þóra Ýr Sveinsdóttir
6/7. AS	14	9	23	Andri Snær Stefánsson
6/7. KS	12	11	23	Kolbrún Sigurgeirsdóttir
6/7. SM	11	13	24	Særún Magnúsdóttir
8/9/10. ASÞ	14	7	21	Atli Sveinn Þorvaldsson
8/9/10 ÁKG	11	9	20	Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
8/9/10 HÍ	6	13	19	Herdís Ívarsdóttir
8/9/10. MJM	9	10	19	Magnús Jón Magnússon
	177	167	344	

Fjármál

Fyrir fjárhagsárið 2014 voru niðurstöðutölur Naustaskóla eftirfarandi:

Lyklar	Raun 2014	Áætlun 2014	Mismunur	Notað (%)
Tekjur	- 39.479.007	- 27.905.000	11.574.007	141,48
Laun og launatengd gjöld	273.294.467	240.228.000	- 33.066.467	113,76
Vörukaup	27.982.570	25.651.000	- 2.331.570	109,09
Þjónustukaup	197.316.161	200.906.000	3.589.839	98,21
Styrkir og framlög	10.000	0	- 10.000	
Samtals:	459.124.190	438.880.000	- 20.244.190	104,61

Töluverð frávík voru frá fjárhagsáætlun en heildarniðurstaðan varð neikvæð um rúmar tuttugu milljónir eða 4,61%. Það skýrist í raun alfarið af því að launakostnaður var verulega umfram áætlun, komu þar bæði til mikil langtímaforföll s.s. í aðdraganda fæðingarorlofa og önnur veikindi, kostnaður vegna ógreiddra sumarleyfa þegar starfsmenn sneru til baka úr fæðingarorlofum, og að áætlun var ekki endurskoðuð miðað við aukinn nemenda- og starfsmannafjölda.

Samþykkt fjárhagsáætlun ársins 2015 er sem hér segir, áætlun 2014 til samanburðar:

Lyklar	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Staða eftir fyrstu 6 mánuði ársins
Tekjur	- 27.905.000	- 34.310.000	-20.307.931
Laun og launatengd gjöld	240.228.000	297.072.000	153.392.421
Vörukaup	25.651.000	27.935.000	17.084.750
Þjónustukaup	200.906.000	201.789.000	99.760.094
Styrkir og framlög	0		
Samtals:	438.880.000	492.486.000	249.929.334

Niðurstaða eftir fyrstu 6 mánuði ársins er ekki að fullu marktæk þar sem fram eru komnar hækkanir vegna kjarasamninga en eftir að endurskoða áætlun vegna þess. Varðandi vörukaupalið má nefna að búið er að fjárfesta í tölvubúnaði o.fl. sem ekki verður gert á seinni hluta ársins.

Vettvangsferðir og heimsóknir

Nemendur fóru töluvert í vettvangsferðir og fengu heimsóknir frá ýmsum aðilum. Varðandi atburði hjá einstökum námshópum vísast til skrifa kennarateymanna aftar í skýrslunni en varðandi skólann sem heild má nefna eftirfarandi:

- Komin er hefð á að nemendur í 7. bekk fari í skólabúðir að Reykjum og að nemendur í 4. bekk fari í skólabúðir í Bárðardal. Í vor var svo einnig farið í fjögurra daga útskriftarferð með 10. bekk.
- Naustaskóli tók þátt í Stóru upplestrarkeppninni og stóðu báðir fulltrúar skólans sig prýðisvel þó ekki höfum við hreppt verðlaunasæti þetta árið.
- Lególið skólans fór til keppni í Reykjavík.
- Heimsóknir bárust frá fjölmörgum skólum og öðrum aðilum á skólaárinu. Má þar nefna heimsókn frá Glerárskóla, Fjallabyggð og Dalvík, Öldutúnsskóla, Borgarhólsskóla, Hamraskóla og frá Skólastjórafélagi Vesturlands.



Skólahreystilið Naustaskóla 2014-2015

Ýmsir viðburðir í skólastarfinu

- Samverustundir voru tvískiptar og haldnar einu sinni í viku fyrir hvorn hóp, 1.-3. bekk annars vegar en 4.-7. bekk hins vegar. Hlé var gert á samverustundum fyrir unglingastig þetta skólaár.
- Böll: Haldin voru nokkur böll yfir veturinn, þar þar hæst árshátíðarball skólans.
- Kjörfundur: Nemendur 4.-10. bekkjar kusu fulltrúa í nemendaráð. Framboðsræður voru haldnar og formlegar kosningar fóru fram.
- Skólafærninámskeið fyrir foreldra nýnema var haldið í september.
- Fyrsti starfsdagur starfsfólks var helgaður hópefli fyrir starfsmannahópin og haldinn á Sigulfirði þann 12. september.
- Töframaður kom og hélt sýningu á sal fyrir 1.-7. bekk.
- Í nóvember var haldið bókavika bæði fyrir nemendur og starfsmenn.
- Þorgrímur Þráinsson kom og ræddi við nemendur 6.-10. bekkjar og var með fræðslu fyrir nemendur 10. bekkjar.
- Árshátíð skólans var haldin 20. nóvember og um morguninn héldu nemendur og starfsfólk skólans upp á 5 ára afmæli Naustaskóla á margvíslegan hátt sem síðan lauk með tónleikum Magna Ásgeirssonar þar sem ríkti mikil gleði og stemming.
- Rýmingaræfing: Brunakerfið prófað og skólinn rýmdur.
- Starfsfólk fékk fræðslu um einelti stúlkna frá Helgu Halldórsdóttur.
- Hæfileikakeppni nemenda: Komin er hefð á að árlega stendur nemendaráð fyrir hæfileikakeppni og fór hún fram í febrúar þetta árið.
- Litlujól: Litlujólin voru haldin á ñhefðbundinnò hátt með stofujólum og síðan jólatrésskemmtun, helgileik og tilheyrandi.
- Söngkeppni félagsmiðstöðvanna var haldin í sal Naustaskóla.
- Stóra upplestrarkeppnin: Nemendur í 7.bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars.
- Fulltrúar nemenda í Naustaskóla tóku þátt í Skólahreysti.
- Árshátíð skólans var haldin 14. nóvember. Á árshátíðinni voru þrjár sýningar, allir bekkir sýndu á þessum sýningum, en bekkjunum var skipt niður í sýningarhópa. Nemendum var raðað saman í þrjá hópa þannig að systkini sýndu á sömu sýningu. Á milli sýninga voru seldar kaffiveitingar. Árshátíðin tókst prýðilega og var góð mæting meðal foreldra og annarra aðstandenda nemenda.
- Opin vika: Á haustönn var opin vika í skólanum. Þá voru foreldrar og forráðamenn sérstaklega hvattir til að kíkja við í skólanum og skoða starfið.
- Skíðadagur: Þann 20. mars fóru allir nemendur skólans upp í Hlíðarfjall einn dag og renndu sér og voru svo heppnir að geta fylgst með sólmyrkva á meðan.
- Eyþór Ingi Jónsson og Lára Sóley Jóhannsdóttir héldu tónleika á sal skólans sem hétu Æfiðlan og fótstigiðñ.
- Skólabúðaferð 7. bekkjar: 7. bekkur fór í skólabúðir að Reykjum 22.- 27. mars.



- Gisting í skólanum: 6. bekkur gisti í skólanum eina nótt meðan 7. bekkur dvaldi í skólabúðum.
- Skólabúðferð 4. bekkjar. Nemendur 4. bekkjar fóru í þriggja daga ferð í skólabúðir í Bárðardal. Skipulagt og framkvæmt með fulltingi foreldra.
- Öðruvísi dagar: Nokkrum sinnum var fyrirskipuð tilbreyting í klæðaburði eða háttum, má þar nefna, ullarfatadag, rafmagnslausan dag, jólasveinahúfudag, snakk-bíó- og náttfatadag, slæman hárdag, mottudag, rugludag, bleikan dag, bláan dag, appelsínugulan dag, kynjaskiptan dag og dag íslenskrar tungu.
- Þemadagar: Tvisvar um veturinn voru þemadagar nokkra daga í senn, þar sem nemendur störfuðu í aldursblönduðum hópum. Fyrri skiptið var í desember og nefndust þeir dagar Áóláþemadagar, en hitt skiptið var síðustu daga ársins þar sem áhersla var á ýmsa útiveru og stöðvavinnu. Þemadagarnir tókust afar vel og var mikil ánægja með þá. Vorþemadagarnir fóru að stórum hluta fram innanhúss þetta vorið, sökum veðurs, fengum við inni í Íþróttahöllinni og vorum með innistöðvar í Naustaskóla.
- Nemendadagurinn: Var haldinn í fimmta sinn að þessu sinni í mars. Fulltrúar í nemendaráði skólans höfðu áður skipulagt daginn en hann fólst í því að nemendaráðið tók að mestu við stjórn skólans og stýrði skólastarfinu hjá 4.-10. bekk fyrir hádegi.
- Unicef-dagurinn: Í samstarfi við Unicef á Íslandi stóðum við fyrir viðburði þar sem nemendur hreyfðu sig gegn áheitum foreldra og söfnuðu með því fjármunum fyrir Unicef hreyfinguna. Þetta tókst afar vel og söfnuðust um 170.00 kr.
- Vorhátíð: Haldin var vegleg vorhátíð í samstarfi við Foreldrafélag og Hverfisnefnd. Vegna veðurs var dagskráin að mestu skipulögð inni í Naustaskóla, og á skólalóðinni. Boðið var upp á grillaðar pylsur, leikjastöðvar og hoppukastala á skólalóðinni en í skólanum var hægt að kaupa vöfflur með kaffinu, þar var tombóla, draugahús, leikja- og föndurstöðvar. Hátíðin gekk mjög vel þrátt fyrir kulda og rigningu.
- Vorskóli fyrir verðandi 1.bekk og foreldra

Skólatími / stundaskrár

Í vetur hófst kennsla kl. 8:10 að morgni og lauk kl. 13:00 hjá 1.-3. bekk en nokkru síðar hjá eldri bekkjunum þrjá daga í viku. Kennslustundafjöldi í hverjum árgangi var sem hér segir: Kenndar voru 30x40 mínútur í 1.-3. bekk, 33x40 mínútur í 4.-5. bekk, 35x40 mínútur í 6.-7. bekk og nemendur í 8-10. bekk voru í skólanum sem svarar 37x40 mínútum.

Stundaskrár voru annars unnar á þann hátt að stjórnendur settu upp ákveðinn ramma með íþrótt- og sundtímum og fleiri þáttum sem krefjast samhæfingar, en hvert kennarateymi fyrir sig bjó til og skipulagði stundaskrá síns hóps að öðru leyti.





Skóladagatal 2014-2015

Skýringar með skóladagatali;

- 11.-20. ágúst unnu starfsmenn að undirbúningi skólastarfsins og sóttu námskeið og fræðslufundi.
- 21. ágúst hófs skólastarfið með skólasetningu og viðtölum umsjónarkennara við foreldra og nemendur 1. bekkjar.
- Kennsla skv. stundaskrá hófst föstudaginn 22. ágúst. Kennsla hjá 1. bekk hófst 25. ágúst.
- Föstudaginn 29. ágúst var útivistardagur.
- 2. september var skólafærinámsskeið fyrir foreldra 1.bekkinga.
- Í vikunni 9.-11. september mættu foreldrar til morgunfunda með kennurum og stjórnendum þar sem starf vetrarins var kynnt.
- 17. september var aðalfundur Foreldrafélags Naustaskóla
- Samræmd próf voru í 4., 7. og 10. bekk vikuna 22.-26. september.
- Föstudagurinn 3. október var starfsdagur og þann dag var einnig haustþing BKNE haldið. Frístund var lokuð eftir hádegi.
- 6. október voru foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals við umsjónarkennara, 15-20 mínútna viðtöl. Auk þess var gert ráð fyrir samráði við foreldra og nemendur 15. og 16. Janúar og þá mættu foreldrar og nemendur í 30 mínútna viðtöl.
- Vikuna 13.-17. október var opin vika, þá voru foreldrar sérstaklega hvattir til að heimsækja skólann.
- 24.-27. október og 18.-20. febrúar var vetrarfrí.
- 20. nóvember var árshátíð skólans þar sem jafnframt var haldið upp á 5 ára afmæli stofnunarinnar.
- 19. desember voru litlu-jólin og jólafrí nemenda hófust. Kennsla að loknu jólaleyfi hófst mánudaginn 6. janúar.
- 13. mars var nemendadagurinn en það er dagur þar sem nemendaráð tekur að sér skipulag skólastarfsins.
- 28. maí var vorhátíð í samvinnu við Foreldrafélag og hverfisnefnd.
- Nokkrir dagar voru eins konar „uppákomudagar“, margir þeirra er samræmdir með leikskólanum Naustatjörn, einnig voru starfsdagar samræmdir að hluta.
- Ásmiðjuskiln voru hjá 2.-3.bekk 20. október, 6. janúar og 9. mars. Hjá 4.-7. bekk voru smiðjuskil 13. október, 1. desember, 9. febrúar og 7. apríl. Á þessum tíma urðu breytingar á smiðjuhópum hjá 2.-7. bekk þ.e. að hópar færðust á milli verkgreina.
- Möppuskiln voru þegar námsmatmöppur voru birtar foreldrum og nemendum. Möppuskilin voru u.þ.b. 6.október, 3.desember, 3.febrúar og 13.apríl. Möppudagur var síðan 5.júní en þann dag sýndu nemendur foreldrum sínum afrakstur vinnu vetrarins og völdu verkefni til varðveislu í sýnismöppum.
- Starfsdagar voru 12. september, 3. október, 5. janúar, 24. apríl og 26. maí.
- Frístund var opin alla virka daga frá skólasetningu til skólaslita, nema 12. september og 5. janúar en þá var lokað allan daginn. 3. október og 24. apríl var Frístund lokuð eftir hádegi (en þá voru undirbúningsdagar hjá starfsfólki Frístundar)

Skóladagatal Naustaskóla fyrir skólaárið 2014-2015 má sjá á næstu blaðsíðu




ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M <i>Smjókali 4.7 bekkur</i>	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M	1 F Vetrardagurinn	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ Vopendagur
3 S	3 M	3 M	3 M	3 M Möppuskil	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Félagdagurinn langi	3 S	3 M
4 M Fridagur verslunanna	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Dagur nýra námsþinga
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M Starfsdagur Fristund dæla	5 F	5 F	5 S Páskadagur	5 Þ	5 F Skólakvöld Fristund dæla eftir skólinni
6 M	6 L	6 M Möppuskil	6 F	6 L	6 Þ <i>Smjókali 2.3 bekkur</i>	6 F Dagur leikabólans Dagur stærðfræðinnar	6 F	6 M Annar dagur páska	6 M	6 L
7 F	7 S	7 Þ	7 F Rugldagur	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ <i>Smjókali 4.7 bekkur</i>	7 F	7 S
8 F Endurnámun leikara	8 M	8 M	8 L Baráttudagur þegri ættis	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M Starfsdagur
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F Rannsóknarlausn morgunnar	9 M <i>Smjókali 4.7 bekkur</i>	9 M <i>Smjókali 2.3 bekkur</i>	9 F	9 L	9 Þ Starfsdagur
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Starfsdagurinn	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M Starfsdagur
11 M Endurnámun leikara	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M Stór upplestrarkeppnin	11 L	11 M	11 F
12 Þ Endurnámun leikara	12 F	12 M	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M Endurnámun leikara	13 L	13 M <i>Smjókali 4.7 bekkur</i>	13 F	13 L	13 Þ	13 F Samur hárdagur	13 F Nemendadagurinn	13 M Möppuskil	13 M	13 L
14 F Starfsdagur	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F Upptögnardagur	14 S
15 F Starfsdagur	15 M	15 M	15 L	15 M Möppuskil	15 F Vélar dagur	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 S Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	16 F Vélar dagur	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Springidagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Vélar dagurinn
18 M Starfsdagur	18 F	18 L	18 Þ Bakavika	18 F	18 S	18 M Starfsdagur / Vetrardagur	18 M	18 L	18 M	18 F
19 Þ Starfsdagur	19 F	19 M	19 M	19 F Lúðjón	19 M	19 F Vetrardagur	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 M Starfsdagur	20 L	20 M <i>Smjókali 2.3 bekkur</i>	20 F Ársstíla	20 L	20 Þ	20 F Vetrardagur	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F Skólasetning / Væðing / Væðing í 1.b	21 S	21 Þ	21 F Snakk- og blóðdagur	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F Kennisla hafi / Væðing í 1.b	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Björklámsdagur	23 F Björklámsdagurinn	23 M	23 M 7 bekkur í skólakvöldum	23 F Starfsdagurinn fyrsti	23 L	23 Þ
24 S	24 M	24 M Starfsdagurinn	24 M	24 M Adalsteindagur / Þía	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F Fristund dæla e.h.	24 S Vélar dagurinn	24 M
25 M Kennisla hafi í 1.b	25 F	25 L	25 Þ	25 F Blóðdagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar / Þísaugurinn	25 F
26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 F Annar / Þísaugurinn	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ Starfsdagur	26 F
27 M	27 L	27 M Vetrardagurinn	27 F	27 L	27 Þ	27 F Hvítar dagur	27 F Gull dagur	27 M	27 M	27 L
28 F	28 S	28 Þ Bangavika	28 F Rauður dagur	28 S	28 M	28 L	28 L	28 F	28 F Vélar dagur	28 S
29 F Vélar dagur	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F Hvítakvöldun	29 S	29 S	29 M	29 F Græn dagur	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F Fyrirvefndagurinn	30 M	30 M	30 F Blár dagur	30 L	30 Þ
31 S	31 F	31 M Fyrirvefndagurinn	31 F	31 M Samræðingardagur	31 L	31 Þ	31 Þ	31 S	31 S	31 M

Ársstíla hafi / Væðing / Væðing í 1.b



Stjórnun og skipurit

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjórum og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Frá hausti 2014 jókst stjórnunarhlutfall við Naustaskóla og frá þeim tíma bættist við staða deildarstjóra og eru því stjórnendur skólans orðnir þrír talsins. Gengið var út frá eftirfarandi skipuriti en stjórnendur skiptu síðan með sér verkum á ýmsan hátt t.d. varðandi samskipti við og umsjón með starfsmannateyrum.



Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsveitvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almenntri velferð nemenda. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki starfar með ráðinu fulltrúi grenndarsamfélagsins og er það fulltrúi hverfisnefndar Naustahverfis. Skólaráð fundaði mánaðarlega yfir skólaárið og var stuðst við fundaplan sem birt var í starfsáætlun og stóðst það í grófum dráttum. Alls urðu fundir skólaráðs 9 talsins og voru fundargerðir birtar á heimasíðu skólans.

Í skólaráði 2014-2015 sátu Ágúst Jakobsson skólastjóri, Bryndís Björnsdóttir deildarstjóri, Aðalheiður Skúladóttir deildarstjóri, Berglind Bervinsdóttir og Valdís Rut Jósavinsdóttir fltr.kennara, Inga Vala Magnúsdóttir fltr.starfsmanna, Gísli Rúnar Magnússon fltr. hverfisnefndar, Áshildur Hlín Valtýsdóttir fltr. foreldra, Vaka Óttarsdóttir fltr. foreldra.



Teymi - fundir

Starfsmenn skólans störfuðu í teymum. Kennarar 1. bekkjar mynduðu eitt teymi, einnig kennarar og stuðningsfulltrúi í 2.-3. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 4.-5. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 6.-7. bekk og kennarar og stuðningsfulltrúi í 8.-10. bekk. Íþróttakennarar mynduðu teymi, sömuleiðis verkgreinakennarar. Þá er lítið á starfsmenn Frístundar sem eitt teymi og skólaliða sem eitt teymi.

Í vetur var tekin upp sú nýbreytni að stjórnendur funduðu vikulega með hverju teymi. Stjórnendur skiptu teymunum á milli sín og höfðu umsjón með sömu teymunum allan veturinn, einnig boðuðu stjórnendur teymismeðlimi reglulega í Áðformlegt spjalln einstaklingslega. Teymin unnu samkvæmt verklagsreglum um vinnubrögð í teymum og ætlast var til að teymi kennara fylgdu þeim á fundum. Var þar m.a. gert ráð fyrir að hvert teymi héldi þrenns konar fundi í hverri viku, skipulagsfund (skipulagning og útfærsla kennslu), nemendafund (rætt um málefni nemenda) og trúnaðarfund (rætt um teymisvinnuna, samskipti og starfsþróun. Lögð var áhersla á að stjórnendur sætu trúnaðar- og nemendafundi og gekk það eftir. Skipulögð var áætlun yfir umræðuefni vetrarins á trúnaðarfundum, kennarar voru ánægðir með aðkomu stjórnenda og töldu setu þeirra á fundum hafa skipt máli og veitt teymunum mikinn stuðning. Kennarafundir voru á þriðjudögum kl. 14.30 í 16.00. Þessir fundir voru með hefðbundnu sniði þar sem fjallað var um stefnumótandi málefni og ýmis skipulagsmál, ákvarðanir kynntar og teknar og fram fór ýmis hópvinna og samræður. Þessir fundir voru einnig nýttir í nefndarstörf. Starfsmannafundir voru á þriðjudögum kl. 14:00-14:30. Þeir hófust jafnan á hróshring þar sem starfsmenn koma á framfæri hrósi og þökkum fyrir það sem vel er gert en síðan var gengið til dagskrár sem samanstóð að mestu af ýmsum málum frá starfsmönnum sjálfum, sem þeir skráðu á dagskrá með þar til gerðu skráningarblaði sem lá frammi á kaffistofu, en einnig var fundurinn nýttur til upplýsingamiðlunar t.d. um málefni einstakra nemenda, og fræðslu um jákvæðan aga. Á þessu skólaárinu voru formlegir fundir stjórnenda með skólaliðum, vikulega á þriðjudagsmorgnum. Á fimmtudögum kl.14:00-15:00 var gert ráð fyrir ýmsum fræðslufundum skv. endurmenntunaráætlun. Þessir fundir voru m.a. nýttir fyrir ráðgjafa HA í byrjendalæsi, orð af orði og aðra fræðslu.

Nemendaráð

Nemendur í 4.-10. bekk kusu nemendaráð vetrarins á formlegum kjörfundi. Eftirtaldir nemendur voru kjörnir: Signý Rós Ólafsdóttir 10. bekk í formaður, Sýlvía Sól Guðmundsdóttir 10. bekk í varaformaður, Birgir Freyr Magnason 9. bekk, Brynjólfur Skúlason 8. bekk, Íris Orradóttir 7. bekk, Agnar Daníel Ásmundsson 6. bekk, Alex Máni Sveinsson 5. bekk og Viktor Sigurðarson 4. bekk.

Varamenn í nemendaráði voru: Indíra Jónasdóttir 10. bekk, Freyr Jónsson 9. bekk, Ólafur Anton Gunnarsson 8. bekk, Sigurður Bogi Ólafsson 7. bekk, Jóna Margrét Arnarsdóttir 6. bekk, Aron Ísak Hjálmarsson 5. bekk og Selma Sól Ómarsdóttir 4. bekk

Nemendaráð starfar skv. starfsreglum sem birtar eru í starfsáætlun skólans hverju sinni.

Nemendaráð fundaði 8 sinnum yfir veturinn og lét ýmis mál til sín taka. Má þar nefna að ráðið kom með hugmyndir að ýmsum uppákomum. Þá kom nemendaráð með ábendingar um ýmsa þætti s.s. um æskileg búnaðarkaup fyrir nemendur, breytingar á skipulagi fyrir fótboltavöll o.fl. Einnig skipulagði ráðið nemendadaginn og hæfileikakeppnina.

Kennsluskipan

Hér er að finna nokkur almenn orð varðandi kennsluskipan í skólanum en að öðru leyti er vísað í greinargerðir kennsluteyma sem finna má aftar í skýrslunni en þar má finna greinargóðar lýsingar á kennsluháttum og skipulagi hvers hóps fyrir sig þetta skólaárið.

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á *námsaðlögun* en við skilgreinum hana sem „*viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda.*”

Við höfum skilgreint nám sem „*ferli sem leiðir til breytinga á færni/hæfni og viðhorfum. Einstaklingur eða hópur uppgötvar, skynjar og tileinkar sér nýja þekkingu, viðhorf eða leikni. Það hefur í för með sér framsýni og frumkvæði um að þróa þessa þætti enn frekar. Nám byggir á fyrri reynslu, þekkingu og viðhorfum viðkomandi. Það á sér stað í samfélagi við aðra með virkri þátttöku hvers og eins.*”

Kennslu skilgreinum við þannig: „*Kennsla er ferli, athöfn eða samskipti sem ýta undir eða leiða til þess að nám eigi sér stað. Í kennslu er hægt að nota ýmis verkfæri til að stuðla að námi, s.s. samræðu, skýr markmið, viðmið um árangur, spurningar, sköpun námsumhverfis og tengingu við fyrri reynslu.*”

Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara og annars starfsfólks miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir og að kennsluaðferðir efla skilning nemenda á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að gegna hlutverkum sínum í flóknu samfélagi. Markvisst er stuðlað að því að auka sjálfstæði nemenda, samvinnu þeirra á milli og þekkingu á vinnubrögðum í samfélagi nútímans, þar með talið nýtingu upplýsingatækninnar. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur og tekið er mið af hinum sex grunnþáttum menntunar við skipulag kennslu og námsumhverfis. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennslusvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, iðjubjálfi, þroskabjálfi og skólastjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka:

a) Umsjónartími / fundir / samverustundir. Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, a.m.k. þrjá daga í viku eru gæðahringir (bekkjafundir) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, einu sinni í viku er samverustund þar sem nemendur leika og syngja saman.

b) Vinnustundir. Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu.

Mikið er byggt á aðferðunum „Byrjendalæsið og ÁOrð af orðið í kennslunni en þessar aðferðir stuðla að samþættingu námsgreina. Í eldri bekkjum vinna nemendur einnig stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara, þar er megináhersla á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúruí og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Í vinnustundum vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum. Notast er talsvert við svokallað hringekjuform í kennslunni og stöðvavinnu, en einnig er nemendum skipt upp í litla námshópa eftir viðfangsefnum og einstaklingsþörfum hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér upplýsingatækni í náminu, hvort heldur við upplýsingaleit, við ritun eða úrlausn á ýmsum verkefnum. Nemendur fá einnig tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum að eigin vali. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

c) Smíðjur. Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum „smíðjum“ þar sem kennarar með sérþekkingu á list- og verkgreinum annast kennsluna. Í smíðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt, upplýsingatækni, dansi og leikrænni tjáningu.

d) Þemavinnu. Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8./9./10., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili eru ákveðin þemu í gangi. Nokkra daga yfir veturinn eru svo tekin fyrir ákveðin þemaverkefni yfir allan skólann, þá er nemendum blandað enn meira, jafnvel öllum aldurstigum saman í vinnuhópa.

e) Íþróttir og sund. Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Nemendur í 1.-3. bekk fara tvisvar sinnum í viku í íþróttir í Íþróttahúsi Síðuskóla, en nemendur í 4.-9. bekk fara vikulega í Íþróttahús Lundarskóla. Nemendum er ekið í þessa kennslu. Að auki er svo miðað við að nemendur fái hreyfingu og þjálfun að hluta til með samþættingu námsgreina með útikennslu undir stjórn umsjónarkennara.



Valgreinar

Nemendur í 8.-10. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um 22% af námstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar voru í samstarfi við aðra skóla bæjarins. Veturinn 2014-2015 voru nemendur í eftirfarandi valgreinum:

Í Naustaskóla: Áætlun/námstækni, heimilisfræði, kvikmyndir, legó, jóga, upplýsingatækni, myndmennt, textílmennt og taubrykkt, verkleg knattspyrna og starfsnám innan skóla eða í samstarfi við Naustatjörn. Þá voru nemendur 2,5 kennslustundir á viku í áhugasviðsvali þar sem nemendur gátu sinnt sínum áhugasviðum



og dýpkað þekkingu sína og leikni á þeim sviðum sem hugur þeirra stóð til, list- og verkgreinakennarar voru til staðar í þessum tímum nemendum til aðstoðar. Í samstarfi allra grunnskóla bæjarins: Félagsmiðstöðvaval, fjármálalæsi, flugunýtingar og stangveiði, frönsku, handboltaskóli, knattspyrnuskóli, líkamsrækt, heilsurækt, leiklist, rafiðnir, raungreinar verklegt og trúðnir. Auk þess áttu nemendur þess kost að fá íþróttaiðkun, félagsstörf eða nám í sérskólum metið í stað valgreina og nýttu margir nemendur sér þann kost að einhverju marki.

Námsmat

Við formleg skil á námsmati vorið 2015 var notuð sama aðferð og árið áður þ.e. að prenta út markmiðalista úr mentor ásamt nokkuð ítarlegri almennri umsögn um nemendur. Notast var við svokallaða Námsframvindueningu í mentor en mat á hæfni nemenda fór fram jafnt og þétt allt skólaárið, við matið safnast ýmis gögn sem haldið er til haga í námsframvindueningunni en einnig í verkefnabókum í Mentor (t.d. einkunnir úr áfangakönnunum, upplýsingar um lestrarhraða o.fl). Markmiðalistarnir voru afhentir nemendum á skólaslitum nú í vor ásamt umsagnarblaði frá umsjónarkennara þar sem lögð var áhersla á að gefa hvetjandi og leiðbeinandi umsögn til nemenda. Með þessu móti var leitast við að gera foreldrum kleift að fylgjast jafnt og þétt með námsframvindu barna sinna. Námsmöppur voru einnig sendar heim reglulega yfir veturinn og virtist sú leið gefast ágætlega til að miðla upplýsingum um námsstöðu og viðfangsefni nemenda. Nú í vor var foreldrum síðan boðið að koma og skoða námsmöppur barna sinna á skólaslitadaginn. Að öðru leyti vísast til skrifna kennarateyma síðar í skýrslunni um námsmat í hverjum námshóp fyrir sig.

Mötuneyti

Sem fyrr annaðist Naustatjörn rekstur eldhússins en Naustaskóli lagði einnig til starfsmenn í eldhús. Eins og áður var gert ráð fyrir að allir nemendur myndu kaupa mat í mötuneytinu, foreldrar voru því ekki beðnir um að skrá nemendur heldur gefinn kostur á að skrá þá úr mat. Niðurstaðan þetta árið varð að um 93% nemenda voru skráðir í mötuneytið og er það aukning um fjögur prósentustig frá fyrra ári. Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 76 % nemenda þá þjónustu en það örlítill aukning frá fyrra ári.

Frístund

Að lokinni kennslu gafst 6 í 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15. Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, fönðrað, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Forstöðumaður Frístundar er Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sl. vetur voru til að byrja með tæplega 90 börn í Frístund til að byrja með en 86 mestan part vetrar.

Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn dálítið af bókum og stöku sinnum hafa borist bókagjafir frá velunnurum skólans. Anna Margrét Helgadóttir var í vetur í 50% stöðu við safnið og annaðist hún umsjón með safninu og útlán, með fulltingi Guðrúnar skólaritara.

Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn hafa með sér nána samvinnu og hafa gert með sér sérstaka samstarfsáætlun þar um. Elstu deildir leikskólans (Fífilbrekka og Sunnuhvoll) eru til húsa innan veggja Naustaskóla og deila starfssvæði með 1. bekk. Stofnanirnar samnýta eldhús/mötuneyti, húsvörður þjónar báðum skólunum, nokkurt samstarf er milli Frístundar/1. bekkjar og Fífilbrekku/Sunnuhvals, skóladagatal er samræmt að hluta o.fl. Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.

Gjafir



Skólinn fékk til varðveislu málverkið Flögrandi eftir Guðbjörgu Ringsted sem var bæjarlistamaður Akureyrar veturinn 2012-2013. Hér má sjá Eirík bæjarstjóra taka við verkinu frá Guðbjörgu.

Skólanum barst gjöf frá fjórum nemendum skólans en þar er um að ræða safn fugla sem eru til sýnis í skápum við náttúrufræðistofu skólans. Gjöfinni fylgdi skjal með svohljóðandi texta:

"Hér með er Naustaskóla fært að gjöf safn fugla sem afi okkar, Stefán Baldursson, safnaði og stoppaði upp. Tilgangur gjafarinnar er að vekja áhuga nemenda skólans um náttúru Íslands og stuðla að aukinni vitund þeirra um það fjölskrúðuga fuglalíf sem hér á landi er. Í safninu má finna 25 fugla, bæði stóra og smáa. Með kærri kveðju og von um ys og þys við fuglaskápinn, Monika Birta og Friðrika Vaka Baldvinsdætur, Atli og Baldur Ásgeirssynir"





Endurmenntunaráherslur 2014-2015

Endurmenntun starfsmanna fer fram í samræmi við endurmenntunarstefnu skólans með það að markmiði að allir starfsmenn hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta þeirra störf, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni og bæti sig þannig í starfi enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess. Þá er markmiðið að auka starfsgleði, að styrkja samstarf og sameiginlega sýn starfsmanna.

Veturinn 2014-2015 voru eftirfarandi áherslupættir lagðir til grundvallar í starfsáætlun:

Viðfang	Hópur	Markmið	Tími	Niðurstaða
Jákvæður agi	Allir	Innleiða agastefnuna Jákvæður agi á árangursríkan hátt í skólanum.	Kennara- og fræðslufundir og reglulegir fundir verkefnisstjóra með teyllum	Gekk eftir að hluta
Teymisvinna	Kennarar	Kennarar verði öruggari í vinnubrögðum í teymi og haldi áfram markvissri þróun þeirra og tileinki sér verklagsreglur og vinnulag í teyllum.	Hópefli í ágúst og september. Vikulegir fundir stjórnenda með hverju teymi.	Gekk eftir
Byrjendalæsi	Kennarar á yngri stigi	Innleiðing Byrjendalæsis haldi áfram af fullum krafti í yngri bekkjum skólans og kennsluaðferðin festist í sessi.	ágúst, eftirfylgni allan veturinn	Gekk eftir
Orð af orði	Kennarar á eldri stigi	Að kennarar í 4.-10. bekk læri að beita kennsluaðferðinni Orð af orði og hún festist í sessi.	Ráðgjöf frá HA eftir þörfum hvers teymisog samráðsfundir.	Gekk eftir að hluta
PALS	Kennarar í 2.-7. bekk	Að kennarar verði færir um að nýta PALS lestrarþjálfunaraðferðina	Eftirfylgni og samráðsfundir.	Gekk ekki eftir
Aðalnámsskrá	Allir	Að kynna nýja aðalnámsskrá og vinna að innleiðingu hennar í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA og aðra skóla bæjarins.		Gekk eftir að hluta
Að verða hluti af heild	Skólaliðar og stuðn.fltr.	Styrkja skólaliða og stuðningsfulltrúa í starfi og fræða um ýmsar fatlanir o.fl.	ágúst	Gekk eftir
Jafnréttis- og ofbeldisfræðsla	Allir	Að gera starfsmenn meðvitaða um jafnréttismál og jafnréttisstefnu skólans.	Fræðsla og umræða á starfsmannafundum á haustönn.	Gekk eftir að hluta
Námsaðlögun / námsstílar	Allir kennarar	Að samræma skilning og viðhorf kennara til námsaðlögunar og þjálfá þá í mismunandi nálgunum við kennslu. Kynning á námsstílum Dunn og Dunn ásamt hugleiðingum og hugmyndavinnu um hagnýtingu. Fræðsla og umræður um skipulag námssvæða o.fl.	Kennarafundir desember-apríl hugsanleg nýting leshringa	Gekk eftir að hluta
Náms-samfélag	Stjórnendur / allir	Unnið verði að því að skilgreina og móta námssamfélag í Naustaskóla.	Allur veturinn	Gekk eftir að hluta
Starfendarrannsóknir	Kennarar	Að styðja við markvissa starfsþróun hjá kennurum og um leið við þróun skólastarfsins	Janúar til maí	Gekk ekki eftir
Einhverfufræðsla	Allir	Starfsmenn kynnist einkennum einhverfunnar og hvernig skipulag námsumhverfis og kennslu einhverfra barna er háttað.	ágúst	Gekk eftir

Í skýrslum kennsluteyma er gerð nánari grein fyrir endurmenntun hvers hóps fyrir sig.

Jákvæður agi - gæðahringir



Uppeldisstefna skólans nefnist „Jákvæður agið. Stefnan er þróuð út frá svokallaðri „sjálfsstjórnarkenninguð, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu. Hugmyndafræðin „Jákvæður agið gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðhorf og fjórar tegundir af hæfni. Þessir hlutir eru m.a. kenndir og þjálfaðir markvisst með gæðahringum (bekkjarfundum). Viðhorfs- og hæfnipættirnir eru:

- **Sjálfstraust.** (Viðhorf nemanda: „Ég getò) Til að þróa með sér sjálfstraust þurfa nemendur öruggt andrúmsloft þar sem þeir geta prófað sig áfram með nám og hegðun án þess að felldir séu harðir dómar um velgengni eða mistök, rétt eða rangt.
- **Að tilheyra.** (Viðhorf nemanda: „Ég tilheyri og mín er þörfð). Til að öðlast tilfinningu fyrir mikilvægi í samfélaginu þurfa nemendur að upplifa að deila tilfinningum, hugsunum og hugmyndum með öðrum og að þær séu teknar alvarlega.
- **Áhrif.** (Viðhorf nemanda: „Ég hef áhrif á umhverfi mitt og lífð). Til að nemendur öðlist tilfinningu fyrir áhrifum og valdi yfir þeirra eigin lífi, þurfa þeir að upplifa umhverfi sem leggur áherslu á áreiðanleika og hvatningu.
- **Innsæi/tilfinningagreind.** Hæfni nemanda til að skilja tilfinningar og að geta notað þann skilning til að þróa sjálfsga, sjálfsstjórn og að læra af reynslunni.
- **Samskiptahæfileikar.** Hæfni nemenda til að vinna með öðrum með góðum samskiptum, skipulegri samvinnu, samningum, virkri þátttöku, hlustun og samhygð.
- **Ábyrgð.** Hæfni nemenda til að bregðast við takmörkunum og afleiðingum í daglegu lífi með ábyrgð, aðlögunarhæfni, sveigjanleika og heiðarleika.
- **Dómgreind.** Hæfni nemenda til að nýta reynslu sína og þekkingu til að meta aðstæður og aðgerðir með hliðsjón af réttu gildismati.

Gæðahringir eru grundvallaratriði í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa framangreind atriði í öruggu umhverfi. Í vetur unnu kennarar samkvæmt áætlun sem miðaði að því að þjálfar nemendur í framkvæmd gæðahringja og haldnir voru nokkrir fræðslufundir fyrir kennara og aðra starfsmenn. Aníta Jónsdóttir námsráðgjafi og verkefnisstjóri í jákvæðum aga annaðist umsjón með verkefninu.

Samskipti heimila og skóla

Eitt af meginmarkmiðum í starfi Naustaskóla er gott samstarf við foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu og námi barna sinna. Til að svo megi verða þurfa báðir aðilar að leggja nokkuð af mörkum. Lagt hefur verið upp með eftirtalda fasta liði í samstarfinu:

- Viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur snemma á skólaárinu með það í huga að setja markmið fyrir veturinn og skilgreina ábyrgð aðila. Í viðtölunum er rætt um námsleg og félagsleg markmið fyrir nemendur, ábyrgð og þátttöku foreldra, fyrirkomulag heimanáms o.fl.
- Því samkomulagi sem gert er í haustviðtölunum er fylgt eftir með nemenda- og foreldraviðtölum, þ.e. að umsjónarkennarar setjist reglulega niður með hverjum og einum nemenda, fari yfir þau markmið sem sett hafa verið og hjálpist að við að meta árangur. Þá ræða foreldrar einnig við nemendur og upplýsingum er miðlað milli heimila og skóla. Miðað er við að þetta gerist a.m.k. þrisvar sinnum yfir veturinn.



- Haldnir eru morgunfundir með foreldrum snemma í september þar sem starfið er kynnt, tilnefndir eru bekkjarfulltrúar o.fl.
- Samskipti eigi sér stað þar fyrir utan eftir þörfum, s.s. með símtölum, tölvupósti og fundum þar sem ástæða er til. Hvert umsjónarkennarateymi sendir út tölvupósta til upplýsingamiðlunar á föstudögum.
- Foreldrafélag skólans hlutast til um að til staðar séu bekkjarfulltrúar og gerð sé áætlun um félagsstarf umsjónarhópsins um veturinn. Ætlast er til að foreldrar skipti með sér verkum t.d. varðandi framkvæmd bekkjarkvölda o.fl.
- Mánaðarleg fréttabréf eru send með tölvupósti til foreldra, heimasíða er notuð til upplýsingamiðlunar, einnig dreifibréf/tölvupóstar eftir þörfum.
- Foreldrar eru velkomnir í skólann hvenær sem er og hvetjum við foreldra til að kíkja við í skólanum og fylgjast með starfinu. Við bendum t.d. á samverustundir nemenda og hvers kyns sýningar og uppákomur í einstökum árgöngum eða námshópum, en einnig er afar gott að sjá foreldra í venjulegum kennslustundum. Opnar vikur eru tvisvar yfir skólaárið þar sem foreldrar eru sérstaklega hvattir til heimsóknna.
- Sjálfboðaliðastörf foreldra eru alltaf vel þegin, hvort sem er við gangbrautavörslu, gæslu í frímínútum eða matartíma, aðstoð í kennslustundum, kynningu á atvinnu eða áhugamáli, þátttöku í ferðum o.s.frv. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara eða stjórnendur ef þeir hafa tök á að vinna slíka vinnu.
- Varðandi heimanám er gert ráð fyrir að línur séu lagðar fyrir hvern nemanda í viðtali að hausti og að heimavinna sé ætíð í samráði við forráðamenn nemenda.
- Foreldrar við skólann starfrækja Foreldrafélag Naustaskóla. Meginmarkmið félagsins er að efla samstarf milli foreldra/forráðamanna nemenda og skólans og stuðla að velferð nemenda í leik og starfi. Félagið starfar skv. sérstökum lögum en á vegum þess eru einnig valdir fulltrúar í skólaráð sem starfar með skólastjóra að stefnumótun og áætlanagerð fyrir skólann.

Fastir kynningarfundir:

- Haldnir eru kynningarfundir að vori fyrir verðandi 1. bekk og foreldra þeirra.
- Skólafærninámskeið eru haldin fyrir foreldra yngstu barnanna í ágúst.
- Kennarar og stjórnendur halda kynningarfundir fyrir foreldra í september þar sem m.a. eru kynntir starfs- og kennsluhættir, starfsáætlun skólans, fyrirkomulag námsmats o.fl..
- Skólastjórnendur bjóða foreldrum einstakra hópa/árganga til fundar einu sinni á vorönn.
- Opinn foreldrafundur er haldinn í september (aðalfundur Foreldrafélags).

Stuðst hefur verið við framangreint fyrirkomulag þetta skólaárið en í skýrslum kennsluteyma er gerð nánari grein fyrir útfærslu hjá hverjum hópi fyrir sig.

Námsgögn

Meirihluti námsgagna fyrir nemendur s.s. stílabækur o.þ.h. var keypt í magninnkaupum og foreldrar svo rukkaðir fyrir kostnaðinum. Þetta er gert til þæginda en einnig til að ná betri verðum enda nást fram verulegir magnafslættir með þessu móti. Lagt var upp með að foreldrar útveguðu þau gögn sem tilheyrja pennaveskjum nemenda í 4.-10. bekk (skrífæri og þess háttar) en skólinn útvegar öll önnur námsgögn. Haustið 2014 voru innheimtar 3.600 kr. á hvern nemanda vegna þessa.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Auk þess gegnir nemendaverndarráð hlutverki eineltisteymis í skólanum. Þurfi nemandi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Í ráðinu sitja skólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess funda reglulega með ráðinu félagsráðgjafi (fulltrúi barnaverndar), sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi frá Akureyrarbæ. Nemendaverndarráð fundaði á fimmtudögum kl. 9:00.

Ráðgjöf fjölskyldudeildar

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er veitt af skólateymi fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Í skólateyminu eru bæði sálfræðingar og sérkennarar. Þeir taka við óskum um aðstoð frá skólanum og eru foreldrar hvattir til að ræða við umsjónarkennara eða stjórnendur ef þeir hafa áhuga á að leita aðstoðar eða ráðgjafar hjá starfsfólki fjölskyldudeildar. Fundir nemendaverndarráðs koma málefnum nemenda til fjölskyldudeildar. Sérkennsluráðgjafi skólans er Elín Sigurbjörg Jónsdóttir (elins@akureyri.is) en skólasálfræðingur er Helga Vilhjálmisdóttir (helgav@akureyri.is). Tengiliður skólans við barnaverndarteymi fjölskyldudeildar er Hafdís Erla Jóhannsdóttir (hafdise@akureyri.is).

Skólahjúkrun

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur skólans fram að áramótum var Jóhanna María Oddsdóttir í 50% starfi við skólann. Föst viðvera skólahjúkrunarfræðings í skólanum var á mánudögum og þriðjudögum kl. 8:30-14:00, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 8:30-12:00.



Keppendur Naustaskóla í stóru upplestrarkeppninni 2015. Íris og Arnór Ísak kepptu en Sigurður Bogi var varamaður.

Skýrslur starfsmannahópa

Skýrsla 1. bekkjar

Haustið 2014 byrjuðu 44 börn í 1. bekk, 19 stúlkur og 25 drengir. Einn drengur og ein stúlka bættust í hópinn á haustönn. Á vorönn hætti einn drengur og annar kom í staðinn. Umsjónarkennarar 1. bekkjar voru Gréta Björk Halldórsdóttir og Guðrún Inga Hannesdóttir. Aðalheiður Reynisdóttir iðjubjálfi var stoðkennari og Birgitta Rós Laxdal stuðningsfulltrúi. Í lok janúar 2015 byrjaði Halla Björg Davíðsdóttir þroskabjálfi en hún leysti Aðalheiði af sem fór í barnseignarleyfi um miðjan febrúar.

Námsumhverfi/skipulag

Kennarar voru með 22 og 23 nemendur í umsjónarhóp. Þessi tala var aðeins á reiki þar sem einhverjir nemendur hættu og aðrir byrjuðu. Ef ástæða þótti til voru börn færð á milli hópa. Mikið var unnið í hópum sem voru þarfaskiptir, bæði í lestri og stærðfræði en þá var hópnum oft skipt í 4 hópa. Nemendahópnum var skipt í tvennt í íþróttum en í sundtímanum var hópnum skipt í 5 hópa. Tvisvar í viku fóru nemendur í hringekjur þar sem hópnum var skipt upp í 5 hópa. Annað skiptið var íslenska og hitt stærðfræði.



Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Kenndar voru 30 stundir á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn. Á morgnanna var byrjað á því að setja upp daginn myndrænt á töflu, lag vikunnar sungið, talið í 100 daga hátíðina, farið yfir dagsetninguna og hvað væri í matinn. Umsjónarkennarar voru með hópinn að frátöldum þeim tímum sem voru í höndum íþróttakennara, en nemendur

fengu tvo íþróttatíma á viku og einn sundtíma og var annar íþróttatíminn alltaf útiíþróttir. Tónmennt var kennd einu sinni í viku þar sem nemendahópnum var skipt í fjóra kynjaskipta hópa og fékk hver hópur 30 mínútur. Frímínútur voru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum 30 mínútur. Ávaxtastund fór fram á svæði nemenda og tók yfirleitt um 20 mínútur þar sem kennari las sögu á meðan krakkarnir borðuðu.

Samstarf leik- og grunnskólans var töluvert í vetur. Þar má meðal annars nefna sameiginleg húsdýraþema eftir áramót, nemendaskipti í tvígang og sameiginlegt val. Kennarar beggja skólastiganna hittust einnig reglulega og funduðu.

Kennsluhættir

Fyrsta vika skólaársins fór í að kynnst nemendum, sjá hvar þau voru stödd og leyfa þeim að fóta sig á nýjum stað.

Í fyrsta bekk er unnið samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis og er öllum námsgreinum fléttað saman í þemu. Í byrjendalæsi var unnið í hringekjum, einstalingsvinnu í umsjónahópum, sérfræðingahópum og stöðvavinnu.

Námsaðlögun

Leitast var við að mæta þörfum allra nemenda í náminu. Sum verkefni voru útbúin með fjögur þyngdarstig í huga og getu nemenda hverju sinni. Reynt var að gefa þeim börnum sem voru lengra komin í námi tækifæri til að halda eins langt og hægt var og að þeir sem eru styttra komnir í námi fengu þá aðstoð sem þeir þurftu. Markmiðið var að allir fengju námslega ögrun við hæfi og fannst okkur það ganga nokkuð vel þó lengi megi gott bæta. Lögð var áhersla á athafnamiðað nám í bland við bóklegt og sveigjanlega kennsluhætti þar sem nemendur fengu að vinna í mismunandi aðstæðum, beita mismunandi líkamsstöðum og stellingum eftir þörfum á því svæði sem í boði var hverju sinni.



Kennsluáætlanir

Kennsluáætlun er unnin út frá fyrirfram ákveðnum þemum og markmiðum.

Mat og tillögur til úrbóta

Þetta fyrirkomulag gekk vel og voru gerðar ítarlegar áætlanir tengdar hverju þema fyrir sig. Mikið var um hópaskiptingar í vetur sem gengu vel og brutu upp daginn. Nemendur voru fljótir að tileinka sér skiptingarnar. Með þessari miklu blöndun skapaðist góður bekkjarandi og góð vinátta meðal barnanna. Lítið var um námsleiða og ókyrrð hjá nemendum, mikil vinnusemi var í hópnum. Komið var til móts við þarfir alla nemenda. Stundataflan var einstaklega góð, þar sem allir dagar byrjuðu eins. Byrjað var með allan hópinn inni krók og reyndist það mjög vel.

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar voru af okkur umsjónarkennurum í fyrsta bekk eru íslenska, stærðfræði, sérgreinar, samfélagsfræði og náttúrufræði kennd í þemum og lífsleikni (Sjá nánar í annaráætlun hvað var tekið fyrir hverju sinni).

Jákvæður agi/gæðahringir

Alla morgna byrjuðum við með allan hópinn í einum krók. Þar var farið yfir daginn með börnunum og það sem framundan var. Bekkjafundir voru ekki nægilega reglulegir framan af vetri en urðu markvissari á vorönninni. Í upphafi fór sá tími eingöngu í það að mynda hring og ná ró. Síðan voru hrós tekin fyrir, bæði að hrósa hvert öðru og sjálfum sér. Ýmis málefni voru síðan tekin upp á fundunum m.a hvernig förum við í röð, Kalli krumpaði, rætt um samvinnu og ýmislegt fleira. Einnig nýttum við jákvæðan aga í starfi skólans eftir bestu getu.

Þemaverkefni

Fyrsta þema haustsins var nærumhverfið og notuðum við bókina Áasnaskólið til þess. Þar tókum við fyrir skólaumhverfið og reglur og lögðum áherslu á samvinnu og stafi. Lög vikunnar voru *Það er leikur að læra*, *Mánaðavísur*, *Það er skemmtilegast að leika sér* og *Brosa*. Þemað til 3 vikur.

Í næsta þema tókum við fyrir vináttu og einelti og unnum við með bókina um *Áýmu tröllastelpu*. Lög vikunnar voru *Æg er vinur þinn*, *Hérna koma nokkur risa tröll*. Þema tók 2 vikur.

Í þriðja þema var markmið að börnin myndu læra um ólíkar fjölskyldugerðir og til þess var bókin *Áblómlegt fjölskyldulíf* notuð. Lög vikunnar voru *Æin stór fjölskylda*, *Takk og Ég er gula blóðið*. Þemað tók 3 vikur.



Fjórtða þemað var *Disneyþema* en það var fléttað inni árshátíðina, þar sem nemendur léku *Disneypersónur*. Ýmsar *Disneybækur* voru einnig skoðaðar og lesnar á þessu tímabili. Lög vikunnar voru *Áhakuna matata* og *Ég er sko vinur þinn*. Þemað tók 3 vikur.

Á eftir *Disneyþemanu* var námsmatsvika.

Fimmta þemað var *Grýlukvæði* en þá var textinn *Grýlukvæði* eftir Jóhannes

úr *Köttlu* notaður sem gæðatexti og margt skemmtilegt unnið uppúr honum. Lög vikunnar *Áskín í rauðar skotthúfur*, *Klukkurnar dinga linga ling* og *Við óskum þér góðra jóla*. Þemað tók 3 vikur.

Sjötta þemað var *Álfapema* og var gæðatextinn *álfareiðin* notaðar, unnin voru ýmis verkefni tengd honum. Bókin *Águnnhildur og Glóinn* var lesinn. Námsmatsvika var tekin í byrjun þessa þema. Lög vikunnar *ÁStóð ég úti í tunglsljósi*, *álfareiðin* og *Komdu nú með*. Þemað stóð í 3 vikur.

Í upphafi þorrans tókum við sjöunda þemað sem var *Þorrapema* en þar var bókin *ÁKuggur og Þorralótt* notuð í byrjendalæsi. Lög vikunnar voru *ÁÞorrapræll*, tókum sitt hvort erindi á viku og hangikjötslæri. Þemað tók 3 vikur.

Áttunda þemað var *Svona* varð ég til en þá notuðum við bókina *ÁSvona* varð ég til í byrjendalæsi, í henni er útskýrt hvernig börnin verða til og unnið ýmis verkefni því tengdu. Einnig var bókin *ÁMínir einkastaðirn* lesin fyrir börnin í litlum hópum og rætt um einkastaði. Lög vikunnar *ÁÉg er furðuverk* og *Guð gaf mer eyra*. Þemað tók 2 vikur.

Í níunda þemanu sem var *Líkamaþema* tókum við fyrir bókina *ÁKomdu* og skoðaðu líkamann þar sem hún var lesin og útskýrt á einfaldan hátt hvernig líkaminn virkar. Lög vikunnar *ÁÉg heyri svo vel*, *Tilfinningarblús* og *Allir hafa eitthvað til að ganga á*. Þemað tók 3 vikur.

Tíunda þemað okkar var *Húsdýraþema*. Tekin var fyrir bókin *ÁHelgi* skoðar heiminn. Unnin voru margvísleg verkefni tengd bókinni. Húsdýravinnan var mjög skemmtileg, börnunum var skipt niður í sérfræðingahópa þar sem hver og einn hópur urðu sérfræðingar í ákveðnu dýri. Í þemanum unnum við einnig með leikskólanum í 2 daga og fengu börnin þá að gera kort úr *Helgi* skoðar heiminn auk þess sem þau gerðu sitt eigið dýr úr spítum. Farið var í vettvangsferð í Norðlenska, þar sem börnin fengu kynning á dýraafurðum. Lög vikunnar voru *ÁHani*, *krummi*, *hundur* og *vorlög*. Þemað tók 4 vikur.

Ellefta þemað var *Endurvinnsluþema* bókin *ÁRuslaskrímslið* var lesin fyrir börnin og rætt við þau um hvar ruslið lendir. Unnin voru margvísleg verkefni tengd þemanu eins og að flokka rusl í endurvinnslutunnu og fleira. Farin var vettvangsferð upp í Gámapjónustu Norðurlands þar sem krakkarnir fengu að vita hvað verður um ruslið. Einnig fórum við út í ruslatíslu og flokkuðu krakkarnir allt rusl sem þau tíndu. Lög vikunnar *Stafrófsvísan*. Síðustu 3 þemun fléttuðust saman og tóku saman 3 vikur.

Umferðarfræðsla. Í umferðaþemanum notuðum við bókina *ÁAðgát í umferðinni* en uppúr henni voru ljósrituð verkefni sem börnin unnu. Börnin fengu líka hjálmafræðslu frá hjúkrunarfræðingi skólans.

Hringrásþema. Börnin unnu sínar eigin hringrás eftir að bókin *Á Komdu* og skoðaðu hringrásirnar var lesin fyrir börnin og efni hennar rætt. Í þessu þema komu börnin með skyrdós að heiman sem þau fengu að mál og gróðursettum svo spínat í dósina.

Útikennsla

Við vorum ekki nógu dugleg að nýta okkur möguleika beinnar útikennslu í vetur, hafði veðurfar þar nokkuð um að segja.



Upplýsingatækni

Tölvurnar voru nýttar í hringekjutímum sem voru 2 í viku, annarsvegar voru því íslenskuleikir eða stærðfræðileikir. Sóttum annaðhvort leiki inn á nams.is eða farið var í Glóa eða Boga forritin. Nemendurnir nýttu einnig tölvurnar í upplýsingaleit. Eftir áramót fengum við einn iPad sem notaður var í sérkennslu.

Vettvangsferðir

Ein ferð var farin í Naustaborgir í haust á útivistardeginum, þar sem farið var í berjamó. Í desember var bekknum boðið á jólatónleika í Hof. Þá var tekinn strætó niður í miðbæ þar sem byrjað var á því að dansa í kringum jólatréið áður en haldið var í Hof. Bókasafnið í farið var með hópana í tvennu lagi, sitt hvorn daginn. Við vorum í líkamaþema á þessum tíma og var því búið að taka til fyrir okkur bækur tengdar líkamanum.

Norðlenska í Farið var í Norðlenska í apríl þegar við vorum í húsdýrþemanu. Annar hópurinn lék sér úti á meðan hinn fór inn og svo öfugt. Vel var tekið á móti okkur og fengum við leiðsögn um fyrirtækið og í lokin var okkur boðið uppá pylsu í brauði og djús. Brynja. í Farið var í Brynjuís, krakkarnir komu öll með 300kr fyrir ís. Gengið var niður í Brynju og umferðareglur ræddar á leiðinni. Þennan dag var blíðskaparverður og leikið í bakkanum fyrir ofan Brynju eftir að ísinn var borðaður.

Endurvinnslan í Farið var upp í Endurvinnslu þar sem við fengum að vita hvað verður um ruslið sem við hendum.



Uppákomur

1. bekkur var í nokkur skipti í vetur með atriði á samverustund þar sem 2.-3. bekkur horfði á. Oftast sungu nemendur okkar lög sem tengdust því þema sem var verið að vinna að. Í apríl gerðum við mjög flott video af laginu Áallir hafa eitthvað til að ganga ánn sem við sýndum á samveru.

Árshátíð skólans var haldin 20. nóvember þar sem 1. bekkur tróð upp með glæsilegt atrið sem tengt var Disneyþemanu okkar.

100 daga hátíðin var haldin með pomp og prakt í febrúar. Nemendur komu í búningum og héldum við búningaball. Börnin fengu einnig 10 tegundir af góðgæti og 10 stykki af hverju, samtals töldu þau sér 100 stykki af góðgæti og settu í kramarhús. Síðan var horft á



bíómynd á meðan góðgætinu voru gerð góð skil.

Töframaður mætti á svæðið í vetur og skemmti nemendum á sal skólans, einnig kom norskur vísindasirkus, þar sem þeir félagar Magne og Ivar sýndu nemendum margar flottar og skemmtilegar tilraunir sem voru töfrum líkastar.

Á afmælihátíð skólans, sem haldin var í desember, kom Magni tónlistarmaður

og spilaði og söng fyrir nemendahópinn.

Ævar vísindamaður kom og las uppúr bókinni sinni ÁMín eigin þjóðsaga

Nemendadagur var haldin í mars, þar var samvera á sal, þar sem nemendur og starfsfólk fóru í spurningarkeppni og haldin var hæfileikakeppni starfsfólks. Nemendur gátu svo valið um að horfa á mynd eða spila. Fótboltakeppni á milli nemenda og starfsfólks var einnig haldin á fótoltavellinum.

Útivistadagurinn var haldin 20. mars, krakkarnir mættu fyrir utan skólann og var farið með rútu upp í Hlíðarfjall. Á þessum degi var einnig sólmyrkvi og gátu krakkarnir fylgst með honum í gegnum hlífðargleraugu. Nokkrir fóru á skíði en flestir voru á sleða.

Vorhátíð skólans var haldin hátíðleg síðari hluta maí, krakkarnir komu í fylgd með foreldrum og gátu varlið um stöðvar bæði innan og utandyr, hoppkastalinn var vinsælastur.

Þemadagar voru haldnir síðustu dagana fyrir skólaslit. Þar sem veðrið var ekki gott þessa daga var ákveðið að hafa þemadagana að mestu innandyr. Fyrri dagurinn var haldin inn í skólanum þar sem krakkarnir fóru á 14 mismunandi stöðvar. Seinni daginn tókum við strætó í íþróttahöllina en þar var búið að skipta salnum niður og farið var í ýmsa leiki. Í lokin voru svo grillaðar pylsur fyrir utan höllina, við löbбуðum svo heim í lok dags.

Mat og tillögur til úrbóta

Vinna má markvissara með bekkjarfundi strax í byrjun skólaárs. Hefðum mátt fara fleiri ferðir á bókasafnið.

Námsmat

Námsmatið var gert á margvíslegan hátt, t.d með atkvæðaprófum í lestir, læsispróf var 3 yfir veturinn og einnig voru reglulega símat eða sjálfsmat.

Námsmöppur

Námsmöppur voru sendar heim með börnunum fjórum sinnum yfir skólaárið. Tvisvar fyrir áramótin og tvisvar eftir áramótin. Þau gögn sem fóru í möppurnar voru m.a. kannanir, fjölbreytt sýnishorn af verkefnavinnu nemenda tengdum þemu hverju sinni, sjálfsmat o.fl. Möppuna áttu nemendur og foreldrar að nýta sér sem samræðugrundvöll

um nám barnsins. Foreldrar höfðu alltaf kost á því að skrifa athugasemdir eða kveðju frá sér í möppuna við hver skil.

Möppuskil 6. október:

Í möppuna fór sjálfsmynd, rithandarsýnishorn, bókstafablað, saumaður stafur, umsagnarblað þar sem nemandi og foreldri fylltu út heima um skólastarfið og líðan nemanda. Mappan var skoðuð í viðtalinu og fór svo heim og var skilað aftur í skólann viku síðar.



Möppuskil 3. desember:

Í möppuna fóru fjögur Byrjendalæsisverkefni, tvö stærðfræðiverkefni og sjálfsmatsblað. Börnin fengu blað með heim þar sem þau áttu að lýsa viðhorfi sínum til námsgreina.

Möppuskil 16. febrúar

Í möppunni voru þrjú byrjendalæsisverkefni og eitt stærðfræðiverkefni

Möppuskil 16. apríl

Í möppunni var líkamabókin mín, páskaritun og lýsingarorðasaga.

Möppuskil 5. júní

Foreldrar gátu skoðað möppur barnanna sinna á skólaslitunum. Í möppunni voru verkefni tengd síðustu þemum vetrarins.

Mat og tillögur til úrbóta

Við erum ánægðar með fyrirkomulag námsmappanna í vetur og fannst þær gefa góða sýn á þróun náms hjá nemendum okkar, sem og gefa foreldrum nokkuð góða mynd að vinnulagi barna sinna. Einnig gáfu sjálfsmatsblöðin góðar og nytsamlega upplýsingar um líðan nemenda í skólanum, sem virtist almennt vera góð og þekkingu á ákveðnum viðfangsefnum og viðhorfum til námsgreina. Passa þarf sérstaklega að fylgja markmiðum eftir með námsmati.

Foreldrasamstarf

Fyrstu tvo daga skólaársins þ.e. 21.-22. ágúst voru foreldrasamtöl. Þá komu foreldrar með börnin sín í samtal við umsjónarkennara. Samtölin voru 30 mínútur að lengd. Einnig var samtalsdagur 6. október og voru samtölin 15 mínútur að lengd þá og farið yfir hvernig skólabyrjunin hefur gengið hjá nemendum. Á seinni önn skólaársins voru samtöl 15. og 16. janúar, 30 mínútur hvert samtal, þar sem farið var yfir námsframvindu nemenda og gefnar leiðbeiningar um framhaldið. Ítrekað var fyrir foreldrum að vera duglegir að óska eftir samtölum ef þeim lægi eitthvað á hjarta eða vildu nánari upplýsingar varðandi nám barnsins eða skólastarfið. Einnig voru þeir hvattir til að koma í heimsókn á skólatíma og nýttu foreldrar sér það að litlu marki. Töluvert mikið var um tölvupóstsamskipti milli foreldra og kennara og virðist sem margir nýti sér þá leið til upplýsingaöflunar og samskipta við kennara.

Í upphafi vetrar var haldið skólafærninámskeið fyrir foreldrana en einungis fjórðungur foreldra mættu. Skólastjóri leiddi námskeiðið ásamt deildarstjóra og umsjónarkennurunum. Á þessu námskeiði fengu foreldrar praktískar upplýsingar um skólastarfið, Byrjendalæsis kynningu og hvernig þeir gætu stutt við barnið sitt í skólastarfinu.



Í matsmöppum barnanna höfðu foreldrar tækifæri til að koma áliti sínu á framfæri varðandi skólastarfið. Misjafnt var hversu mikið foreldrar nýttu sér það.



Upplýsingamiðlun

Föstudagspóstarnir voru sendir til foreldra á föstudögum. Í þessum póstum var farið yfir hvernig vikan hafði gengið og gefnar upplýsingar um hvað framundan væri í starfinu. Í póstinum komu yfirmarkmið kennsluáætlananna fram sem og stiklað á stóru með þær leiðir sem við ætluðum að fara til að ná markmiðum okkar. Fram kom hvaða þætti ætti að leggja inn í stærðfærði og íslensku í hverri viku ásamt öðrum upplýsingum er tengdust skólastarfið okkar. Einnig voru sendir póstar foreldrum til áminningar um viðburði og uppbrot í skólastarfinu. Við höldum úti myndasíðu í allan vetur þar sem myndir úr skólastarfinu birtust reglulega og foreldrar gátu fylgst með vinnunni í gegnum þær og skapað umræðugrundvöll með barni sínu um viðburðina í skólanum.

Mat og tillögur til úrbóta

Við erum ánægðar með hvernig foreldrastarfinu var háttað hjá okkur í vetur. Við upplifðum að foreldrar væru flestir í góðum tengslum við okkur kennarana og að þeir væru ánægðir með upplýsingaflæðið. Þeir lýstu yfir ánægju sinni hvað varðar foreldraboðin, þökkðu okkur fyrir upplýsandi föstudagspósta o.s.frv. Næsta vetur viljum við hafa myndasíðunna á facebook og hafa skyldumætingu á skólafærninámskeiðið. Foreldrum fannst ánægjulegt að geta skoðað myndir úr skólastarfinu hjá 1. bekk á myndasíðunni okkar sem nálgast má hér:

<https://plus.google.com/photos/117671691231965686280/albums>

Nemendur

Eineltismál og agamál

Varðandi eineltismál þá teljum við að ekki hafi borið á einelti í 1. bekk í vetur. Töluvert var um stríðni að ýmsu tagi en teljum við að þeir sem lentu í þessháttar hafi verið handahófskennd fórnarlömb hverju sinni. Agamál geta aftur á móti verið flókin og reynst erfið á stundum. Við viljum þó meina að okkur hafi tekist ágætlega til með agamálin þegar á heildina er litið og gert okkar besta hvað það varðar. Reynt var að vinna úr þessháttar málum í góðri samvinnu við foreldra.

Námsárangur

Læsis prófin voru lögð fyrir 3 á vetrinum, fyrsta var í nóvember, annað í febrúar og þriðja í apríl. Þessi próf komu öll mjög vel út.

Ástundun

Ástundun nemenda var oftast góð, nokkuð var þó um að of margir nemendur kæmu ítrekað of seint í skólann á morgnana. Reynt var að bregðast við því og fá útskýringu hjá foreldrum. Oftast lagaðist stundvísi nemenda í kjölfarið en þó ekki í undantekningartilfellum. Leyfi og veikindi voru innan eðlilegra marka.

Mat og tillögur til úrbóta

Undirbúa börnin betur fyrir læsisprófin. Nemendahópurinn var stór en góður og samheldinn. Tiltölulega lítið var um agavandamál en það sem upp kom var vel leyst.

Samstarf í teyminu

Teymisfundir voru ekki haldnir á ákveðnum tíma þar sem teymið er eitt í vinnuherbergi, ekki því talin þörf á að halda ákveðna fundi þar sem daglega var hægt að ræða hvað framundan var. Á fimmtudögum kl 13:00-14:00 var farið yfir nemendamál ásamt öðru með deildarstjóra. Farið var eftir starfsreglum teymisvinnu eftir bestu getu.

Endurmenntun

Sú endurmenntun sem teymið sótti í vetur voru meðal annars:

Byrjendalæsisfræðsla á vegum Jennýjar Gunnbjörnsdóttur og Ragnheiðar Lilju Bjarnadóttur frá Háskólanum á Akureyri.

Samstarf heimilis og skóla.

Árgangafundir 1. bekkjarkennara í grunnskólum Akureyrarbæjar.

Fræðsla vegna jákvæðs aga

Numicon námskeið

Stærðfræðinámskeið hjá Hrefnu Óla.

Heimsókn í sérdeildina í Síðuskóla.

Auk þessa sóttu umsjónarkennarar Byrjendalæsisssmiðjur. Annar umsjónakennarinn fór á TEACCH námskeið í desember.

Endurmenntun á vegum skólans var nokkuð góð en við viljum sjá meiri stærðfræðinámskeið

Jafningjastuðningur/ígrundanir/starfendarannsóknir

Reyndum við eftir fremsta megni að veita hvor annarri þann stuðning sem á þurfti að halda hverju sinni og leita leiða í sameiningu að lausnum ef eitthvað mátti betur fara. Ígrundun felur í sér mat á aðstæðum sem kallar á umræður og hugleiðingar um umbætur. Ígrundun hjálpar okkur m.a. að átta okkur á eigin viðhorfum, dýpkar skilning okkar á viðfangsefnum, hjálpar okkur við að meta þarfir og greina aðstæður. Almennt ígrunduðum við starfið mikið og jafnóðum, ræddum oft fram og til baka hvað mætti gera öðruvísi, hvað hægt væri að bæta og hverju við ættum að halda inni sem reynst hefur vel. Starfendarannsóknir framkvæmdum við ekki í vetur. Höfum við trú á að allar starfendarannsóknir séu til góða og því væri ekki slæm hugmynd að einhverjir kennarar í skólanum framkvæmdu starfendarannsókn yfir skólaárið, þær gætu komið í staðinn fyrir endurmenntun að einhverju leyti.

Mat á teymisvinnunni

Við erum mjög sáttar með teymisvinnunni hjá okkur í vetur. Við unnum sem ein heild og gerðum við allar okkar besta hvað varðar vinnuframlag. Við nýttum sterkar og veikar hliðar hjá hver annarri og úthlutuðum verkefnum samkvæmt því. Mikil ígrundun í starfinu og gagnrýnin hugsun. Vorum mjög lausnamiðaðar og unnum vel úr þeim vandamálum sem upp komu. Teymisfundirnir voru nokkuð markvissir hjá okkur í allan vetur og fylgdum við vinnuskipulaginu sem lagt var upp með í þeirri vinnu í haust.

Almenn samantekt

Vetur var mjög skemmtilegur og lærdómsríkur fyrir okkur allar. Á köflum var mikil vinna við undirbúning sem við búum að næsta vetur. Við höfðum stefnu skólans að leiðaljósi í vinnu okkar og fannst okkur takast vel til. Umsjónahópnum var kennt sem einni heild og myndaðist einstaklega góður bekkjarandi og vinátta á milli nemenda. Við förum sáttar inn í sumarið eftir frábæran vetur.



Skýrsla 2.-3. bekkjar

Nemendafjöldi

2. bekkur: 49 nemendur. 25 drengir og 24 stúlkur.

3. bekkur: 41 nemandi. 17 drengir og 24 stúlkur.

Stúlkur í 2. -3. bekk samtals: 48.

Drengir í 2. -3. bekk samtals 42.

Nemendur í 2.-3. bekk samtals 90.

Kennarar

Fimm umsjónarkennarar; Berglind Bergvinsdóttir, Björn Benedikt Benediktsson, Kristín Sigurðardóttir, Lilja Þorkelsdóttir og Stefán Guðnason. Stoðkennari teymisins var Jóna Hjaltadóttir og stuðningsfulltrúi Harpa Mjöll Hermannsdóttir. Allir meðlimir teymisins voru í 100% starfshlutfalli nema Harpa Mjöll sem gegnir 75% stöðu.



á

Teymisvinnan

Byrjun vorannar hófst á því að flytja nýtt svæði og koma okkur fyrir. Þar sem teymið var að nánast öllu leyti nýtt, þar á meðal tveir nýjir starfsmenn fór töluverður tími í að setja svæðin upp, finna pláss fyrir krókana og ákveða hvernig svæðið okkar ætti að líta út.

Nokkur tími fór í að glöggva sig á

hvernig skipulag hentaði stórum nemendahóp eins og þessum og margir hlutir sem höfðu verið nokkuð einfaldir áður urðu örlítið flóknari, til dæmis að skipta í ýmsa hópa eins og íþróttahópa. Fyrstu vikurnar fóru þá einnig í að átta sig á umsjónarnemendum og hrista saman nýtt teymi. Teyminu gekk vel að tengjast og að okkar mati hefur gengið vel að nýta sterkar hliðar einstaklinganna í teyminu. Við höfum verið dugleg að tjá okkur og takast á við mál sem koma upp og reynt að Áhreinsa borðið áður en málin verða að einhverjum hnút. Við höfum verið hreinskilin á teymisfundum og fögnum aukinni aðkomu stjórnenda að þeim fundum og óskum eftir framhaldi á slíkum stuðningi. Það er þó mikilvægt að benda á að teymið þarf líka að hittast á teymisfundum án aðkomu stjórnenda svo teymið sjálft fái að hittast eitt og sér.

Teymisfundir

Teymið festi sér teymisfundi á mánudögum og miðvikudögum. Miðvikudagar voru ætlaðir sem vinnufundir þar sem áætlanir voru skoðaðar og kynntar á meðan mánudagarnir voru hugsaðir sem nemenda- og trúnaðarfundir. Deildarstjórnir Aðalheiður og Bryndís sátu marga þessa fundi með okkur. Fannst okkur mjög gott að hafa slíkt aðhald en spurðum okkur stundum að því hvort ekki væri ágætt að einhverjir fundanna færu fram þar sem einungis teymið sæti og ræddi þau mál sem brunnu þeim á hjarta. Við óskum því eftir að stjórnendur endurskoði þetta með það í huga að fundir með teyminu væru nægilega tíðir til dæmis aðra hverja viku. Við þökkum þeim gott utanumhald og góðar samræður. Berglind var ritari á teymisfundum. Föstudagspóstur skiptist á milli teymisins.

Stærðfræði

Fljótlega kom í ljós að bilið í stærðfræðinni var töluvert og skiptum við nemendum því í stærðfræðihópa. Hóparnir urðu sex talsins þar sem Jóna stoðkennari tók að sér einn hópinn. Gátum við þannig minnkað hópastærðir og komist betur yfir að miða námið að þörfum nemenda. Þá var einnig gott að hafa minni hópa þar sem svigrúm gafst á

innlögnum og endurinnlögnum. Mikil áhersla var á vinnusemi og nokkurt sjálfstæði í vinnubrögðum. Þá unnu allir hópar eftir áætlunum sem við settum inn í Sprota bækurnar. Áætlanirnar innihéldu blaðsíðutöl sem voru flokkuð eftir þeim markmiðum sem við unnum með hverju sinni. Í fyrsta hópnum var unnið með tölur frá 0-20 fram að áramótum og svo að tölum upp í 100. Í þeim næsta tölur 0-100 fram að áramótum og síðan 0-200. Í þriðja hópnum var unnið með tölur frá 0-200, fjórði hópurinn vann með tölur upp í þúsund. Hóparnir fjórir unnu með stærðfræðimarkmið á fjórða þrepi. Fjórði og fimmti hópurinn vann með einingar, tugi og þúsund auk þess sem nemendur þessara stærðfræðihópa fengust við margföldun og deilingu. Hópar fimm og sex unnu á 6. þrepi. Mismunandi nálganir voru í hópunum en að stærstu leyti voru áherslurnar á það sama og allt unnið eftir markmiðum. Nemendur voru fluttir bæði upp og niður eftir því sem við máttum. Þá vorum við dugleg að ræða framfarir nemenda og eins þá sem við höfðum áhyggjur af.

Við máttum nemendur reglulega sem gerði það að verkum að yfirsýn okkar var nokkuð góð og við vorum meðvituð um námslega stöðu Ákkanar stærðfræðihóps. Unnar voru umsagnir um hvern nemanda fyrir foreldrasamtöl og þeim gefnar greinargóðar upplýsingar um hvar þau stóðu. Í samtölunum óskuðu margir foreldrar eftir heimanámi í stærðfræði fyrir börnin sín. Okkur þykir líklegt að það hafi verið fyrst og fremst vegna þess mats sem lá fyrir og foreldrar vildu þannig styðja börnin sín í stærðfræðináminu. Eftir því sem við unnum meira í stærðfræðinni var tekin ákvörðun um að óska eftir samstarfi við heimilin um að aðstoða nemendur við að halda áætlun í stærðfræði og bækurnar sendar heim. Það var misjafnt á hvaða tímapunkti stærðfræðihóparnir gerðu þetta en allir hópar voru komnir í þetta fyrirkomulag eftir áramótin. Áhersla var á að þetta væri samvinna en ekki kvöð og flestir foreldrar tóku mjög vel í þetta og studdu börnin vel. Við myndum mæla með þessari aðferð, því það er gott að leita til foreldra með aðstoð og þetta er góð leið til þess að foreldrar átti sig á því hvað börnin eru að fást við og fá að aðstoða börnin við stærðfræðina heima fyrir. Börnin sjálf voru flest mjög jákvæð fyrir því að fá að hafa bækurnar með heim og fannst miður ef það komu tímabil sem við höldum bókunum í skólanum.

Markmið

Markmið voru metin jafn óðum og einnig endurmetin. Þá var bæði metið munnlega og með könnunum. Mikið var lagt upp úr matinu, að það væri uppfært reglulega, væri vandað og upplýsandi fyrir foreldra.

Aðkoma list- og verkgreinakennara

List- og verkgreinakennarar kenndu smiðjur tvisvar sinnum í viku, á þriðju- og fimmtudögum, tvo tíma í senn. Þeir höfðu ákveðið að kynjaskipta nemendum í smiðjum þannig að fyrst fór allur strákahópurinn og síðan allur stelpuhópurinn. Þetta gerði það að verkum að við fengum að hafa hálfan hópinn, annað kynið, á móti smiðjutímum. Með hálfan hóp og alla kennara á gólfinu fengum við mjög góðar gæðastundir með nemendum sem við nýttum á fjölbreyttan og markvissan máta. Við mælumst eindregið til að smiðjur verði áfram kynjaskiptar þar sem þær bjóða upp á enn eina fjölbreytnina í hópaskiptingu.



Stundaskrá

Stundaskráin þennan veturinn var í raun og veru eins og best verður á kosið. Við fengum að hitta nemendahópinn okkar í umsjónarkrókum á hverjum morgni. Á þriðjudögum höfðum við svo bara 2. bekk hjá okkur á meðan 3. bekkur var í útiþróttum. Þetta gerði okkur kleyft að vinna að þáttum sem mikilvægir voru 2. bekk. Á föstudögum vorum við síðan með 3. bekkinn hjá okkur á meðan 2. bekkur fór í sund. Þá var hægt að vinna með efni sem hentaði 3. bekk vel eða þurfti að vinna meira með. Þessir tímar voru okkur mjög mikilvægir þar sem við nýttum þá á fjölbreyttan hátt. Þarna gafst einnig tími fyrir ýmiskonar mat, bæði munnlegt og skriflegt auk þess sem endurinnlagnir fóru fram eða ákveðnir þættir voru þjálfaðir markvisst með mismunandi kröfum. Á miðvikudögum lauk kennslu hjá okkur klukkan 11:30 þar sem 2. bekkur fór í útiþróttir á meðan 3. bekkur fór í sund. Þessi tími varð teyminu mikilvægur til undirbúnings, funda og skipulagninga. Þessir dagar nýttust okkur líka sérlega vel sem dagar fyrir áætlanagerð auk þess sem skipulagsfundir okkar voru á miðvikudögum. Stundaskráin sjálf bauð því þegar upp á ákveðnar hópaskiptingar sem bættu á fjölbreytileika skiptinga innan hópsins. Ef við gætum valið myndi stundaskráin alltaf vera svona.

Umsjón

Umsjónarhópar voru 5 talsins. Í upphafi var gert ráð fyrir að við skiptum ábyrgðinni á krókunum á milli tveggja deilda ef svo má að orði komast til að tryggja að nægileg yfirsýn gæfist. Var þannig gert ráð fyrir að Björn og Berglind væru með sameiginlega frumábyrgð á sínum krókum og Lilja, Stefán og Kristín með sameiginlega frumábyrgð á hinum krókunum þremur. Allur gangur var á hvernig þetta gekk eftir og að lokum fannst okkur við bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendahópnum en frumábyrgðin lá hjá hverjum umsjónarkrók. Var þetta aðallega vegna þess að við rúlluðum mjög fjölbreyttum hópum, bæði í íslensku og stærðfræði sem olli því að góð yfirsýn var yfir alla nemendur. Meðlimir teymisins voru ágætlega upplýstir um námslega og félagslega stöðu barnanna og var það aðallega vegna nemendafunda sem upplýstu oft um þessa þætti. Að okkar mati fólst mjög mikil vinna í utanumhaldi um hópinn vegna stærðar hans þar sem allt starfsfólk var meira eða minna inni í öllum málum sem snertu nemendur. Einnig var mikill tími sem fór í að reyna að tryggja að allar upplýsingar, bæði nýjar og gamlar kæmust til skila til allra. Tíminn sem áætlaður var í þessa vinnu var að okkar mati alls ekki nægur og mikilvægt að átta sig á því að þegar stór hópur, bæði kennara og nemenda kemur saman þá kallar það á mikinn tíma, umræður og vinnu.

Mikill kostur var að fá nemendur í heimakróna á hverjum morgni, skapaðist við það góð festa fyrir þennan aldurshóp sem við teljum mikilvægt að haldi sér. Þar var farið yfir daginn á sjónrænan hátt, tekið spjall um daginn og veginn og góð tengsl sköpuð. Oft fóru fram stuttar innlagnir tengdar markmiðum sem unnið var með, eða leikur þar sem þau voru æfð. Að okkar mati er mjög mikilvægt að fyrstu vikur skólaársins séu nemendur nær eingöngu í heimakrókum á meðan öryggi er náð. Þegar því er náð er auðveldara að vinna í fjölbreyttari námshópum. Þessi aldurshópur þarf að finna fyrir öryggi og vita að hverju hann gengur, hvar hans athvarf er til að geta óhikað leitað þangað ef eitthvað bjátar á. Einnig er þessi tími mikilvægur umsjónarkennurum því á þessum fyrstu dögum er hægt að meta og koma auga á marga hluti sem varða nám og líðan barnanna.

Nokkuð var um að við leyfðum heimsóknir á milli króna en þá var það alltaf háð leyfi beggja umsjónarkennara og enginn móðgaðist við að fá neitun. Nokkuð var um að sömu





nemendur bæðu um þetta og var þá reynt að jafna það út svo sem flestir sem vildu fengu að prófa. Reyndist þetta ágætlega og gekk vel að mestu leyti. Lítið var um að við skiptum tímabundið um umsjón á nemendum, hugsanlega vegna þess að þau fengu að hitta félagi og vini í hringekjum, stuttum heimsóknum í króka og í stærðfræðihópum. Að okkar mati reyndist þetta form ágætlega og gaf okkur oft sýn á nemendum sem fengu að koma yfir í aðra króka.

Fyrirkomulag á svæðum

Útbúnir voru 5 krókar á svæðinu okkar. Nokkur tími fór í að meta hversu mikið svæði við þyrftum að fá. Færa þurfti tölvuver skólans en einnig fengum við að taka hluta af svæði 4. og 5. bekkjar til að koma nemendum fyrir á ásættanlegan hátt. Miðjurýmið nýttist okkur ekki fyrir nemendur svo ákveðið var að hafa þar kennslugögn og annað sem nýttist öllum nemendum. Reyndist þetta fyrirkomulag mjög vel og gott aðgengi var að ítarefni og kennslugögnum. Við samræmdum einnig á milli króka hvernig ritfanga- og litaskáparnir okkar litu út og það var mjög gott þar sem nemendur vissu hverju þeir gengu að. Við mælum með því. Lokuðu svæðin okkar voru 3 talsins. Jóna stoðkennari fékk eitt þeirra til afnota, stóra, rúmgóða stofu sem gott var að taka bæði stærri og minni hópa inn í vinnu og innlagnir í styttri og lengri tíma. Minnsta svæðið okkar skírðum við Baun. Baunin nýttist okkur ágætlega þó hún rúmaði ekki marga í einu. Þriðja lokaða rýmið hlaut nafnið Paradís og var hugsað sem afdrep fyrir börn sem hægt var að treysta í sjálfstæða vinnu og fyrir algjöran vinnufrið. Einnig var það mjög gott til að ræða og útkljá ýmis mál sem upp komu í nemendahópnum. Svæðið var í upphafi hugsað sem lestrar- og ritunarsvæði en nýttist til margra annarra hluta og nýttist mjög vel. Útbúnir voru lestrarkrókar á flestum svæðum umsjónarhópanna og mælum við með því. Þar var oft mikil gæða- og lestrarstund. Frágangur á þessum svæðum hefði stundum mátt vera betri svo mikilvægt er að kenna umgengni á slíkum svæðum frá fyrsta degi.

Nokkuð gott flæði var á svæðinu og góð blöndun að okkar mati. Við vorum þó smá stund að finna réttar leiðir og línur til að ekki yrði uppi fótur og fit þegar við blönduðum hópnum, sem hefði getað orðið raunin með hóp af þessari stærðargráðu. Við byrjuðum svolítið á því að prufukeyra flæðisvinnu, til dæmis sóknarskrift, þegar börnunum var kynjaskipt í smíðjur á móti kennslu hjá okkur. Með auknu öryggi fór þetta að verða öruggara og hvatti okkur til dæmis til að skipta í þarfaskipta hópa í stærðfræði mjög snemma. Okkur reyndist best að vinna þannig að hver kennari vann á sinni stöð í stöðvavinnu eða með ákveðið verkefni í hringekju og fá nýjan og nýjan hóp til okkar í ákveðinni rúllu. Misjafnt var hvernig við höfðum hópana, en þægilegt reyndist að hafa þá í umsjónarhópum. Stundum skiptum við þeim öðruvísi upp og þá aðallega þegar þeir voru kynjaskiptir eða í aldurshreinum hópum en þá var þægilegra viðfangs að skipta þeim í blandaðri hópa sökum minni hópa. Stundum var algjört flæði á svæðinu þar sem nemendur gengu á milli verkefna eða unnu að fyrirfram völdu verkefni, til dæmis þegar við unnum með þemað lífríki í og við sjó. Þá settum við upp stöðvar þar sem nemendur völdu sér viðfangsefni eftir áhuga og reyndist þetta mjög vel. Það var ekki síst vegna þess að þeir fengu frjálsar hendur vaðrandi úrvinnslu verkefnanna. Stærðfræðihópar voru í krók hvers kennara og án undantekninga gengu þær skiptingar mjög vel.

Íslenska

Ákveðið var að við myndum skiptast á áætlanagerð og hafa síðan kynningu á þeim og breyta og bæta í samráði við teymið. Áætlanir voru senda stjórnendum til yfirlesturs og til birtingar. Raunin varð sú að nokkrar kynningar fóru fram í flýti, stundum vegna þess að meðlimi vantaði í teymið, stundum vegna annarra þátta. Við pössuðum okkur þó á því að allir meðlimir teymisins vissu vel hvaða þætti væri verið að vinna með og hvernig. Einnig reyndum við að bjóða meðlimum teymisins að velja sér stöðvar eftir styrkleikum og

áhuga. Þannig gátum við nýtt sterkar hliðar okkar. Flest verkefni voru getuskipt og unnin eftir aðferðum Byrjendalæsis.



Verkefni voru þarfaskipt og kom fyrir að þau voru allt að því fimmskipt, allt eftir þörfum nemenda. Við vorum mjög dugleg að hafa hringekjur og stöðvavinnu og virtust þá hópastærðir nokkuð passlegar þar sem verkefni voru oftast mjög góð og nemendur á kafi í vinnu. Stundum unnu kennarar tveir og þrír saman á stöðvum sem gafst vel. Þegar gæðatextinn var lesinn upp í kynjaskiptum hópum gátum við kennarar lesið saman tveir og tveir eða tveir og þrír og varpað blaðsíðum

bókarinnar upp á skjávarpa. Var þetta frábært þegar textinn var endurlesinn til að mynda því það er eitt að sýna myndir í bók og annað að varpa þeim upp á vegg. Mikil áhersla var á að verkefni væru miðuð við þarfir allra einstaklinga í hópnum. Stundum þótti tilefni til að senda smáan hóp til Jónu stoðkennara en einnig voru allir nemendur stundum á svæðinu og Jóna til taks fyrir okkur. Gott er að hafa þennan sveigjanleika og miða þarfir nemenda við hvert viðfangsefni sem tekið er fyrir.

Við kynntum nemendur fyrir nokkrum Áhlutverkum í Byrjendalæsi þar sem Áfulltrúarí voru kynntir nemendum en þeir unnu með ákveðna hluti Byrjendalæsisins. Þá var spákonan kynnt til sögunnar en hún sér um að spá fyrir um hvað gerist í bókinni eða spá fyrir um framhald sögu. Blaðamaðurinn var kynntur til sögunnar en hann býr til spurningar úr efni sögunnar. Kúrekinn dregur saman efni sem lesið er og finnur aðalatriði úr texta. Listamaðurinn veltir fyrir sér lykt, litum, tilfinningum, hljóðum og fleiru sem við finnum fyrir þegar saga er lesin eða þegar mynd úr sögunni er skoðuð. Minnst var farið í spæjarann sem finnur erfið orð úr texta. Hugmyndin er síðan sú að hægt sé að skipta nemendum í hópa með þessi hlutverk og þannig gæti til dæmis fyrsti lestur sögu farið fram í svona hópum.

Vinnubækur voru töluvert nýttar í íslensku og þá bæði Lestrarlandið en aðallega Ritrún.

Einnig nýttum við okkur skriftarhefti og fleira í íslensku.

Mjög mikil áhersla var á yndislestur og að hann væri gæðastund. Þá fengu nemendur stundum bækur að láni á safninu en einnig vorum við með bókaskápa uppi á svæðum sem voru endurnýjaðir reglulega og oft í tengslum við ný þemu. Þessi tími var mjög jákvæður og mælumst við til að áhersla verði áfram á að þessi stund verði gæðastund og góður friður sé á þessum tíma. Þannig gátum við hlustað á nemendur lesa upphátt fyrir okkur og þau fóru smám saman að njóta góðra lestrarstunda.

Samfélags- og náttúrufræði

Íslenska, náttúrufræði og samfélagsfræði var samþætt. Þannig byrjaði haustið á því að við unnum heilmikið samvinnu- og vináttuþema. Þar unnum við með dýrin í Hálsaskógi og fléttuðum þar saman bæði samskipti og heilbrigði og hollustu. Þetta var frábær byrjun á vetrinum og þjappaði hópnum saman. Þá unnum við með trúarbrögð í október þar sem við unnum töluvert með fjölbreytileika og fordóma. Vinnan með álfa og tröll tók einnig á svipuðum þáttum og varð til þess að opna huga nemenda og víkka sjóndeildarhringinn. Við unnum þá með veðurfar, hringrásir og áhrif veðurs á okkur og umhverfið í víðum skilningi. Unnið var með bókina Vinur minn vindurinn í þeirri áætlun í staðinn fyrir Skýjabókina. Í lok vetrar unnum við síðan með bæði lífríki í sjó og lífverur. Í þemanu

lífríki í sjó unnum við með fjölbreytta fræðitexta en einnig bókina Gummi fer á sjó með afa. Gengu þessi þemu öll mjög vel.

Námsmat

Frekar fjölbreytt námsmat átti sér stað og algengt var að mörg markmiðanna væru endurmetin reglulega. Einnig vorum við dugleg að haka jafn óðum við markmiðin. Fjórum sinnum voru lögð fyrir atkvæðapróf (hraðlestrarpróf). Einnig lögðum við fyrir bæði Læsispróf fyrir 2. bekk og prófið Orðrún, sem er lesskilningspróf, fyrir 3. bekk. Þennan vetur notuðum við stafsetningarpróf töluvert og lögðum áherslu á réttitun reglulega. Stundum máttum við ákveðin markmið þegar við höfðum annan árganginn hjá okkur og nýttum við þá alla kennara sem voru með þann hóp í umsjón þá. Börnin tóku vinakönnun sem kom ágætlega út og gaf okkur góða sýn á félagslega stöðu nemenda. Einnig voru reglulega gerðar kannanir í stærðfræði. Námsmarkmið voru síðan metin bæði munn- og skriflega, bæði í íslensku og stærðfræði, allt eftir þörfum og tegund markmiða. Þannig gátum við skilað mjög góðu mati frá okkur, bæði í foreldrasamtölum í janúar og í lok skólaárs.



Skýrsla stoðkennara

Stoðkennari var með hóp nemenda sem voru komnir mjög stutt á leið í stærðfræði og hitti hann að meðaltali 5x í viku. Þetta voru 11 nemendur, bæði úr 2. og 3. bekk. Unnið var út frá markmiðum á 2. og 4. þrepi. Til að byrja með var nær eingöngu unnið með tölur og talnaskilning frá 0 í 20. Upp úr miðri vorönn var unnið með stærri tölur eða upp í 100. Nemendur voru færðir milli hópa eftir þörfum.

Unnið var með Cat í kassann með nokkrum nemendum þar sem farið var í æskilega hegðun og líðan nemenda. Þá kom stoðkennari að nokkrum nemendum varðandi lestur, lesskilning og félagsfærnisögur. Þegar ekki voru ákveðnir nemendur sem stoðkennari var að sinna þá reyndi hann að vera sýnilegur á svæðinu þannig að umsjónarkennarar nytu góðs af. Því miður þá komum við okkur ekki upp neinu ákveðnu Áskilaformið frá stoðkennara til umsjónarkennara en hægt er að segja að stoðkennari hafi Áskilaðð nemendum af sér á hlaupum og stundum á nemendafundum. Ákveðið var á teymisfundi að þetta yrði bætt og málinu fundinn góður farvegur sem allir voru sáttir við innan teymisins.

Markmið

Þar sem 2. og 3. bekkur vinnur að sömu markmiðum í íslensku reyndist okkur nokkuð auðvelt að vinna með sömu markmið. Það gaf okkur færi á að fara mis djúpt í þau og vinna oft með sum þeirra sem þörfuðust endurtekningar. Áhersla var lögð á að meta stöðu nemenda snemma. Þó nokkrir nemendur voru með lestrarbækur sem að okkar mati voru ekki tilbúnir til þess. Við bökkuðum óhikað með þá nemendur sem skorti grunn eða þjálfun, hvort sem var í stærðfræði eða íslensku. Nokkrir nemendur voru að vinna á tveimur þrepum, bæði uppfyrir sig og niður þó aðaláherslan væri á að reyna að meta þá eftir Áréttum þrepum.

Áhugasvið

Við unnum ekki mikið með áhugasviðið á frjálsan hátt nema þá sem umbun í lok verkefna. Við vorum þó með nokkur stýrð áhugasviðsverkefni þar sem nemendur höfðu val á milli nokkurra viðfangsefna. Úrvinnsla eins slíks verkefnis var þó alveg frjáls hjá nemendum og útkoman þar var mjög góð. Við erum þó dugleg að hlusta á nemendur og margir þeirra víðra hugmyndir sínar að úrvinnslu verkefna sem þeir fá að gera. Við reynum að hvetja til þess að þeir temji sér sjálfstæði í vinnubrögðum og víðri hugmyndir sínar. Við sjáum fyrir okkur að opna að einhverju leyti meira fyrir áhugastýrð verkefni og erum spennt að reyna.



Heimanám

Sem fyrr segir fengu nemendur allra stærðfræðihópa bækur með sér heim til að vinna í en áhersla var á að það væri val hvers og eins og engin kvöð að vinna í þeim. Við óskuðum eftir samstarfi við foreldra og flestir tóku vel í það og unnu vel.

Aðaláherslan var sem fyrr á að nemendur læsu heima, helst daglega eða að lágmarki 5 sinnum í viku. Mjög misjafnt var hvernig þessu var fylgt eftir en við skráðum niðurstöður hvers mánaðar með því að telja skiptin og höfðum það að umræðuefni í foreldrasamtölum í janúar. Þá minntum við á mikilvægi heimalestrar og fórum yfir hvernig hver og einn hafði staðið sig í honum það sem af var vetri. Verður það því viðfangsefni næsta skólaárs, að virkja alla í þessum efnum. Með heimalestrinum fóru nokkrum sinnum heim rétritunarblöð þar sem foreldrar völdu nokkur orð úr heimalestrartextanum til að lesa upphátt heima og börnin skrifuðu þau niður. Síðan voru orðin skoðuð og leiðrétt ef þörf var á. Gaf þetta góða raun.

Gæðahringir

Gæðahringir voru að jafnaði tvisvar sinnum í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum. Reynt var að samræma efnið sem tekið var fyrir og gekk það ágætlega. Sannast sagna dölðu gæðahringir undir lokin og voru ekki haldnir nema einu sinni í viku síðustu vikur skólaársins. Við vorum mjög dugleg að grípa efni úr daglega lífinu, til dæmis tókum við mjög markvissa vinnu varðandi framkomu í frímínútum og framkomu gagnvart öðrum að gefnu tilefni. Kennarar fengu handbók um jákvæðan aga í hendurnar og vel hægt að ímynda sér að utanumhald varðandi gæðahringi verði betra og markvissara, meðal annars með henni. Reynt var að hlusta á nemendur sem báru upp mál við okkur og einnig ef athugasemdir bárust okkur frá foreldrum.

Námsmöppur

Í matsmöppuna fóru verkefni sem ætlað var að senda heim og sýna þversnið af vinnu nemenda og/eða markmiðum sem unnið hafði verið með á tímabilinu. Áhersla var á að verkefni þessi væru bæði íslensku- og stærðfræðitengd auk þess sem líðankönnun var send einu sinni heim. Matsmöppur fóru fjórum sinnum heim og heimtur á þeim aftur í hús voru ágæt. Áhersla var á að verkefnin sem við settum í möppuna væru fjölbreytt og gæfu góða mynd af þróun nemenda. Lagt var upp að skýr markmið væru með hverju verkefni og oftast var vitað vel fram í tímann hvaða verkefni væri hugsað fyrir matsmöppurnar.

Í sýnismöppur nemenda fóru hefðbundin verkefni eins og rithandarsýnishorn, sjálfsmynd að hausti og vori, talnaskrift og svona skrifa ég nafnið mitt. Þá völdu nemendur í samráði við foreldra nokkur verkefni í möppuna úr matsmöppu á skólaslitadaginn. Reyndist þetta ágætlega og skapaðist þarna góður grundvöllur fyrir foreldra og börn að ræða verkefnin sín og spjalla um skólann.



Ferðir

Nokkrar ferðir voru farnar á skólaárinu. Á útivistardaginn sem hafði verið frestað í nokkurn tíma var farið í Hlíðarfjall þar sem við fengum meðal annars að líta sólmyrkvann augum. Einnig fórum við nokkrum sinnum í ferðir í Naustaborgir þar sem við unnum meðal annars útistærðfræðiverkefni og áttum góðar stundir saman. Í desember var ætlunin að fara með alla nemendur á Bautann í kakó og kleinu en einungis komst helmingur í þá ferð vegna óveðurs og ófærðar sem varð þess valdandi að strætó komst ekki leiðar sinnar. Helmingurinn af hópnum fór í ferðina en hinn helmingurinn fór í skólann aftur og fékk kakó og kleinu þar. Í tengslum við lífverur fórum við í vettvangsferð í Krossanesborgir sem gekk vel þó nokkrir dýfðu sér ansi hressilega í tjörnina. Við fórum einnig í ferð á Listasafnið þar sem við fengum meðal annars að líta á verk barna í skólum bæjarins, þar á meðal nemenda í Naustaskóla en það verk hafði hlotið mikið lof. Á sama tíma fengum við fræðslu frá Hlyni Hallssyni sem var skemmtileg og fræðandi. Ferðirnar voru flestar farnar með allan nemendahópinn sem krafðist mikillar skipulagningar vegna stærðar hópsins. Við komumst þó að því að hægt var að ferðast með allan hópinn í strætó svo lengi sem við vorum nánast fyrsti viðkomustaður hans þar sem við fylltum þann vagn sem kom. Þá er mikilvægt að láta vita af stórum hóp svo strætó geti gert ráð fyrir því að senda stóran vagn þegar svo ber undir. Í tengslum við fiskiþema fórum við, í kynjaskiptum hópum, í vettvangsferð í fiskbúð hverfisins og gekk sú ferð mjög vel og mældist vel fyrir. Hún var einföld í framkvæmd og skilaði miklu enda börnin áhugasöm um fisk þó lyktin mældist misvel fyrir. Við sendum greinargóðar upplýsingar fyrir ferðirnar en allur gangur var þó á því hvernig börnin voru útbúin fyrir sumar ferðirnar og því mikilvægt að huga að því hvernig hægt sé að koma þessum skilaboðum skýrt áleiðis.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf fór bæði fram í gegnum tölvupóst, vikupósta og fundi. Nokkuð var um að foreldrar óskuðu eftir fundum og þá bæði vegna náms- og félagslegra þátta. Einnig óskuðum við nokkrum sinnum eftir fundum og þá stundum vegna mætinga. Fundir gengu vel á báða bóga og mikilvægt að muna að allt svona spjall skilar sér margfalt. Einnig voru samskipti í gegnum tölvupóst mjög mikilvæg og góð. Foreldrar voru upplýstir um hverja viku fyrir sig í svo kölluðum föstudagspóstum sem greindu frá hvað væri í gangi hér í skólanum, hvaða markmiðum væri unnið, ferðir sem voru farnar, uppbrotsdaga og ef við þurftum að kalla eftir einhverju frá foreldrum. Misjafnt virtist vera hversu virkir foreldrar voru að lesa föstudagspóstinn okkar og mikilvægt að íhuga hvernig við getum hvatt til þess. Stundum veltum við því fyrir okkur hvort flæði á tölvupóstum sé of mikið til foreldra úr öllum áttum og þetta verði hreinlega undir í pósthólfinu. Einnig er spurning um að við prentum föstudagspóstinn út og kynnum í krókum hvað við skrifuðum og hvað er framundan í hverri viku.

Foreldrasamstarf gekk almennt vel og teljum við okkur hafa verið bæði fagleg og skýr í okkar samskiptum við þá. Einnig var ánægjulegt að sjá hversu miklu heimavinnan í stærðfræði virðist hafa skilað að því leyti að foreldrar voru vel upplýstir um hvaða viðfangsefni þau voru að fást við í stærðfræði og hvaða þætti þau þurftu að vinna betur með. Þá leituðu foreldrar óhikaðra til okkar í leit að aukaefni eða til skrafs og ráðagerða. Sá þáttur sem vinna þarf vel að næsta vetur er ástundun nemenda þar sem hún var stundum langt frá því að vera ásættanleg. Þá virtust samtöl og fundir við foreldra hvað þennan þátt varðar skila misjöfnum árangri. Mikilvægt er að nemendur temji sér stundvísi og þar sem foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum er mikilvægt að þeir séu meðvitaðir um mikilvægi hennar. Þegar skóli hefst er farið yfir mikilvæga hluti eins og skipulag dagsins og því missa þeir af mikilvægum skilaboðum sem getur skilað sér í ööryggi. Mikilvægt er



að glöggva foreldra á því að innan skólans hafi reglur varðandi seinkomur verið samræmdar og viðurlög við seinkomum séu markvissari en áður.

Samantekt á teymisvinnu

Teyminu tókst að halda ramma utan um fundi eins og til var ætlast og verklagsreglur gerðu ráð fyrir þó féllu einstaka fundir niður eins og gengur og gerist. Töluvert álag var á teyminu vegna forfalla, bæði vegna veikinda og leyfa en rétt er að nefna að stjórnendur eiga hrós og þakkir skilið fyrir að vera duglegir að útvega afleysingar. Þar sem tveir nýjir kennarar hófu störf um haustið auk þess sem teymið hafði aldrei starfað saman áður sem heild gekk okkur ótrúlega vel að ná saman um flesta þætti. Töluverður tími fór í að kynnst og læra inn á hvert annað en okkar mat er að sem teymi höfum við náð góðu flugi saman. Eins og gengur og gerist í stórum teymum tók þetta tíma og kannski enn meiri vegna þess að við vorum öll að fóta okkur og aðlaga að nýjum aðstæðum og töluvert stærri hóp en við vorum vön. Mikil ígrundun fór fram og við vorum dugleg að ræða opinskátt um mál, leita ráða og ræða líðan. Aðkoma og stuðningur stjórnenda var mjög góður og viljum við þakka þeim vel unnin störf og góðar ráðleggingar. Þegar teymið hafði náð ákveðnu öryggi og við fórum að þekkja hvert annað betur gengu hlutirnir enn betur. Vissulega komu álagspunktur, til dæmis í kringum möppuskil og þegar mat var á fullu en við höldum alltaf góðri starfsgleði og góðum anda á meðal okkar. Gott var að geta leitað til teymismeðlima með ýmis mál og í stóru teymi eins og okkar er mikla reynsla og hugmyndaauðgi að finna. Mikil áhersla var á að ræða þau mál sem upp komu hverju sinni til að hreinsa andrúmsloftið og áður en málin undu upp á sig. Aðkoma stjórnenda að þessum þætti var góð þar sem umræður á teymisfundum snéru oft að okkar líðan eða þáttum sem gott var að ræða almennt í teyminu. Þetta skilaði því að við fengum enn meiri sýn á skoðanir hvers annars og gátum á markvissari hátt numið líðan teymismeðlima.

Þemu

Hér á eftir fer yfirlit yfir það hvað unnið var með í hverjum mánuði og það námsmat sem fram fór. Náttúru- og samfélagsfræði var samþætt í öllum þemum og í raun einnig í starfinu öllu þar sem unnið er með svo fjölbreytta þætti og verkefni í tengslum við jákvæðan aga.

Ágúst/September. Í íslensku var unnið með lestur, ritun og stafagerð. Áherslan var á að hafa bil á milli orða, skriftaráttina og vandvirkni. Unnið var með sérnöfn, samnöfn og hugtakakort. Einnig unnið með p,b,d. Bækur sem teknar voru fyrir voru: Dýrin í Hálsaskógi, bæði bók og hljóðdiskur. Samvinnuþema hófst þar sem unnið var með vináttu og samskipti. Unnið var að mestu leyti í heimakrókum fyrstu vikunnar á meðan við bjuggum til vináttutré og unnum með vináttuna á marga vegu. Einnig lögðum við áherslu á samskipti, samvinnu og virðingu þessa fyrstu daga. Samskiptareglur voru æfðar, hlusta, skiptast á, fara eftir fyrirmælum og að tjá sig fyrir framan hóp.

Námsmat: Nemendur gerðu rithandar- og talnaskriftarsýnishorn og sjálfsmynd að hausti. Í stærðfræði var unnið með tölur og talnaskilning, samlagningu og frádrátt, sléttar tölur og oddatölur. Áhersla var á að nemendur nýttu sér hjálpargögn. Atkvæðapróf. Einnig símat á Mentor á markmiðum. Jákvæður agi: Bekkjarsáttmáli var gerður, fundið var nafn á króka á lýðræðislegan hátt, við mynduðum hring og æfðum það.

Október. Íslenska: Unnið var með lestur, ritun og stafagerð. Einnig unnið með stafrófið, tvöfalda samhljóða, lestrarmerki, andheiti og samheiti. Einnig unnið áfram með skrift, stóran staf, bil á milli orða og punkt. Farið var í heljarinnar trúarbragðapema þar sem unnið var út frá bókinni Trúarbrögðin okkar. Trúarbrögðin voru kynnt nemendum eitt og eitt í einu, þau rædd og helstu atriðin tekin saman. Að lokum fengu nemendur að velja sér

trúarbragð að eigin vali til að dýpka sig í og útbú kynningu á. Þessi vinna var mjög skemmtileg og börnin dugleg og jákvæð gagnvart henni.

Námsmat: Orðrún 1. próf, 3.bekkur. Stafróf, andheiti og samheiti, tvöfaldur samhljóði. Einnig símat á Mentor á markmiðum. Stærðfræði: Tölur og talnaskilningur, samlagning og frádráttur, sléttar- og oddatölur, tugur, eining.Jákvæður agi: Fjölbreytileikinn, virðing, samskipti, samvinna, sjálfsstjórn. Við ákváðum, mynda hring.

Nóvember. Íslenska: Unnið með bókina Gralli gormur og dýrin í Afríku í tengslum við árshátíðarþema um heimsálfurnar. Okkur var úthlutað Afríku. Farið í Afríku þema og æft fyrir árshátíð. Töluverð vinna var við að æfa þennan stóra hóp og skipta honum á 3 sýningar en það hafðist með því að keyra stöðvar á móti. Æfingar gengu mjög vel og nemendur voru áhugasamir í vinnunni og spenntir fyrir sýningunni. Markmiðin sem unnið var með samhliða bókinni voru stafróf, lestur og ritun, tvöfaldir samhljóðar, sérnöfn, samnöfn, andheiti og samheiti. Aðalmarkmiðin tengdust þó vissulega því að koma fram á sviðinu á sýningunni.Stærðfræði: Tölur og talnaskilningur, hjálpargögn, samlagning og frádráttur. Nemendur sem lengst voru komnir fóru að æfa sig í að taka til láns og geyma. Peningar, tvöfaldur og helmingur.Jákvæður agi: Ég boð, samskipti, samvinna, hvatning. Námsmat: Nemendur 2. bekkjar þreyttu Læsispróf. Einnig símat á Mentor á markmiðum.

Desember.Íslenska: Unnið út frá bókinni Tíu litlir jólasveinar. Áhersla á rím. Einnig unnið með ritun, málsgrein, skrift, stóran staf, bil og punkt.

Stærðfræði: Tölur og talnaskilningur, hjálpargögn, samlagning og frádráttur. Nemendur sem lengst voru komnir æfðu sig í að taka til láns og geyma og námunda að tug og hundraði. Einnig unnið með peninga. Námsmat: Atkvæðapróf. Einnig símat á Mentor á markmiðum.Jákvæður agi: Ég boð, samskipti, samvinna, hvatning.

Janúar Viðtalsdagar voru 15. og 16. janúar svo mikið mat fór fram áður en þeir runnu upp. Hakað var við markmið inn á Mentor auk þess sem hver og einn útbjó umsagnir um stærðfræðihópinn. Áhersla var á að spyrja og svara spurningum, spá fyrir um framhald og einnig var unnið með ng- og nk orð. Þá var einnig unnið með stafsetningaræfingar sem gaf góða raun. Stuttlega farið í samsett orð og mikil áhersla á ritun. Unnið var mikið álfa- og tröllapema þar sem unnið var bæði með bókina Fólkið í steinum og Myrkfælna trölilið. Stærðfræði: Tölur og gröf, andhverfar aðgerðir, margföldun og deiling..

Námsmat: Hakað við markmið í Mentor og stafrófið. Einnig símat á Mentor á markmiðum.Jákvæður agi: Rútínur, fjölbreytileikinn og ýmsar æfingar.

Febrúar. Íslenska: Bókin Myrkfælna trölilið áfram og álfa- og tröllapema klárað. Veðurfar varð nýtt þema þar sem unnið var með bókina Vinur minn vindurinn. Frábær tími til að taka veðurþema og unnið með andheiti og samheiti, sér- og samnöfn, stafróf og setningar.Stærðfræði: Klukkan, mælingar, form og rúmfræði, mælingar og vigtun.

Námsmat: Atkvæðapróf, Læsi fyrir 2. bekk. Einnig símat á Mentor á markmiðum.

Jákvæður agi: Hrós og þakkir, lausnaleit, rútinur, sjálfsstjórn.

Mars. Unnið áfram með veðurfar og ský, fjölbreytt verkefni unnin í tengslum við það, stuðst við fræðitexta og bókina Vinur minn vindurinn. Áhersla á að Word kennslu, ritun, tvöfaldan samhljóða, orðaforða, andheiti, samheiti, sérnöfn, samnöfn og fleira. Hafist handa við lífríki í sjó þema og unnið með bókina Gummi fer á veiðar með afa auk annarra fræðitexta um fiska, sjó og fleira tengt lífríki í sjó. Unnið áfram með sömu markmið.

Stærðfræði: Rúmfræði, form, mynstur og speglun. Námsmat: Orðrún, 3. bekkur. Einnig símat á Mentor á markmiðum.

Apríl. Íslenska: Áframhaldandi vinna með þemað um lífríki í sjó og sömu þætti og fyrr. Mikil sköpun í gangi þar sem nemendur réðu úrvinnslu á valverkefnum um sinn fisk eða sitt dýr sem endaði með kynningum nemenda.

Stærðfræði: Endurinnlagnir og mat. Jákvæður agi: Fjölbreytileikinn, tilfinningar og lausnahjólið.Námsmat: Símat á Mentor á markmiðum.



Maí. Íslenska: Unnið með lífverur og þema tengt þeim. Mikil kláruvinna, námsmat, endurinnlagnir og mat.

Námsmat: Atkvæðapróf, ritun, sjálfsmynd að vori og skriftarsýnishorn, bæði tölustafir og bókstafir að vori. Læsisprófið Lesmál lagt fyrir 2. bekk. Lokamat á Mentor markmiðum.

Stærðfræði: Upprifjun, námsmat.

Skýrsla 4.- 5. bekkjar

Teymi 4.-5. bekkjar

Alexander Gunnarsson stuðningsfulltrúi

Ingibjörg Ósk Hannesdóttir stuðningsfulltrúi

Þóra Ýr Sveinsdóttir umsjónarkennari

Sigríður Jóna Ingólfssdóttir umsjónarkennari

Svala Einarsdóttir umsjónarkennari

Hafðís Björg Bjarnadóttir stoðkennari og þroskaþjálfari

Námsumhverfi - skipulag og námsgreinar

Í vetur voru 56 nemendur í 4.-5. bekk við upphaf skólaársins en 58 nú í vor. Það voru 19 strákar og 12 stelpur í 4. bekk og 13 strákar og 14 stelpur í 5. bekk. Við vorum sex í teyminu, þrír umsjónarkennarar, stoðkennari og tveir stuðningsfulltrúa. Hópnum var skipt í þrjá umsjónarhópa og var nokkuð jafn nemendafjöldi í hópnum. Við unnum þó nokkuð í umsjónarhópum en nemendum var skipt í fleiri hópa í vinnu, s.s. kynjaskipta hópa í smíðjum, mjög breytilega árgangablandaða þemahópa, getuskipta hópa í stærðfræði, árgangaskipt í ensku og íþrótt- og sundhópa.

Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Alla daga byrjuðum við í umsjónarhópum þar sem gert var nafnakall og spjallað saman um málefni líðandi stundar. Þrjá daga í viku voru gæðahringir. Síðan var vinnulota í klukkustund og svo nestisstund og lestur í 15 mínútur fyrir frímínútur. Eftir frímínútur var 100 mínútna lota og svo matur. Eftir mat voru ýmist 40 eða 80 mínútna lotur. Stundaskráin var mjög breytileg hjá okkur yfir veturinn og stýrðist hún helst af þeim verkefnum sem við vorum að vinna að hverju sinni. Við byrjuðum haustið á Víkingaþema sem við unnum í út október. Í nóvember unnum við byrjendalæsisvinnu með nokkrar bækur sem tengdust vináttu og samkennd. Desembermánuður einkenndist af æfingum fyrir litlu jólin. Eftir áramótin vorum við með Íslands og jarðfræðiþema sem endaði með foreldrasýningu fyrir páskafrí. Eftir páska tókum við 2 vikna tilraunaþema með áherslu á rafmagn og segla. Veturinn endaði svo á upplestrarhátíð og fuglaþema.

Kennsluhættir

Við teljum að vinnulag og kennsluhættir hafi verið fjölbreyttir í vetur.

Í stærðfræði unnum við eftir markmiðum og krakkarnir fengu áætlun í hendurnar og unnu samkvæmt henni. Einu sinni í viku settist kennari niður með nemanda og áætlaði vinnu vikunnar í stærðfræðinni. Við unnum í þarfaskiptum hópum í stærðfræðinni þrisvar í viku og endurskoðuðum hópana mjög reglulega. Annað slagið var unnið í umsjónarhópum í stærðfræðinni en einu sinni í viku vorum við með ýmisskonar stærðfræðiþrautir sem voru unnar í umsjónarhópum. Stór hluti nemenda í 5. bekk og nokkrir nemendur í 4. bekk kláruðu námsefni vetrarins í mars og ákváðum við því að búa til hóp sem vann dýpra að



markmiðum vetrarins. Í náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingamennt og íslensku vorum við með samþætt þemaverkefni sem byggðust að langmestu leyti á byrjendalæsi, orði af orði og söguaðferðinni. Þemavinnan var mjög fjölbreytt, m.a. paravinna, hópavinna, einstaklingsvinna, sérfræðingahópar, námsleikir, leikræn tjáning og vettvangsferðir.

Enskukennsla var kennd í lotum, ein lota var kennd fyrir áramót og tvær eftir áramót. Hópnum var skipt í þrjá hópa 4. bekkur, 5. bekkur og svo var hópur sem var blandaður úr báðum árgöngum, nemendum sem lengra eru komnir í ensku. Hjá 4. bekk var lögð áhersla á orðaforða og ávallt voru stuttar innlagnir og svo verkefnavinna. Fyrirkomulag var svipað í 5. bekk en þar var lögð áhersla á hlustun og verkefnavinna. Hópurinn sem var komin lengra í ensku vann sjálfstætt í orðaforðaverkefnum, ritun og lestri.

Við vorum með bekkjarfundi þrisvar sinnum í viku, oftast nær í umsjónarhópum. Farið var yfir verkefni jákvæðs aga, hróshringi og umræður um líðandi stundu ásamt umræðum um hegðun, kurteisi, samskipti og virðingu.

Áætlun/áform- hvernig voru þær notaðar/hvernig nýttust þær

Í hverri viku áætluðum við í stærðfræði með öllum nemendum. Tíminn sem við notuðum í það voru þriðjudagar og fimmtudagar. Eftir hádegi á þriðjudögum var 5. bekkur í íþróttum og þá áætluðum við með 4. bekk og eftir hádegi á fimmtudögum var 4. bekkur í íþróttum og þá áætluðum við með 5. bekk. Tíminn var einnig nýttur í gott spjall um námið og líðan við nemendur þar sem að hver kennari var með sína umsjónarnemendur og einungis ca. 8- 10 nemendur í einu. Þetta kerfi reyndist mjög vel og auðvelt var að fylgjast með framvindu nemendanna í stærðfræði.

Námsaðlögun/skipulag hennar /hvaða leiðir voru farnar?

Í stærðfræði unnu nemendur eftir markmiðum skólans en hver og einn vann á því þrepi sem hentaði. Við vorum líka með þarfaskipta hópa í stærðfræði þar sem við gátum unnið með misjafnar áherslur eftir því hvað hentaði. Nokkrir nemendur voru með efnið niðursneitt í smærri einingar og unnu samkvæmt sínum markmiðum.

Í þemavinnu unnu flestir sömu verkefni en útfærslur voru mismunandi eftir þörfum nemenda. Stundum vorum við með auðveldari útfærslur á verkefnum, stundum gátu nemendur sem það þurftu notað tölur og spjaldtölur, stundum voru valverkefni þannig að nemendur gátu valið verkefni sem þeir réðu við o.s.frv.

Hvernig voru kennsluáætlanir útfærðar og birtar?

Við unnum allar áætlanir samkvæmt ákveðnu formi sem ákveðið var í haust að allir kennarar notuðu við áætlanagerð. Strax í haust voru allar stærðfræðiáætlanir tilbúnar en þema og íslensku áætlanirnar unnum við jafnóðum allan veturinn. Við sendum áætlanirnar til stjórnenda en þær voru ekki sýnilegar foreldrum.

Námsgreinar

Stærðfræði

Sproti (3A og 3B) 4a, 4b, Stika 1a og 1b, (Stika 2A og 2B) Hringur, þemaheftin Dýr í Afríku og Mynstur og ýmis önnur verkefni af vef (gyldendal/multi.no og nams.is) og í spjaldtölvu

Íslenska / lestur

ýmsar sögubækur, fræðibækur og námsbækur sem féllu vel að þemum

Skinna 1 og Málrækt

Enska

4. bekkur: Adventure Island of English Words/Orðasjóður, Hickory, Dickory, Dock

5. bekkur: Work out, Speak out og lestrarbækur, Hickory, Dickory, Dock



Upplýsingatækni / áhugasvið, Tölvuver / nams.is

Jákvæður agi, Kennsluáætlun í jákvæðum aga, Gæðahringir þrisvar sinnum í viku þemu, Víkingar, Stuðst við Leif Eiríksson, Litlu landnemana og Komdu og skoðaðu landnámið, Vináttu og samkenndarþemu í byrjendalæsisáætlanir, Litli Kláus og stóri Kláus, Ensku rósirnar og Algjör milli Íslands og jarðfræðiþema, Stuðst við Ísland veröld til að njóta og jarðfræðihlutann úr Auðvitað 1

Tilraunaþema, Rafmagn og segull í stuðst við Auðvitað 1

Fuglaþema Stuðst við Náttúran allan ársins hring og Lífríki á landi

Útikennsla

Í vetur vorum við ekki með eins markvissa útiveru og við höfum verið með áður. Við fórum í nokkrar vettvangsferðir sem við tengdum oft við það sem við vorum að fjalla um í þema hverju sinni. Fórum t.d. í Krossanesborgir og í ratleik í Lystigarðinum á haustdögum, fórum á Minjasafnið í október að skoða gömul kort í tengslum við þema um landnema. Fórum svo aftur í heimsókn á Minjasafnið fyrir jólin. Auk þess tókum við þátt í útivistardögum sem voru skipulagðir í öllum skólanum að hausti og vori og ferð í Hlíðarfjall. Eitt af meginmarkmiðum útivistarinnar var að þjálfa nemendur upp í að ganga og njóta útiverunnar og nærumhverfis.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækninni var þannig háttað að fyrir áramót var 5. bekkur aðra hverja viku í upplýsingatækni og eftir áramót var 4. bekkur. Áherslur voru á að nemendur lærðu á forritin word og power point, gætu vistað gögnin sín á vísum stað og haldið utan um sitt efni. Einnig fórum við yfir tölvuöryggi og netnotkun.

Vettvangsferðir og uppákomur

Krossanesborgir, - Við fórum strax á haustdögum í Krossanesborgir til að njóta útiverunnar og tína ber.

Ferð í Lystigarðinn í fórum í ratleik um svæðið

Heimsókn á Minjasafnið í október þar sem við skoðuðum og fræddumst um gömul kort af Íslandi.

Heimsókn á Amtbókasafnið í kíktum á safnið í nóvember og tókum bækur til að hafa á svæðinu okkar í skólanum

Fræðsla um miðaldabæinn Gásir í móðir kom í heimsókn og var með fræðslu

Heimsókn á Minjasafnið í fyrir jólin, skoðuðum hvernig undirbúningur jóla hefur þróast gegnum tíðina

Skautuferð fyrir 4. og 5. bekk í kynning á hokkí í boði SA

Helgileikur - nemendur í 4. bekk settu upp helgileik sem sýndur var á litlu jólunum fyrir aðra nemendur og starfsfólk. Einnig var hann sýndur á Naustatjörn.

Jólaleikrit í nemendur í 5. bekk settu upp jólaleikrit sem var sýnt á litlu-jólum í staðin fyrir að vera með leikrit á árshátíð

Fræðsla um jarðfræði í móðir kom í heimsókn og var með fræðslu um jarðfræði og störf jarðfræðinga

Skíðaferð í allir nemendur skólans fóru í skíðaferð

Frjálsíþróttamót í nemendur tóku þátt í frjálsíþróttamóti á vegum UFA.

Svalbarðseyri í Farið var í dagsferð á Svalbarðseyri þar sem fjaran og fuglalífið var skoðað og grillað og leikið í reitnum við Safnasafnið.

Lystigarðurinn - fórum í göngutúr niður í lystigarðinn

Vorþemadagar í stöðvavinna í skóla annan daginn og íþróttadagur í Höllinni hinn daginn

Kiðagil

Nemendur í 4. bekk fóru í sveitaferð að Kiðagili í Bárðardal ásamt tveimur umsjónarkennurum. Lagt var af stað á mánudagsmorgni og komið heim eftir hádegi á miðvikudegi. Þema dvalarinnar var sveitin og handverk og fórum við m.a. uppí Svartárkot og vorum þar heilan dag í sauðburði. Þar var margt og mikið að sjá og krakkarnir fengu að prófa ýmislegt eins og að hjálpa kind að bera, gefa hey, mjólka o.s.frv. Hægt er að segja að ferðin hafi gengið vel og allir ánægðir við heimferð. Nokkrir foreldrar komu seinni part dags og gistu og eitt foreldri var með okkur á þriðjudeginum.

Mat og tillögur til úrbóta

Í vetur tókum við upp annað skipulag í stærðfræði þar sem nemendur áætluðu sér útfrá markmiðum og okkur fannst það koma vel út. Við settum niður tímaramma svo að allir gerðu sér grein fyrir hversu mikið þyrfti að vinna til að geta náð öllum markmiðum vetrarins. Kennarar, nemendur og foreldrar voru ánægðir með skipulagið og það kom mikið kapp í nemendur í þessu vinnulagi. Við ætlum okkur að ræða markmiðin betur við nemendur í upphafi lotu og einnig halda því betur á lofti hversu löng lotan er og hvenær hún á að vera búin. Spurning um að láta flesta haldast að og hafa innlagnir. Spurning um að útbúa innlagnir í stærðfræði og hafa aðgengilegar í tölvum.

Varðandi þemu verðum við að passa okkur á því að hafa þau ekki of löng og hafa líka íslenskuþemu annað slagið. Við verðum að leggja meiri áherslu á íslenskuna og jafnvel að taka málfræði og stafsetningu út úr þemanu og gera því hærra undir höfði. Vinna ritun þannig að það sé stígandi í henni og áherslan verði á að krakkarnir klári ritunarverkefnin og vandi vinnubrögðin. Markmið þemanna verða að vera sýnileg, þannig að börnin skilji þau og við ætlum að nýta okkur það sem við vorum að vinna með Helgu Rún. Ræða markmið, leiðir, viðmið og setja fram spurningar (leiðsagnamat).

Við værum til í að vera með meiri útikennslu þar sem skólinn ynni jafnvel saman að því að byggja upp skemmtilegt útikennslusvæði. Varðandi Kiðagilsferð þá fannst okkur að stjórnendur mættu vera með okkur í þeirri vinnu og sýna henni meiri áhuga.

Námsmat

Nemendur fóru heim með matsmöppu fjórum sinnum í vetur. Þegar fimmta matsmappan var tilbúin var foreldrum boðið að koma og skoða möppurnar í skólanum á skólaslitadaginn. Þá völdu nemendur ásamt foreldrum sínum verkefni úr matsmöppu vetrarins til að færa yfir í safnmöppuna sem heldur utan um verkefni frá 1. og upp í 10. bekk í skólanum. Verkefni sem fóru í matsmöppu voru af ýmsum toga. Við reyndum að hafa verkefna valið þannig að verkefnin gæfu skýra mynd því hvað krakkarnir voru að fást við hér í skólanum, t.d. verkefni úr þemum, ensku, stærðfræði, sjálfsmyndir, skriftarsýnishorn, ritunarverkefni, kannanir og matsblöð. Við lestrarhraðaprófuðum krakkana fyrir hver möppuskil og lestrarsúlur voru því fastur punktur í matsmöppum vetrarins. Námsmatið var sett fram á eftirfarandi hátt: Skriflegar og munnlegar kannanir, Skráning í markmiðalista, Símat / matsmöppur félagamat, sjálfsmat, sóknarkvarði, umsagnir og leiðsagnarmat.

Vorum í samstarfi við Helgu Rún frá Miðstöð skólaþróunar varðandi leiðsagnarmat. Við fórum á námskeið í haust upp í HA og í framhaldi af því hafði Helga Rún samband við okkur varðandi samstarf. Við einbeittum okkur að því að gera markmiðin einfaldari, hafa þau sýnileg og að ræða þau við krakkana. Einnig höfum við einbeitt okkur að því að nota spurningar til að ræða markmið og setja okkur viðmið með krökkunum. Ákveðið var að við myndum einbeita okkur að þemavinnu í þessari vinnu. Okkur fannst þetta gefast vel og við lærðum mikið af þessari vinnu og komum til með að nýta okkur þetta vinnulag áfram. Matsmöppurnar gengu vel og er vinnan við þær orðin þjál. Eins og í fyrra gerðum við okkur lista yfir hvað ætti að fara í möppurnar hverju sinni og það stóðst í langflestum



tilfellum. Við erum mjög ánægðar með fyrirkomulag á vitnisburði á skólaslitum núna í vor og finnst umsagnarþátturinn mjög flottur. Ennþá vantar markmið í tungumálum og finnst okkur skipta máli að þau verði komin inn fyrir næsta skólaár.

Foreldrasamstarf

Vikulegir föstudagspóstar hafa verið sendir á alla foreldra ásamt upplýsingum um ástundun nemenda. Í einstaka tilvikum hafa verið sendir daglegir tölvupóstar og reglulegar skráningar í dagbók með upplýsingum um hvernig gengur. Reglulegir fundir voru með einstaka foreldrum um hegðun, nám og líðan nemenda og eins voru nokkrir skilafundir. Haldinn var kynningarfundur á haustdögum fyrir foreldra þar sem farið var yfir skipulag vetrarins. Foreldrum 4.-5. bekkinga var boðið á foreldrasýningu fyrir litlu-jólin þar sem 4. bekkur sýndi helgileik og 5. bekkur jólaleikrit. Einnig var foreldrasýning eftir þemavinnu um Ísland og foreldrum nemenda í 4. bekk var boðið á lokahátíð litlu upplestrarkeppninnar. Viðtalsdagar voru tveir, í október og janúar. Tölvupóstur og símtöl til foreldra eftir þörfum.

Nemendur

Líðan nemenda

Heilt yfir höfum við þá tilfinningu að nemendum hafi liðið nokkuð vel með okkur í skólanum, með nokkrum undantekningum þó. Okkur finnst góð tengsl hafa myndast milli nemenda og umsjónarkennara og tengsl og samskipti við foreldrahópinn voru góð.

Eineltis- og agamál

Upp komu nokkur eineltis- og agamál í vetur sem tekið var á eftir bestu getu.

Námsárangur

Nemendur hafa sýnt miklar framfarir í lestri í vetur og teljum við það vera vegna markvissrar lestrarþjálfunar. Okkur finnst mjög greinilegt að 5. bekk hefur farið mikið fram í vinnulagi og sjálfstæði í námi.

Ástundun

Langflestir nemendur hafa stundað skólann vel í vetur og mætt stundvíslega. Við sendum ástundun til foreldra í tölvupósti á hverjum föstudegi þannig að foreldrar hefðu átt að fá góða yfirsýn um mætingar barna sinna. Einstaka börn komu endurtekið of seint og hefur það verið rætt við foreldra og hefur lagast í langflestum tilfellum. Það kom fyrir að börn fengu leyfi í lengri tíma án þess að við umsjónarkennarar vissum af og hefði verið gott að fá að vita til að geta undirbúið börnin með einhver námsgögn ef þurfti.

Mat og tillögur til úrbóta

Okkur þótti oft á tíðum erfitt að halda uppi aga og fá næði til að útskýra eða ná góðum samræðum. Það var eins og umræður og taltal hefðu lítið að segja varðandi þetta. Okkur langar til að ná að skapa betri vinnufrið og hlustun í hópnum.

Samstarf í teymi

Teymisfundir voru haldnir tvisvar í viku, á mánudögum voru skipulagsfundir og á miðvikudögum var farið yfir nemendamál og trúnaðarfundur. Alla deildarstjóri kom alltaf inn á miðvikudagsfundina og stýrði þeim. Umsjónarkennarar og stoðkennari hafa skipt með sér hlutverkum formanns og ritara teymis í vetur ásamt því að skrifa föstudagspóstinn.

Endurmenntun

Allir kennarar hafa sótt byrjendalæsissmiðjur í HA í vetur og höfum við verið duglegar að nýta okkur það sem við höfum lært þar. Endurmatið og ráðgjöfin sem lagt er upp með



í byrjendalæsi hefði þurft að vera markvissari af hálfu leiðtoga í skólanum. Kennarateymið fór á námskeið upp í HA um leiðsagnarmat á haustönn og í framhaldi af því höfum við verið í verkefni með Helgu Rún sem er að gera meistaraþrófsritgerð um leiðsagnarmat. Hún hefur komið og átt fundi með okkur um leiðsagnarmat, leiðbeinir okkur og styður við það sem við erum að gera. Þetta hefur reynst okkur mjög vel og okkur finnst við vera að ná að temja okkur þetta vinnulag. En þurfum jafnframt að halda því áfram á lofti.

Jafningjastuðningur / ígrundanir / starfsendaransóknir

Kennarar teymisins ætla að skila af sér starfendarannsókn varðandi leiðsagnarmat nú í sumar.

Almenn samantekt

Okkur finnst það hafa verið breyting til batnaðar að hafa stoðkennara í teyminu, það að hann sinni öðrum störfum og hafi verið í hlutastarfi gerði skipulag vinnunnar frekar snúíð og við hefðum kosið að hafa hann meira inni hjá okkur. Við fáum lítinn tíma utan kennslu með stuðningsfulltrúum til undirbúnings og ráðagerða þar sem þeir fara beint í að sinna öðrum störfum, jafnvel áður en kennslu er lokið. Okkur finnst það vera mikill stuðningur að hafa stjórnenda alltaf vikulega á teymisfundum og hann fylgir málum mjög vel eftir.

Okkur finnst vanta námskeið og hugmyndir í tengslum við útiskóla sem við ættum þá að geta nýtt okkur í kennslu t.d. uppi í Naustaborgum.

Einnig finnst okkur náttúrufræðikennsla í skólanum ekki nógu markviss og nýta mætti náttúrufræðistofuna betur og þau gögn sem þar eru.

Varðandi samkenndu árganga, gæti reynst vel að setja upp ákveðin viðmið um vinnulag á ákveðnum stigum skólans t.d. það sem varðar byrjendalæsisaðferðir og orð af orði og lykilhæfni (þrautavinna, þrautsegja, samvinna, úthald o.s.frv.)

Endurmenntun um upplýsingatækni þyrfti að vera fyrir kennara, gæti t.d. verið innanhúss og nýta á þann hátt þekkingu innanhúss varðandi spjaldtölvur og speglaða kennslu.

Þyrftum að taka umræðu innan skólans um stærðfræðikennslu, það er heilmikil vinna varðandi íslensku t.d. byrjendalæsi og PALS og okkur finnst að mætti vera meiri umræða líka um stærðfræði. Að fólk stilli saman strengi sína og deili þekkingu sinni og hugmyndum. Einnig mætti vera meiri umræður í skólanum í heild um vinnubrögð og vinnulag innan skólans útfrá stefnunni. Hvert ætlum við og hvernig ætlum við að ná því.

Okkur finnst að stjórnendur mættu vera sýnilegri á uppbrotsdögum eins og útivistardögum, vorþemadögum, á foreldraheimsóknnum, kveðja og taka á móti nemendahópum þegar þeir fara í skólaferðir. Eins væri gaman að þeir sýnilegri í daglegu amstri inná svæðum og líti við annað slagið.



Skýrsla 6.-7. bekkjar

Tölulegar upplýsingar

Töluverðar breytingar urðu á nemendahópnum í vetur. Nemendur í 6. - 7. bekk voru í upphafi vetrar 65 en í lok vetrar 70 nemendur. Umsjónarkennarar voru 3, sem skiptu nemendum á milli sín í umsjón, einn stoðkennari sem aðstoðaði sérstaklega nemendur með aðlagð námsefni og tveir stuðningsfulltrúar sem sinntu ýmsum stuðningi við nemendur. Umsjónarhóparnir voru saman í gæðahringjum/bekkjarskólum og sátu saman á svæðum. Uppröðun á svæðum var mismunandi. Í hópavinnutímum, í hringekju og þemum var hópnum skipt í 4 hópa.

Skipting milli kynja: Í árgöngunum voru 32 stelpur og 38 strákar í lok skólaárs.

Árgangaskipting: Í 6. bekk voru 35 nemendur og 35 nemendur í 7. bekk.

Skipulag

Nemendum skipt í mismunandi hópa: Hringekjuhópar, smíðjuhópar, sundhópar, umsjónarhópar og þemahópar.

Skipulag námsins. Við ákváðum að hafa nokkuð fasta stundatöflu, þ.e.a.s. að það var sami rammi í hverri viku en með ólíkum verkefnum. Stundataflan var nokkuð góð, þriðjudagarnir voru þó langir hjá 6. bekkjum. En eftir að við breyttum skipulaginu lagaðist það aðeins. Til að byrja með var enska strax á eftir samveru en þema eftir 10:10 það varð til þess að nemendur höfðu minna úthald í þemað. Eftir páskafrí breyttum við þessu og fórum í þema strax á eftir samverustund, það varð til þess að nemendur höfðu meira úthald og þemavinnan gekk betur. Allir dagarnir hjá nemendum voru fjölbreyttir og margbreytilegir vinna í gangi.

Gæðahringir/bekkjarskólur voru fastir í stundatöflu þrisvar í viku. Fram að áramótum unnum við eftir ársáætlun. Í desember byrjuðum við að vinna markvisst í eineltismálum og breyttum áherslum í gæðahringjum/bekkjarskólum í samræmi við það. Í febrúar gerðum við áætlanir til fjögurra vikna í senn og nýttum okkur verkfæri úr Jákvæðum aga (Handbók fyrir kennara-æfingar fyrir nemendur), sem okkur fannst í samræmi við þarfir hópsins. Stuðningur Anítu reyndist okkur mjög vel í þessari vinnu.

Hver dagur byrjaði í heimakrók hvers umsjónarhóps þar sem var farið yfir dagsskipulagið og spjallað um ýmis málefni er tengdust skólanum. Við lítum á samveru í krók sem þjálfun í lífsleikni og þar gefst gott tækifæri til þess að nýta verkefni jákvæðs aga í umræðum.

Kennsluáætlanir í þema voru inni á samgögnum, það gekk frekar vel að halda áætlunum í þemum í vetur. Okkur fannst ráðgjöf og hugmyndir frá Háskólanum á Akureyri (Hólmfríður) nýtast vel í þema og íslenskuvinnu. Námsáætlanir í íslensku fyrir veturinn voru inn á samgögnum og það gekk nokkuð vel að halda áætlun þar einnig. Verkefni sem við lögðum fyrir í íslensku og þemum voru aðlöguð að getu hvers og eins.

Í stærðfræði var lögð áhersla á einstaklingsmiðaða kennsluáætlun. Í grunninn áttu nemendur í 6. bekk að klára 12. stig sem þeir unnu í Stiku 2a og Stiku 2b. Nemendur í 7. bekk áttu að klára 14. stig og unnu í Stiku 3a og Stiku 3b. Þrisvar til fjórum sinnum í viku voru áætlunartímar þar sem nemendur unnu vinnuvikuna sína í stærðfræði með aðstoð umsjónarkennara. Dagskrá hvers dags var skrifuð á töflu við dyrnar inn á svæðið. Þetta skipulag auðveldaði mörgum nemendum að átta sig betur á því hvað væri framundan á hverjum degi.



Námsgreinar

Stærðfræðin var kennd í lotum og á eftir hverri lotu var könnun. Við hófum veturinn á því að nemendur gerðu áætlun á mánudögum í stærðfræði undir leiðsögn á dagbókarblöð sem við prentuðum út fyrir nemendur. Þegar ákveðnu verkefni var lokið áttu þau að krossa við á áætlunarblaðið. Kennari fór yfir áætlunina í lok viku. Þetta fyrirkomulag náði ekki miklu flugi þar sem flestir nemendur notuðust frekar við stærðfræði áætlunina sína og krossuðu þar við dæmin sem þeir reiknuðu. Unnið var í áætlun 3-4 sinnum í viku og stundum einnig í hringekjutímum.

Okkur fannst í raun í lagi að nemendur notuðu ekki dagbókarblöðin ef vel gekk að nota áætlunarblöðin í staðinn. Engu að síður eru margir nemendur sem hafa gott af því læra að skipuleggja sig með því að nota dagbókarblöðin. Það fer eftir hverjum og einum hvað hentar best og munum við halda sama prógrammi næsta vetur.

Íslenskan var kennd í lotum og á eftir hverri lotu var könnun. Lotunum var skipt niður í; nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, fornöfn og málnotkun 1 og 2. Í lok vetrar, í síðustu lotunni, gerðu nemendur kjörbókarskýrslu og ritgerð sem gekk vel. Teljum við nauðsynlegt að gera a.m.k. eina stóra ritgerð á vetri.

Íslenskan var alltaf samþætt þemaverkefnum og kennd í gegnum orð af orði. Í hringekju var fjölbreytt vinna þar unnu nemendur í málfræðiheftum, ritunarverkefni í tölum og orð af orði verkefni. Á degi íslenskrar tungu byrjaði undirbúningur undir stóru upplestrarkeppnina, eftir það var alltaf ein stöðin í hringekju tileinkuð þeim undirbúningi. Stafsetning var einu sinni í viku ýmist upplestur eða sóknarskrift. Nemendur sem þurftu meiri aðstoð unnu stafsetningu í tölvu. Lesskilningsverkefni voru lögð reglulega fyrir í hringekju og öðrum tímum þegar um var að ræða stærri verkefni. Í einu þemanu var samþætt við PALS. Nemendur tóku tvö hraðlestrarpróf, að hausti og að vori. Okkur fannst nemendur ekki koma nægilega vel út að vori og ætlum að leggja enn meiri áherslu á lestur næsta vetur. Við fórum tvisvar í lestarátak með hópinn sem hefði mátt ganga betur. Seinna átakið gekk þó heldur betur en endaði ekki nægilega vel, lærðum mikið af þeim misstökum.

Enska var kennd einu sinni í viku í 65 mínútur í senn. Nemendahópurinn var á breiðu getustigi og því var nemendum skipt í þrjá hópa. Þetta reyndist afar vel og fengu nemendur verkefni við hæfi samkvæmt getu, þroska og áhuga. Mikil áhersla var lögð á málfræði og að auka enskan orðaforða nemenda. Þá var enskukennslan einnig samþætt í þemum, upplýsingatækni og í hringekju.

Danska var kennd einu sinni í viku í 7. bekk 40 mínútur í senn. Áhersla var á að hafa fjölbreytt verkefni, s.s. hlustun, samræður, verkefnavinna og fleira. Munnleg tjáning nemenda og framburður og að kennari tali dönsku við nemendur í tímum. Í upphafi skólaárs var hópnum kennt saman en í október kynjaskiptum við hópnum. Kom það vel út og nemendur virtust vera viljugri að tala og tjá sig á dönsku í kynjaskiptum hópnum.

Þemaverkefni vetrarins voru eftirfarandi: Benjamín Dúfa, Norðurlöndin, Mannslíkaminn og Vísindapema (Auðvitað-Heimilið). Nemendur voru nokkuð áhugasamir í þemavinnu. Samvinna nemenda gekk ekki vel í byrjun en síðan náðu þeir betri tökum á samvinnunni og stóðu sig vel undir lokinn. Fyrirmælaspjöld voru notuð í töluverðum mæli, markmiðið var að auka sjálfstæði í vinnu og bar það góðan árangur. Verkefni voru fjölbreytt, t.d. vettvangsferðir, útikennsla, samvinnunám, myndbandsfræðsla, tilraunir, ritun og fleira.

Útikennsla: Einu sinni í viku fóru nemendur út í skipulagða leiki hjá Steina íþróttakennara. Þetta var mjög góð tilbreying til að brjóta upp daginn. Við vorum dugleg að fara í vettvangsferðir auk þess sem útikennsla var notuð í þema o.fl.

Upplýsingatækni var með fastan tíma í stundatöflu á föstudögum. Hópnum var kynjaskipt og bekkjarskipt og það gafst vel. Áhersla var lögð á að nemendur yrðu þokkalega færir í Word og Excel.



Vettfangsferðir: Það var farið í nokkrar vettvangsferðir í vetur. Við fórum m.a. í ferð á Lögreglustöðina, Verkmenntaskólann, Norðurorku, sleðaferð, tvær ís ferðir o.fl. Síðan fórum við nokkrum sinnum út í kringum skólann að vinna verkefni tengd kennslunni.

Mat og tillögur

Breyting úr Geisla í Stiku kom mjög vel út í vetur. Kennt var í lotum líkt og á unglingastiginu með finum árangri. Nemendur gerðu skriflega könnun eftir hverja lotu. Við munum halda áfram sama fyrirkomulagi. Hugmynd er að búa til gagnagrunn þar sem nemendur geta hlustað/horft á innlögð í IPAD á hverju dæmi sem á að reikna. Eins má alveg fylgja mörgum nemendum eftir með smá heimavinnu til að nemendur verði öruggari í reikniðgerðum.

Varðandi íslensku þá gekk vel að byggja námið upp með lotum, skrifleg könnun var í lok hverrar lotu. Í lok vetrar gerðu nemendur kjörbókarritgerð sem kom vel út. Stafsetningar kennslan gekk vel, bæði með gamaldags upplestri og sóknarskrift.

Framfarir nemenda í lestri voru slakar í vetur þrátt fyrir mikla áherslu á yndislestur, heimalestrarátak, lesskilningsverkefni og fleira.

Þemavinna gekk þokkalega, við eyddum miklum tíma í lausnaleit á hverju þema sem skilaði sér í markvissari vinnu. Nemendum var skipt í fjóra hópa sem fóru á milli fjögurra stöðva. Markmið í hverju þema fyrir sig voru útskýrð fyrir nemendum og stundum hengd upp. Í hverju þema var samvinnunámsstöð þar sem nemendur lærðu að vinna saman og að þeir bera sameiginlega ábyrgð á náminu.

Námsmat

Í stærðfræði og íslensku var símat þ.e. lagðar voru fyrir kannanir eftir ákveðna námsþætti. Í verkefnabók á mentor voru skráðar niðurstöður úr könnunum. Einnig voru settar upplýsingar inn á verkefnabók um það hvaða markmiðum nemendum höfðu ekki náð.

Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir tvisvar sinnum yfir veturinn og niðurstöður úr þeim voru settar í verkefnabók á mentor. Lögð var töluverð áhersla á lestur í vetur og m.a. tvö heimalestrar átök. Engu að síður eru margir nemendur sem ekki hafa náð lágmarks lestrarviðmiðum. Ljóst þykir að mikilvægt er að leggja enn frekari áherslu á lestur næsta vetur.

Þó nokkur lesskilningsverkefni voru lögð fyrir nemendur allan veturinn. Notast var við Orðarún o. fl. Mikilvægt er að halda áfram að leggja ríka áherslu á lesskilning næsta vetur.

Í dönsku var áhersla lögð á að nemendur hefðu kjark og þor í að tjá sig munnlega í dönsku. Nemendur fengu ritunarverkefni þar sem hver og einn átti að segja frá sjálfum sér, fjölskyldu o.fl. Í lok vetrar gerðu nemendur einstaklingsverkefni þar sem farið var yfir námsefni vetrarins.

Í ensku var hópunum þarfaskipt og unnið að mestu með málfræðihefti sem voru metin í lok annar. Á tímabilinu unnu nemendur einnig þýðingar, orðaforðaverkefni, krossgátur ásamt fleiri verkefnum sem metin voru í formi símats. Lokaverkefnið var ýmist einstaklingsvinna eða unnið í hópum og metið út frá fyrirfram ákveðnum gátlista. Verkefnið var samþætt með upplýsingatækni og samvinnunámi og fól í sér frjálst val um skil, skriflegt, glæru- eða munnlega kynningu, leikþátt, stuttmynd, teiknimynd eða annað allt eftir áhuga og getu hvers og eins.

Í þemavinnu var notast við ýmis konar námsmat; sjálfsmat, mat kennara á hópastarfi, virkniathugun, hugtakakort og skriflegar- og netkannanir svo dæmi séu tekin.

Í kjölfar kannana og í lok verkefna var fyllt inn í markmiðalista á mentor en það gerði kennurum auðveldara að fylgjast betur með framförum og stöðu nemenda. Í lok vetrar



voru markmið flestra námsgreina prentuð út og sett upp í lítilli matsbók ásamt umsögn umsýðarkennara fyrir hvern nemanda.

Matsmöppur

Matsmöppurnar fóru heim fjórum sinnum heim yfir veturinn og fimmta mappan (sem samanstóð af öllum fjórum möppunum ásamt viðbót) var svo til sýnis á skólaslitunum. Verkefnin í möppunni voru valin af kennurum með hliðsjón af því hvaða vinna það væri sem gæfi hvað skýrasta mynd af viðfangsefnum nemenda í skólanum, vinnubrögðum og leikni, og vera þannig lýsandi fyrir námslega stöðu þeirra. Nemendur höfðu kost á því að setja að auki inn verkefni að eigin vali. Foreldrar virtust sáttir með þetta fyrirkomulag og voru hvattir til þess að skrifa hvatningarorð/skilaboð til nemenda og/eða kennara við hver möppuskil. Verkefnin sem finna mátti í möppunum voru eftirfarandi:

Skil í október 2014:

enska í verkefni
stærðfræði í könnun 1
leshraða könnun
lesskilningur
stafsetning
Benjamín Dúfa í krossglíma, hugtakakort og spurningar
danska í tölur (7. bekkur)

Skil í desember 2014:

stærðfræði í könnun 2 og könnun 3
stærðfræði í könnun- margföldun
lesskilningur í próf 2 Orðarún
íslenska í könnun 1 (nafnorð) könnun 2 (lýsingarorð)
stafsetning
sjálfsmat þema - ferðabæklingur/kraftbendil sýningar
sjálfsmat þema - samvinnunám
þemaverkefni

Skil í febrúar 2015:

Stærðfræði í könnun 4
Íslenska í könnun 3 (sagnorð) og könnun 4 (Fornöfn)
Lesskilnings verkefni
Danska (7. bekkur)
Enska - stíll
Stafsetning

Mannslíkaminn þema í samvinnunámsverkefni

Smiðjur í verkefni

Skil í apríl 2015:

Stærðfræði í Könnun 5
Íslenska í Könnun 5 (málnotkun)
Íslenska í ritun í tölvu
Danska-ritun (7. bekkur)
Stafsetning (nemendur velja verkefni)
Þema í orðaforði
Þema - könnun
Smiðjur í verkefni
Annað (að eigin vali)

Skil í maí 2015:

stærðfræði í könnun 6
Stærðfræði í könnun 7

Íslenska í könnun (málfræði og ritun)
Íslenska í lestrarpróf
Íslenska í kjörbókarritgerð
Danska- maí verkefni (7. bekkur)
Þema í vísindapema
Annað
Annað (að eigin vali)

Samráðs- og matsdagar

Samráðs- og matsdagar voru tveir á skólaárinu. Að hausti og í lok janúar komu foreldrar/forráðamenn í viðtal með börnum sínum. Foreldrar skráðu sig í viðtölin á Mentor. Kennarar höfðu samband við þá foreldra sem ekki skráðu sig og festu með þeim viðtal. Að auki var fundað reglulega (teymisfundir) yfir skólaárið með foreldrum 14 barna.

Mat og tillögur til úrbóta



Það sem helst ber að nefna er að teymið vill gjarna notast við enn fjölbreyttara námsmat en verið hefur hingað til. Við viljum hafa markmiðin sýnilegri þannig að nemendur geri sér grein fyrir hvort þeir hafi náð settum markmiðum. Þetta viljum við hafa sýnilegt á lotublöðunum í íslensku og stærðfræði. Þessi blöð viljum við að fari í matsmöppu. Við notuðum sjálfsmat í þema og ensku. Sjálfsmatið hefur marga kosti umfram það að vera bara námsmat þar sem það hvetur nemendur til sjálfskoðunar og eflir gagnrýna hugsun og sjálfstæði.

Líðan nemenda

Samkvæmt könnunum þá líður nemendum vel í skólanum. Þessar kannanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (undir matsgögn/skýrslur). Tengslakannanir komu nokkuð vel út. Það var unnið markvisst úr tengslakönnunum í vetur þar sem ákveðinn hópur átti við samskiptaerfiðleika að stríða.

Upp komu samskiptaerfiðleikar í nemendahópnum en í samstarfi við foreldra, stjórnendur og námsráðgjafa var unnið að lausn mála. Til að mynda þurfti Ágúst skólastjóri að fylgja strákum í sund hluta af haustinu þar sem leiðinleg framkoma var einkennandi í búningasklefum. Þess þurfti þó ekki eftir að hópnum var árgangaskipt. Farið var í hópefli með stúlkum í 6. bekk og foreldrar nemenda í 7. bekk ákváðu eftir fund með stjórnendum og teymi að hafa hópefli þrisvar sinnum, fyrst rétt fyrir Reykjaferð og síðan í lok apríl og í maí. Það var þó aðeins fyrsti hópurinn sem skipulagði hitting.

Heimanám

Nemendur tóku einstaka sinnum með sér bækur heim og var það eingöngu ef þeir höfðu nýtt tímann illa í skólanum og voru komnir á eftir. Kennarar sendu þá ávallt póst heim eða hringdu til foreldra og þeir látnir vita af heimavinnu barnsins. Nokkrum sinnum í vetur komu beiðnir frá foreldrum um að fá heimanám handa barninu sínu og var þá fundin sameiginleg lausn á því.

Eineltismál og agamál

Ef upp komu agamál á kennslusvæði eða í frímínútum tóku kennarar strax á því, tóku nemendur úr aðstæðum og ræddu við þá. Einnig voru nemendur látnir reyna að leysa



ágreiningsmál sín á milli ef það vara möguleiki. Þá voru hegðunarfrávik skráð í dagbók og hringt heim eftir þörfum.

Auk þess þótti ástæða til þess að fá Anítu námsráðgjafa til þess að taka stúlkur í 6. bekk í hópefli. Þrátt fyrir hnökra í byrjun þá er það mat okkar og Anitu að hópeflið hafi skilað góðum árangri. Þá hélt teymið fund með foreldrum 7. bekkinga þar sem ákveðið var að foreldrar myndu skipta sér á þrjú tímabil og hafa hópefli.

Námsárangur

Við erum ánægð með heildarárangur vetrarins í stærðfræði og teljum að nemendur hafi uppskorið ágætlega enda var lögð töluverð áhersla á stærðfræði í vetur. Í stærðfræði voru nemendurnir á mjög misjöfnum stöðum allt frá 8. þrepi að 16. þrepi. Okkur finnst við hafa náð yfirsýn yfir stöðu hvers og eins með því að merkja við þau markmið sem hver nemandi náði eftir að hafa lokið könnun.

Í íslensku gekk flestum þokkalega að fara yfir markmið vetrarins. Eins og búið er að koma fram vorum við ekki ánægð með framfarir nemanda í lestri þrátt fyrir mikla áherslu á lestur og lesskilning í vetur. Það kom vel fram í vetur að lotubundin vinna hentar nemendum einkar vel og munum við halda því áfram. Vinna við kjörbókarskýrslu og ritgerð gekk vel. Þau verkefni unnu nemendur að miklu leyti heima og við þá vinnu kom vel í ljós hversu mikilvægt það er að foreldrar fá skýrar og góðar leiðbeiningar þegar við ætlumst til þess að nemendur vinni verkefnin að hluta til heima.

Nemendur unnu íslensku verkefni í þemum og hringekjutímum með orð af orði verkefnum og í vinnubókum. Ritunarverkefni voru að mestu unnin í hringekjutímum í tölvuverinu. Það kom vel í ljós við vinnu ritunarverkefna í tölvuverinu að það þarf að breyta miklu við þá vinnu. Verkefni nemanda voru ýmist skemmd eða látin hverfa. Teymið er búið að nefna það við stjórnendur að öll kennsla í ritun fari fram í gegnum one note eða one drive. Undirbúningur undir stóru upplestrarkeppina fór fram í hringekjutímum þar sem nemendur æfðu sig í upplestri og framkomu. Gaman var að fylgjast með framförum nemenda í upplestri og tóku flest allir þátt í upplestrarkeppninni.

Ástundun

Seinkomur hjá nemendum voru skráðar og sendar til foreldra í formi yfirlits yfir mætingu úr Mentor í hverri viku.

Upplýsingamiðlun

Á hverjum föstudegi var sendur póstur til foreldra þar sem vikan var gerð upp og farið yfir helstu atriði komandi viku. Margir foreldrar létu vita af ánægju sinni með póstana, þeir væru mikilvægir í upplýsingaflæði milli kennara og foreldra. Þá var bætt inn í föstudagspóst, að ósk foreldra, þeim verkfærum sem unnin voru með hverju sinni í jákvæðum aga í gæðahringjum/bekkjafundum.

Hvað tókst vel og hvað má betur fara?

Kennarar eru nokkuð ánægðir með foreldrasamstarfið í vetur. Foreldrar mættu lesa föstudagspóstana oft og betur. Það kom nokkrum sinnum í ljós að nemendur voru ekki nægilega vel útbúnir í vettvangsferðir og í úti íþróttatíma.

Foreldrum/forráðamönnum var boðið á tvær kynningar á verkefnum barna sinna, fyrir áramót var kynning á þemaverkefni um Norðurlönd og á vordögum var kynning á enskuverkefni. Þessar kynningar tókust vel, nemendur sáu um þær með aðstoð kennara.

Við viljum bæta okkur í að senda upplýsingar á foreldra um komandi kannanir og verkefni og hvernig hægt er að undirbúa sig heima fyrir verkefnin.



Samstarf í teyminu

Teymismeðlimir eru sammála um að ágætlega hafi gengið að vinna saman í teyminu í vetur, þeim líði almennt vel í vinnunni og hver og einn hafi þroskast í teymisvinnunni.

Það reyndist vel að ákveðnir kennarar höfðu yfirumsjón með ákveðnum fögum. Tveir teymisformenn voru yfir veturinn og ritarar voru tveir. Stuðningsfulltrúum teymisins fannst þeir vel upplýstir með það sem framundan væri og vildu þeir meina að stór þáttur í því væri að gætt var að því að þeir næðu að sitja flesta skipulags- og undirbúningsfundi. Næsta vetur ætlum við að lesa upp fundargerð síðasta fundar í byrjun teymisfundar. Föstudagspóstar voru sendir á stuðningsfulltrúa auk þess sem að teymisformaður sá til þess að koma upplýsingum til skila ef stuðningsfulltrúar misstu af fundum.

Teymisfundir voru á mánudags- og á miðvikudagmorgnum þegar nemendur voru í smiðjum. Teymið var sammála um að það hefði verið mjög þægilegt að hafa góðan fundartíma á mánudögum þar sem gafst tími til að stilla saman strengi og leggja línurnar fyrir vikuna og það sem framundan væri. Á miðvikudögum var fundað með stjórnanda þar sem tekin voru fyrir nemendamál og trúnaðarmál.

Endurmenntun

Einn kennari var í námi í Teeach sem fjallar um einhverfu og í ráðgjöf og viðtalstækni ásamt fleiru og tók einnig að sér kennaranema. Annar fór erlendis á námskeið í upplýsingatækni og sá þriðji innleiddi samvinnunám í þemavinnu og í ensku og hélt um það málstofu á vörðstefnu skólaþróunarviðs Háskólans á Akureyri. Hluti úr teyminu var í leshóp í jákvæðum aga. Að auki voru ýmis námskeið í boði af hálfu skólans og voru kennarar ánægðir með það sem í boðið var upp á.

Jafningjastuðningur

Yfirhöfuð einkenndi góður mórall og traust teymið. Jafningjastuðningur var góður og traust var meðal okkar að tala saman þegar á þurfti, þ.e. teymismeðlimir voru óhræddir við að deila skoðunum sínum sín á milli, líðan og fleira. Það hjálpaði teyminu að hafa stjórnanda með á fundum á miðvikudögum sem veitti okkur aðhald, ýtti undir lausnaleyti og hreinskilni milli teymismeðlima.

Ígrundun og lausnaleyti fór fram jafnt og þétt yfir veturinn á fundum teymisins. Farið var yfir bæði stöðu námshópsins í heild sem og ákveðinna einstaklinga. Auk þess sem farið reglulega yfir skipulag námsins og oft voru gerðar breytingar ef þess þurfti. Teymið er sammála um að það hjálpi að geta flett upp í skipulögðum fundargerðum.

Teymið stefnir á að halda áfram að byggja ofan á þann góða vinnumóral/traust sem einkenndist í vetur.

Almenn samantekt

Teymið er í heildina ánægt með veturinn en auðvitað er alltaf hægt að gera betur og bæta sig. Kennarar eru sammála um að stundataflan hafi verið nokkuð góð og í raun verið ein af stærstu ástæðum þess hve vel gekk að skipuleggja kennsluna. Þar skipti mestu hve gott var að fá tíma á mánudagsmorgni í að funda og skipuleggja vikuna.

Teymið ætlar sér að nota fjölbreytt námsmat en tengja það betur við sýnileg markmið hverrar lotu fyrir sig. Kennarar eru ánægðir með foreldrasamstarfið í vetur. Eins og áður var getið þá fannst okkur að fleiri hefðu mátt lesa föstudagsfréttirnar en það er vandamál þeirra foreldra sem ekki lesa póstinn þannig að við ætlum ekki að breyta því fyrirkomulagi.

Mat á skólastarfinu í heild – hvað er mikilvægast að skólinn leggi áherslu á í umbótum næsta skólaárs ?

Kennurum finnst vanta námskeið og hugmyndir í tengslum við útiskóla sem myndi nýtast í kennslu t.d. í Naustaborgum (höfum reyndar heyrt af hugmyndum um slík námskeið á vegum HA í spurning um að athuga það). Við viljum leggja áherslu á notkun tölvu/spjaldtölva á komandi vetri og að nemendur læri að umgangast og vinna verkefni með slíkum verkfærum. Mikilvægt er að nemendur hafi sér aðgang að sínu svæði sem aðrir komist ekki inn á. Að auki mun einn kennari sjá um innleiðingu á samvinnunámi í teymi 6. og 7. bekkjar.

Skýrsla 8.-10. bekkjar

Kennarar teymis

Agnes Þorleifsdóttir stuðningsfulltrúi, Atli Sveinn Þórarinnsson umsjónarkennari, Árni Hrólfur Helgason stoðkennari, Ása Katrín Gunnlaugsdóttir umsjónarkennari, Herdís Ívarsdóttir umsjónarkennari og Magnús Jón Magnússon umsjónarkennari.



Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Stundataflan var byggð þannig upp að fyrst á morgnana voru gæðahringir í umsjónarhópum. Síðan tóku við stýrðar kennslustundir í bland við sjálfstæðar vinnustundir. Markmiðið í vetur var að hafa sveigjanlega stundaskrá þar sem hægt væri að mæta breytingum, þörfum og veikindum á auðveldan hátt. Á margan hátt heppnaðist fyrirkomulagið ágætlega. Við mælum þó með því að stundaskráin sé mun fastari en hún var. Sveigjanleiki er góður en það sama má líka segja um festu. Gott væri að festa vikulega tíma í stundaskrá fyrir undirbúning árhátíðaratríða.

Mat og tillögur til úrbóta

Við leggjum til að tímar verði festir í stundaskrá og að við hittum námshópa oftar á föstum tímum. Hver nemandi hafi þannig sína eigin stundaskrá sem hann getur lært og prentað út til að fara eftir. Bæði kennarar og nemendur vinna betur þegar skipulag dags þeirra er gott og nokkuð fast og einnig eykur föst stundaskrá líkurnar á því að meiri ró haldist á kennslusvæði.

Kennsluhættir

Lögð var áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti, svo sem speglaða kennslu, sjálfstæða vinnu og áætlanagerð, vinnubókarvinnu, fyrirlestra, samvinnu, para í og hópavinnu, hlustun og upplýsingatækni.

Náms- og kennslusvæði

Kennslusvæði unglingadeildar nýttust misvel. Hver nemandi hefur sitt skrifborð á svæðinu og hafa þau ekki nýst sem skyldi. Nemendur kjósa flestir heldur að vinna saman í hópum og enda skrifborðin því oftast sem ruslageymslur og/eða útibú frá herbergjum nemenda. Það væri því athugandi að fækka skrifborðunum mjög mikið fyrir næsta haust en fjölga t.d. stórum hringborðum. Skrifborðin sem eftir væru á svæðinu mætti þá nýta fyrir sérþarfanemendur þ.e. þá nemendur sem nauðsynlega þurfa þau upp á sitt dagsskipulag og vinnu sem og þá örfáu nemendur sem kjósa að vinna einir og í friði. Þar sem að borðin hafa einnig nýst sem geymslur fyrir námsgögn nemenda viljum við mælast til að annað hvort fái nemendur töskuskápa eða skúffur líkt og finna má á öðrum svæðum. Að öðrum kosti væri hægt að gera það sama og aðrir skólar og nemendur

myndu þá einfaldlega koma og fara með námsgögn sín á milli heimilis og skóla á hverjum degi. Slíkt fyrirkomulag myndi reyndar auka líkur á því að þeir nemendur sem ekki ná að halda áætlun í skólanum hafi öll gögn tiltæk heimavið til að vinna í þeim þar. Kennslusvæðin sjálf hafa líka verið misjafnlega góð að vinna í fyrir bæði nemendur og kennara. Staðsetning svæðis sem kallast Örafi var t.d. vanhugsuð en það verður seint talin góð hugmynd að setja upp kennslurými þar sem allir aðrir nemendur þurfa að labba í gegn til að komast á önnur svæði. Svæði næsta veturs verða því skipulögð með þetta í huga.

Áætlanir

Strax í haust voru námsáætlanir útbúnar á stöðluðu formi og oftast bæði prentaðar út fyrir nemendur og einnig settar inn á heimasíðu unglingadeildar naustaskoli.tk. Voru nemendur nokkuð duglegir að nýta sér heimasíðuna en sumir treystu algjörlega á að fá áætlanir útprentaðar. Nemendur unnu því í flestum fögum samkvæmt áætlun, einkum í íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og þemavinnu. Kennarar mátu nemendur samkvæmt markmiðum og merktu við árangur í Mentor. Lögð var áhersla á að nemendur myndu sjálfir bera ábyrgð á að vinna samkvæmt áætlun og skipuleggðu tíma sinn vel. Að auki fylgdust kennarar með áætlanavinnu nemenda og sendu reglulega pósta heim til foreldra ef að nemendur kláruðu ekki áætlanir í skólanum.

Námsaðlögun

Skólaárið 2014-2015 kom starfsmaður að stoðkennslu á unglingastigi Naustaskóla. Ekki hafði áður starfað sérstakur stoð/sérkennari við deildina.

Í upphafi fylgdi hann kennurum í kennslustundir og aðstoðaði nemendur þar en þegar fram í sótti byrjaði hann að taka nemendur úr tímum, bæði eina og fleiri saman, og aðstoða þá í meira næði í lokuðu rými. Einnig hélt hann áfram að aðstoða nemendur í tímum hjá kennurum.

Ofangreindir nemendur voru aðstoðaðir við almennt nám, hvort sem þeir fylgdu námsefni árgangsins eða voru í aðlöguðu námsefni. Aðstoðað var við skilaverkefni og ritgerðasmíð af ýmsum toga og reynt að fá nemendur til að skila verkefnum sínum á tilsettum tímum auk þess að halda almenna áætlun í einstaka fögum. Fámennur hópur úr 10. bekk vann í aðlöguðu námsefni í stærðfræði, bæði sem sérhópur og hópur inni í almennri stærðfræðikennslu.

Lítill hópur drengja úr 8. og 9. bekk fékk allt að tvær kennslustundir á viku þar sem boðið var upp á ýmis verkefni í smíðastofu skólans. Þessir tímar gengu vel og umræddum drengjum fannst afar gott að fá tækifæri til að líta upp úr bókunum og fá að skapa eitthvað með höndunum. Sumir þeirra sýndu góða takta í handverki og voru mjög áhugasamir. Einungis einn heltist úr lestinni auk þess sem hegðun fyrrgreindra nemenda var yfirleitt góð þótt tímarnir væru snemma dags og ekki öll lyf farin að virka eftir inntöku með morgunmatnum.

Það er skoðun stoðkennara að efla verði þátt verknáms á unglingastigi til þess að koma til móts við þá nemendur sem áhuga og hæfileika hafa til þess að vinna meira á því sviði. Í skólanum er ágæt aðstoða sem er vannýtt, a.m.k. eins og hún nýttist s.l. vetur en þá var engin kennsla í smíðastofu á föstudögum.

Um það bil 33% nemenda í unglingadeild fengu einstaklingsaðstoð við námið en inni í þeirri tölu er ekki lítill hópur nemenda, sem stundaði fjarnám í ensku og dönsku við Verzlunarskóla Íslands. Þessi hópur þurfti í flestum tilfellum ekki beina aðstoð, heldur öllu heldur almennt aðhald við verkefnaskil og ut anumhald námsins.

Flestum þessara nemenda fannst gott að fara afsíðis og fá að vinna að verkefnum í næði og vannst oft vel í þessum tímum. Einstaka nemendur voru neikvæðir og töldu sig aldeilis

ekki þurfa neina aðstoð en það var leyst með því að lauma aðstoðinni að þeim á öðrum vettvangi.

Mat og tillögur til úrbóta

Námsaðlögun gekk að mörgu leyti vel en það sem við þurfum að gera næsta vetur er að búa til námshópa sem eru að vinna að sama efni með samskonar áætlanir. Það þarf að tryggja að foreldrar nemenda séu upplýstir um stöðu nemenda og að þeir séu ekki að vinna með sama efni og aðrir.

Kennsluáætlanir – útfærsla og birting

Námsáætlanir allra kennara voru birtar inn á síðu unglingadeildar; www.naustaskoli.tk. Inn á þessa síðu settum einnig fréttir af starfinu okkar, námsáætlanir, myndbönd/speglaða kennslu og myndir. Heimasíðan reyndist ágætlega en nokkuð bar á því að foreldrar ættu erfitt með að skilja síðuna eða voru hreinlega ekki að fara inn á hana. Forsíða heimasíðunnar var einfölduð nokkuð er líða tók á skólaárið sem virtist fjölga heimsóknnum foreldra inn á hana.

Mat og tillögur til úrbóta

Helsti galli þess að nota googledrive, naustaskoli.tk og speglaða kennslu almennt er að verkefnaskil geta verið kennurum erfið. Nemendur deila fullkláruðum verkefnum með kennara sínum en þau eiga það til að týnast þegar 70-80 nemendur eru að skila. Einnig gleyma nemendur oft að merkja verkefni rétt eftir hópavinnu og þá er vinna nemenda ekki metin. Mælumst til þess að prófa að nota stafræna stílabók í formi ONENOTE.

Námsgreinar

Námsgreinum var skipt í lotur og unnið með ákveðin markmið aðalnámskrár í hverri lotu sem síðan voru metin í lok hennar.

Stærðfræði

Notast var við bækurnar, Átta tíu 1-6, Almenn stærðfræði I, II, III, og stærðfræði 8+9+10+ einnig var stuðst við aukaefni. Einnig var notast við speglaða kennslu á nams.is sem er góð viðbót í stærðfræðikennsluna. Nemendur geta horft á fyrirlestra bæði heima og í skóla og geta þannig dýpkað skilning sinn á viðfangsefninu. Hver nemandi fékk áætlun og var hún aðlöguð að hverjum og einum. 8. bekkur fór í ellefu mismunandi lotur, 9. bekkur fór í níu mismunandi lotur og 10. bekkur fór níu mismunandi lotur. Í hverri lotu fengu nemendur afhenta áætlun með námsmarkmiðum en nemendur fengu að ráða sjálfir hversu mikið magn var unnið í hverri viku svo framarlega sem áætluninni var lokið á tilskildum tíma. Nemendum fannst erfitt að búa niður áætlunina og var hún endurskoðuð um áramót en þá var hún hólfuð betur niður viku fyrir viku til að mæta enn betur þörfum nemenda og til að þeir gætu skipulagt nám sitt betur. Síðar var hún hólfuð enn betur niður og voru dæmin sett upp dag fyrir dag en stefnt er að því að hafa einungis vikuáætlun fyrir nemendur á næsta skólaári. Þessar lotur voru tvær til fjórar vikur í einu og endaði hver lota með könnunum, heimaprófi eða öðrum fjölbreyttum verkefnum. Gerð voru veggspjöld með hugtökum, tilraunir eða önnur skemmtileg verkefni. Áætlun nemenda var byggð upp þannig að nemendur voru með námsmarkmiðin, dæmin sem voru unnin sem og námsmat sýnileg. Einnig var sett inn á áætlunina efni sem var unnið með og allt aukaefni sem nemendur gátu notað til að dýpka skilning sinn og svo kom fram dagsetning á námsmati. Einnig unnu nemendur nokkur skiladæmi. Í allan vetur voru reglulega innlagnartímar og vinnustundir. Í heildina gekk vinnan og kennslan í stærðfræði vel í vetur.



Íslenska

Íslenskan byggðist upp á 7 lotum. Þær voru:

1. lesskilningur- kennari og nemendur lásu í sameiningu 12 mismunandi texta. Að lokum var tekið skriflegt lesskilningspróf.
2. ritun og stafsetning- ritaðir voru 12 mismunandi textar og unnið sérstaklega með stafsetningu samtímis
3. tímaritsvinna- nemendur unnu ýmist einstaklingslega eða í pörum og skiluðu greinum í jólatímarit Naustaskóla. Sjálfsmat.
4. kvikmyndavinna- nemendur skrifuðu handrit og gerðu stuttmynd. Jafningamat.
5. ljóð- nemendur lásu og unnu verkefni úr 6 ljóðum- skriflegt ljóðapróf
6. heimildaritgerð- nemendur gátu valið um 5 ritgerðarefni og skiluðu ritgerð
7. lestur skáldsögu- nemendur lásu skáldsögu að vali kennara- krossapróf úr því Samhliða lotunum unnu nemendur málfræði- og stafsetningarverkefni. 10. bekkur undirbjó sig þar að auki fyrir samræmdu prófin í um viku tíma.

Námsmat: Markmið voru metin í Mentor, út frá prófum og verkefnum. Markmið þurfa að vera sýnilegri nemendum ef þetta form námsmats á að virka sem skyldi. Tillaga kennara er að markmiðin séu færri og skýrari ef þau eiga að virka fyrir nemendur. Nemendur fengu einnig sín verkefni metin á einkunnakvarðanum 1-10, þar sem þeir óskuðu eftir því sjálfir. 10. bekkur var metinn í tölum 1-10.

Námsefni: Tungufoss 1-2-3, Tungutak 2-3, Finnur, Málfinnur, Ljóðspor, Ljóðsprotar, Amma glæpon, Furðulegt háttalag hunds um nótt, Synir duftsins auk ýmissa heimilda fyrir heimildavinnu nemenda.

Loturnar gengu vel, nemendur unnu vel og gott samband skapaðist á milli kennara og nemenda. Loturnar voru hæfilega langar og nemendum hentaði vel að skipta um viðfangsefni á u.þ.b. 5-6 vikna fresti.

Á næsta ári væri gaman að auka veg tjáningar og munnlegs flutnings. Væri það til dæmis mögulegt í ljóðavinnu.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur þann 15. nóvember. Sniðugt væri að lotan fyrir hann væri tengd þeirri vinnu sem í hann er lögð. Síðast fluttu nemendur verk hljómsveitarinnar Nýdanskur á ýmsan hátt og gerðu það afar vel.

Lestrarstund var á hverjum þriðjudagsmorgni og gafst hún vel. Mælt er til þess að lestrarstund verði a.m.k. tvisvar í viku. Annað skipti mætti hafa frjálsa en hitt skiptið stýrða. Einnig er mælt með samþættingu íslenskunáms við önnur fög, sérstaklega með tilliti til heimalesturs. Kennslumat fór fram í lokin og töldu nemendur sig heilt yfir hafa gagn og gaman af íslenskunámi vetrarins.

Enska

Enskunni var skipt upp í 5 lotur sem voru uppbyggðar út frá viðmiðum og markmiðum aðalnámskrár. Þar var aðaláherslan lögð á ritun, hlustun, lesskilning, framburð/samskipti og menningarlæsi. Verkefnin sem finna mátti í lotunum voru m.a. glærukynningar (framburður/samskipti), myndbandaverkefni (menningarlæsi), lestur kjörbókar á ensku (lesskilningur) og þýðingarverkefni (isl-ens/ens-ísl)/ðbook reportð (ritun) sem og mörg fleiri. Verkefnin voru sett saman á þann hátt að vinnan við þau uppfyllti þau markmið sem unnið var út frá í lotunni. Frá 1. mars unnu nemendur í námsefninu ñSpotlight 8/9/10ð eftir því hvaða árgangi þeir tilheyrðu. Er líða tók á seinni hluta vorannar tóku nemendur stóra könnun sem kannaði stöðu þeirra í helstu viðfangsefnum vetrarins.

Þeir nemendur sem þurftu aðlagð námsefni unnu í heftum/verkefnum útbúnum af kennara og fengu einstaklingsáætlanir byggðar á þeim markmiðum sem þeir voru að vinna eftir.

Almennt gekk enskukennslan vel en nokkur verkefnanna reyndust þó betur en önnur og verður upplag þeirra endurnýtt og uppfært eftir þörfum. Samkvæmt kennslumati á enskuáfanga (sem nemendur fylltu út nú í vor) voru nemendur yfirhöfuð ánægðir með



námsefnið/kennsluna í ensku og verður enskukennslan/framsetning á námsefni og verkefnum á næsta skólaári mikið byggð á þessu áfangamati sem og því sem nemendur (og kennari) töldu að betur mætti fara. Að auki verður meira um minni kannanir.

Þema

Í vetur var reynt að hafa samfélagsfræði og náttúrufræði a.m.k tvisvar sinnum í viku á hvern bekk. Breytt áhersla var á kennslunni í ár þar sem bekkirnir voru í mismunandi námsefni. Þessi breyting var gerð til þess að skapa meiri samfellu í námi nemenda í gegnum þessi þrjú ár sem þeir eru hér. Einnig hefur verið erfitt að halda 8. bekk að sama námsefni og 10. bekkur. Að lokum má nefna það að ótækt er að ákveðinn bekkur fái ekki grunnfræðslu (t.d ljóstillífun, heimsstyrjaldir) fyrr en í 10. bekk út af einhverri 3ja ára rúllu. Eðlilegt hlýtur að teljast að byggja á fyrri þekkingu og reynslu með heildarsýn, grunnhugtökum og samhengi á milli hluta og atburða.

Glósutækni nemenda var sérstaklega tekin fyrir. Þar áttu nemendur að taka virkan þátt í tímum með glósubók/google.drive og punkta hjá sér staðreyndir og námsefni. Ekki verður sama áhersla á næsta ári með glósur, en byggt verður þó á því af einhverju leyti.

Verkefnavinna, áhugi, skil og dugnaður nemenda í þemu vetrarins hafa verið til fyrirmyndar. Allir nemendur, sem almennt mættu í skólann og unnu verkefni, fengu flotta og verðskuldaða einkunn fyrir vinnu sína. Ekki er enn hægt að merkja við markmið í náttúru- og samfélagsfræði á Mentor og því fengu nemendur tölur í verkefnabók.

Á næsta ári verður lögð meiri áhersla á þemu í unglingadeild Naustaskóla. Markmið næsta vetrar er að auka verklega- og vettvangskennslu til muna. Einnig mun spegluð kennsla koma mikið inn, verkefnavinna og skil á OneNote sem og sýnikennsla með Nearpod.

Námsmat verður með svipuðu móti, þ.e, lögð verður áhersla á símat, vinnusemi og áhuga nemenda.

Áhugasvið

Um var að ræða eitt skipti í viku þar sem nemendur völdu sér sjálfir verkefni til þess að vinna og kynna síðan fyrir öllum hinum. Markmiðið með þessari vinnu er að leyfa krökkunum að velja sér verkefni eftir sínum áhugamálum en ekki að leiða þau að fyrirfram ákveðnum og niðurnjörvuðum verkefnum, sem þau skyldu vinna hvað sem tautar og raular, um leið og þetta kallar á sjálfstæði í vinnubrögðum. Einnig var það meðvitað að þrýsta ekki um of á nemendur, heldur leyfa þeim að finna sína fjöl hvað varðar vinnubrögð, ábyrgð og samstarf án mikillar utanaðkomandi íhlutunar. Þótt þessi vinna krakkanna hafi í aðra röndina verið til þess að efla sjálfstæði og ábyrgðartilfinningu voru kennararnir með annað augað á því að þau væru meðvituð um lokaskiladag.

Það sem vakti athygli var að það sem skilaði sér verst var stafræn vinna, í flestum tilfellum myndbandagerð á meðan aðrar afurðir, svo sem bókaútgáfa, smíðisgripir og matargerð skiluðu sér betur. Hugsanlega bendir það til þess að það þurfi að huga betur að upplýsingatæknikennslu í grunnskólanum. Einnig þarf að brýna fyrir nemendum að virða höfundarrétt að texta- og myndefni og láta þau vinna markvisst að því að nota eigin afurðir ef á þarf að halda.

Kennt var einu sinni í viku í 80-100 mínútur í senn. Fyrst var það þannig að strákar fóru í íþróttir eftir 80 mínútur en síðan var fyrirkomulaginu breytt þannig að 8. bekkur fór eftir 80 mínútur á meðan hinir voru 100 mínútur. Í upphafi skólaárs var farið af stað með tilbúna smíðjur sem kennarar stjórnuðu og hver hópur fór einu sinni í hverja smíðju. Smíðjurnar voru fimm talsins.

Fenginn var kennari frá Húsavík, sem stýrt hefur áhugasviði með góðum árangri, til að vera með fyrirlestur og kynna starfið þar. Margar góðar hugmyndir kviknuðu eftir þann fyrirlestur og ein þeirra var að bæta nýsköpun inn í vetrarstarfið.

Ákveðið var að skipta áhugasviðinu í 4 lotur. Fyrsta lotan var eins og áður segir tilbúna smíðjur, næsta lota var frjáls áhugasviðsvinna, þriðja lotan fór í nýsköpun þar sem nemendur fengu ákveðið þema sem þeir áttu að vinna eftir (forvarnir og fordómar), fjórða og síðasta lotan var síðan aftur frjáls áhugasviðsvinna. Notast var við verkferla sem við fengum frá Húsavík en við teljum að það þurfi að aðlagja þá betur að okkar skóla og stefnum að úrbótum næsta haust.

Við erum nokkuð ánægð með veturinn og finnst að nemendur hafi tekið framförum varðandi nýtingu tímana og sjálfstæði í vinnubrögðum. Langflestir nemendur virðast búnir að átta sig á til hvers er ætlast af þeim og farnir að leggja meiri metnað í vinnu sína. Á næsta ári stendur til að breyta tímanum þannig að íþróttir skarist ekki við áhugasviðstímuna og bindum við vonir við að starfið muni þá ganga enn betur.

Námsmat þarf að þróa betur en við höfðum þann háttinn á að senda foreldrum póst eftir hverja lotu, þar sem fram kom hvort nemandi hafi lokið lotunni eða ekki. Foreldrar þeirra nemenda sem voru til fyrirmyndar fengu einnig sendan póst þar sem tekið var fram að börn þeirra hafi staðið sig með sóma. Því verður eflaust haldið áfram en heildarnámsmat má gera skýrara og skilvirkara. Einnig má nefna að æskilegt væri að breyta nafni "áfangans" þannig að orðið "nýsköpun" komi þar fram, þar sem spurningar kviknuðu um tengingu nýsköpunar við áhugasvið.

Danska

Áhersla hefur verið á hlustun hjá öllum aldurshópum í vetur. Strax í upphafi árs var ákveðið að nemendum skildi skipt upp í mismunandi stig. Þessi stig voru frá einum og upp í fjóra. Flestir nemendur 8. bekkjar voru á 2. stigi. Í 9. bekk voru nemendur á 3. og 4. stigi til skiptis. 10. bekkur var mest dreifður. Þar voru nokkrir nemendur á 2. stigi, aðrir á 3. og þrír nemendur á 4. stigi.

Þessi stigskipting var gerð til þess að tryggja það að nemendur séu með námsefni sem hentar námslegum þörfum þeirra. Ekki voru eiginlega námsbækur notaðar í námsgreininni en flest verkefni voru byggðar á bókunum EKKO, TÆNK og START.

Skil á verkefnum voru til fyrirmyndar. Nemendur fengu að ráða hvort skil voru á google.drive eða á pappír. Um 20 nemendur kusu að skila öllu á drive og er það jákvæð þróun.

Flestir nemendur unglingadeildar eru að fá góða einkunn í dönsku og kemur það til vegna símats í námsgreininni. Helst var horft til þátttöku í tímum og skil á verkefnum við gerð námsmats.

Þrátt fyrir að símat sé gott og gagnist bæði kennara og vinnusömum nemendum, þá mætti bæta við fleiri könnunum/verkefnum sem athuga hvað nemendur hafa í raun lært. Ekki má þó gera of mikið af þessu því símatið ætti að vera ráðandi þáttur í dönskunámi nemenda.

Jákvæður agi - Gæðahringir

Gæðahringir voru í umsjónarhópum og oftast fyrst á morgnana. Markmiðið var sett á að nemendur stýrðu gæðahring og yrðu virkir í umræðum.

Gæðahringirnir voru a.m.k þrisvar sinnum í viku og gengu þeir í heild vel. Byrjað var á seinni hluta vetrar að vinna eftir áætlun frá JA nefndinni. Það gekk þokkalega. Ljóst er þó að kennarar þurfa meiri þjálfun eða tilsögn í því hvernig á skapa rétt andrúmsloft í kringum gæðahringina.

Nemendum þykir gott að byrja daginn sinn á gæðahring og vilja fleiri, þó svo að það hafi ekki verið hægt upp á stundaskrá að gera. Á næsta ári væri gaman að fá sjáanlegri siðfræði inn í gæðahringina sem myndu þá, að okkar mati, henta þessu aldurstigi betur heldur en margar JA æfingarnar.

**Vettvangsferðir**

Nemendur unglingastigs Naustaskóla fóru því miður í of fáar vettvangsferðir. Í upphafi skólaárs var farið í ferð upp í Kjarnaskóg og Naustaborgir í jarðfræðipema. Í sögu- og siðfræði var farið í tvær vettvangsferðir í allt. Þær snéru báðar að grenndarkennslu og sögu nærsamfélagsins.

Farið var ferð upp í Norðurorku í desember. Þrátt fyrir vonskuveður og erfiðleika í því að komast þangað, var ferðin ánægjuleg. Baldvin Dýrfjörð kynnti þar starfsemi og skyldur Norðurorku.

Á vormánuðum fór 9.bekkur í heimsókn í sal FIMAK. Þar fengu nemendur fræðslu og kennslu í fimleikum. Um var að ræða gott framtak sem gaman væri að endurtaka að ári.

Á vetrinum fóru nemendur í fylgd með kennurum sínum í Lundarskóla á fyrirlestur um forvarnar- og kynfræðslu.

Hinir árlegu Raunveruleikar voru haldnir hátíðlegir í maí. Þar tóku nemendur í 8. og 9. bekk þátt í hópverkefnum í nærumhverfi skólans. Veitt voru vegleg verðlaun fyrir 1.sætið og er óhætt að segja að allir nemendur hafi staðið sig.

Á næsta ári er það ljóst að allir kennarar þurfa að vera duglegri við að nýta vettvangsferðir fyrir nemendur. Helst verður horft til þess að allar áætlanir fyrir þemu muni innihalda vettvangsferðir af stærri eða minni gerðinni.

Aðrir viðburðir og fræðsla

Sjóváfræðsla, Tannvernd, jafningjafræðsla frá VMA, Tölvufræðsla frá Arnari fyrir 10. bekk, fyrirlestur um markmið frá Þorgrími Þránsyni fyrir 10. bekk, Hipp hipp hóra f. 10. bekk, Jafningjafræðsla - örugg tölvunotkun - 8. bekkur, Kynfræðsla fyrir nemendur 8. bekkjar og fræðsla fyrir foreldra, Aflið fyrir 9. bekk, Jafnréttisfræðsla frá nemendum MA, Sigga Dögg - kynfræðsla f. 8. bekk, Boð á Kynfræðslu Þörupilta í Hofi, Eining - Iðja f. 10. bekk, Guðjón - tölvufræðsla f. 8. bekk, Forvarnardagurinn - 9. bekkur, Heimsókn 10. bekkjar í MA, Námsækni - að skipuleggja tíma sinn.

Ný aðalnámskrá

Unnið var með markmið aðalnámskrár í námsáætlunum og merkt við þau í Mentor eftir því sem námsmati vatt fram yfir veturinn.

Gagnrýni

Ljóst er að margt þarf að laga og bæta varðandi markmiðaskráningu. Markmið þurfa að vera skýr og samkvæmt aðalnámskrá inn á Mentor. Ef markmiðin væru í lagi væri auðveldara að vinna eftir þeim og auðvelt og þægilegt fyrir kennara að merkja við þau. Þetta þarf því að laga. Fundir starfsmanna/kennara mættu vera mun styttri og hnitmiðaðri. Mælum með almennri notkun tölvupósts til útskýringa og upplýsingamiðlunar milli stjórnenda og starfsfólks almennt. Upplýsingafundur sem er tveir tímar að lengd skilar sjaldnast meiru heldur en hnitmiðaður 45 mín. fundur.

Námsmat**Námsmöppur**

Kennarar völdu almennt fyrirfram hvaða verkefni áttu að fara í matsmöppurnar en að auki völdu nemendur sjálfir hverju sinni, eitt eða fleiri verkefni, sem þeir voru sérstaklega stoltir af til að setja inn í möppurnar. Matsmöppur fóru heim þrisvar yfir skólaárið (október, desember og apríl) með verkefnum úr öllum námsgreinum.

Sýnimappa á skólaslitum

Í sýnimöppu velja nemendur verkefni sem standa upp úr eftir veturinn. Verkefnin voru valin úr hverri námsgrein og þurftu þau að velja verkefni sem þau voru stolt af.

**Tillögur og vinnufyrirkomulag fyrir næsta vetur í sýnimöppu.**

Nemandi skal útbúa nýja forsiðu á hverju ári. Í byrjun hvers skólaárs útbúa nemendur inngang að nýju skólaári, t.d. með að lýsa helstu persónueinkennum, markmiðum sínum fyrir komandi vetur, lýsa sjálfum sér og á þessi inngangur að vera fremst í plastumslagi.

Samráðs- og matsdagar

Okkar mat er að það megi nýta þessa fundi meira í að segja frá hugmyndum og verkefnum sem hafa gefið góða raun. Ekki að kennarar eyði tíma í að tala um bækur, kennsluáætlanir og verkefnabækur.

Auka þarf samstarf á milli skólastofnana bæjarins í t.d náttúru- og samfélagsfræðikennslu. Gott væri ef bærinn ætti til að mynda samgögn þar sem einungis verkefni og hugmyndir frá kennurum væri birt.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði, foreldraviðtöl voru 2x yfir veturinn. Inn á heimasíðu unglingastígs voru reglulega settar inn fréttir, myndir og verkefni sem verið er að vinna að hverju sinni. Foreldrar fengu vikupóst vikulega ásamt því að fá tilkynningar inn á heimasíðu deildarinnar, www.naustaskoli.tk ef eitthvað sérstakt var. Námsáætlanir birtust einnig þar en á www.Mentor.is gátu foreldrar svo fylgst með námsframvindu barna sinna. Kennarar kostuðu kapps um að vera í góðu samstarfi við foreldra og héldu þeim vel upplýstum um nám og líðan barna þeirra allan veturinn með reglulegum póstum. Þrátt fyrir að heimasíðan hafi nýst ágætlega hafa kennarar, og skólinn undir forystu skólastjóra, ákveðið að prufa enn að nýju eitthvað nýtt í tæknilánum deildarinnar. Nú í ár gera kennarar ráð fyrir að taka upp notkun á OneNote (stafrænni stílabók) og nýta vefsíðuna www.nearpod.com til upplýsingamiðlunar til nemenda og utanumhaldi um verkefnaskil. Þar með hafa kennarar og foreldrar jafnan aðgang að verkefnabókum nemenda. Fróðlegt verður að sjá hvernig það muni ganga.

Skólaferðalag 10. bekkjar

Að hausti byrjuðu nemendur 10. bekkjar að undirbúa fjáröflun fyrir skólaferðalag í samráði við kennarana Herdísi og Ásu Katrínu sem og foreldra. Eftirfarandi er skipulag ferðalagsins (með breytingum sem gerðar voru á meðan/strax eftir ferðalag) ásamt athugasemdum um það sem þarf að gæta sérstaklega að fyrir næsta ferðalag.

Skipulag skólaferðar

Þriðjudagur 26. maí

8:30 - Mæting í Naustaskóla (með nesti fyrir hádegismat/kaffi)

9:00 - Brottför frá Naustaskóla

10:30 - Rafting á Bakkaflöt (ca. 3 tímar)(sundföt og ull/flís að ofan)

13:30 - Sund og pottar á Bakkaflöt (Muna að hafa handklæði)

14:30 - Matur á Bakkaflöt (pizza)

15:30 - Brottför til Reykjavíkur - Hótel Cabin (nem. borða nesti sitt í rútunni)

19:30 - Komið á Hótel Cabin og gengið frá farangri

20:30 - Labbað á Hamborgarafabrikkuna í kvöldmat (2000 kr. á mann).

Miðvikudagur 27. maí

9:00 - 9:45 - Morgunmatur á hóteli

9:45 - Brottför í Adrenalíngarðinn

10:30 - 13:30 - Adrenalíngarðurinn

14:00 - Matur á Selfossi/KFC (2000 kr. á mann)

15:00 - 16:00 - Draugahúsið á Stokkseyri



17:00 - 18:30 - Hótel Cabin, hvíld/sturta e. Adr.garð/fataskipti fyrir mat og bíó
18:30 - 19:20 - Matur, Skeifan/Glæsibær. T.d. Subway / KFC / Saffran / Tokyo Sushi /
Salatbarinn / (2500 kr. á mann)
20:00 - Bíó í Kringlunni (2500 kr. á mann)
Fimmtudagur 28. maí
8:00 - Morgunmatur á hóteli
8:45 - Brottför í Gokart
9:00 - 11:00 - Gokart
11:00 - 13:00 - Kringlan/hád.matur/nesti eftir BL (vasapen. 8500 kr. á mann)
13:00 - 17:00 - Brottför í Bláa lónið
17:00 - 18:00 - Fataskipti á hóteli - MJÖG snyrtileg föt (næstum spariföt)
18:00 - Leyndarmál til kl. 23:00 um kvöldið - Snyrtileg föt (spariföt)

Föstudagur 29. maí

9:00 - Morgunmatur

10:00 - Brottför frá Reykjavík
Stoppað á leiðinni og borðað!!! (2500 kr. fyrir veitingar yfir daginn)
15:30 - 16:00 - Komið til Akureyrar

Athugasemdir fyrir næsta ár: Ferðaáætlun stóðst yfirleitt mjög vel og ekkert mikið sem fararstjórar myndu breyta. Það sem gott væri þó að hafa í huga er að þrátt fyrir að hafa fengið hinar ýmsu staðfestingar á viðburðum, í formi bæði tölvupósta og munnlegra staðfestinga í gegnum síma, þá er það ekki alltaf nóg. Nauðsynlegt er að muna að hringja í vikunni áður á alla staði sem ætlunin er að heimsækja til að minna á hópinn og vera viss um að allt standist örugglega.

Panta limósíu með mjög góðum fyrirvara og greiða hana strax. Gott er að muna að hringja í bíóið sem fara á í nokkru áður/allavega daginn áður og fá hóptilboð í mynd+popp+kók. Við fararstjórar vissum ekki af þessum möguleika og því var þetta ekki gert. Muna að láta vita með góðum fyrirvara af komu hópsins í Bláa lónið. BL hefur reglur og viðmið um ca. hversu margir grunnskólanemendur mega vera ofan í lóninu hverju sinni og þegar að svona stór hópur á þessum aldri kemur í lónið þá þarf að leggja inn ñpöntunð fyrir því. Muna að segja brottför frá hóteli alltaf 15. mín fyrir en áætlað er/eða þarf þar sem að nær alltaf verða einhverjar ófyrirsjáanlega tafir (brottför er því 8:45 (í stað 9:00) og 9:45 (í stað 10:00)). Þetta er einnig gert þar sem að yfirleitt þarf smáundirbúning og útskýringar á hverjum stað sem farið er á og þær taka alltaf lengri tíma en áætlað er þegar hópurinn er stór (t.d. í Adrenalíngarði og í Gokart) og því betra að vera komin aðeins fyrir á staðinn. Adrenalíngarðurinn er einnig yfirleitt fullbókaður á þessum tíma á vorin og það tekur hópinn mjög langan tíma að vinna sig í gegnum hann og því er mikilvægt að vera komið þangað á nákvæmum tíma. Hópurinn þetta árið var til dæmis ekki alveg búinn þegar að næsti hópur var kominn.

Muna að biðja bara um þriggja-fjögurra manna herbergi á hótelinu í stað tveggja manna líkt og var í ár. Ef einhver ákveður að fara heim skyndilega að kvöldi þá er allavega enginn einn í herbergi.

Fjáröflun: Nemendur sem fóru í ferðina voru 15 talsins. Yfir veturinn söfnuðu þau ca. 1.500.000 kr. og því má segja að hver nemandi hafi safnað um 100.000 kr. Innan þessarar upphæðar er einnig gert ráð fyrir kvöldmat á útskriftarkvöldi þar sem nemendur bjóða kennurum unglingadeildar út að borða með sér og 60.000 þús. kr sem renna til næsta árgangs.



Nemendur

Líðan

Heilt á lítið má segja að nemendum unglingastigs líði ágætlega og þeir séu ánægðir í skólanum. Það má styðja með ánægjulegum niðurstöðum könnunar Skólapúlsins 2014 - 2015. Þar kemur meðal annars fram að nemendur telja sig hafa ágæta stjórn á eigin lífi og að þeir eigi gott samband við kennarana sína. Sjálfstraust nemenda er örlítið undir landsmeðaltali, munurinn er ekki marktækur meðal drengjanna en töluverður hjá stúlkunum. Þær niðurstöður þarf að vinna með og reyna með öllum ráðum að auka sjálfstraust stúlkanna. Halda þarf því á lofti að þrátt fyrir mjög litla heimavinnu og fá próf þá séu nemendur alveg jafnt undirbúnir eftir nám í Naustaskóla og aðrir sem koma úr öðrum skólum.

Við höfum lagt okkur mjög fram um að tryggja vellíðan nemenda og eigum gott og persónulegt samband við alla.

Eineltismál og agamál

Agamálin hafa verið í nokkuð góðu horfi. Það sem helst þarf að leggja áherslu á að laga er að skapa betri vinnufrið og efla námsmoral hjá nemendum. Síamál hafa verið trufla okkur aðeins eins og áður. Það var þó tekið fastar á þeim málum á seinni hluta vetrar þar sem kennarar gáfu val um að setja símann á ákveðinn stað þegar síminn var óþarfur í kennslustund. Haldið verður áfram með þær verklagsreglur á næsta ári. Engin eineltismál komu upp á yfirborðið í vetur.

Námsárangur

Nemendum hefur farið mikið fram í náminu í vetur, sérstaklega nemendum 8. bekkjar. 10. bekkurinn var hvorki sterkur námslega né félagslega en flestir nemenda náðu að snúa við blaðinu í vetur og útskrifuðust með ágætis einkunnir. Nemendur 9. bekkjar hafa sýnt góðan náms- og félagslegan árangur í vetur. Nánast allir nemendur bekkjarins hafa bætt sig frá því í 7. og 8. bekk. Nemendur eru frekar sjálfstæðir í námi og yfirleitt vinnusamir.

Ástundun

Allt of margir nemendur á öllum stigum 8., 9. og 10. bekk eru að mæta of seint í skólann á morgnanna og í tíma yfir daginn. Fjarvistir nemenda eru því of margar. Haft var samband við foreldra þegar nemendur voru komnir með tíu fjarvistir/ seinkomur. Boðað var til fundar með foreldrum ef farið var yfir æskilegan fjölda þar sem farið var yfir möguleg vandamál og úrlausnir. Töluvert var einnig um veikindi á nemendum.

Úrbætur og ráð: Gott að hafa í huga að fyrsti tími á morgnanna sé lengri en 20 mín. til að nemendur fá ekki fjarvist ef þeir koma 10 mín of seint. Áætla má að fjarvistum myndi fækka mikið ef fyrsti tími dags væri 40 mín. eða 60 mín. Kennarar þurfa einnig að vera komnir á svæðið til að merkja strax við kl. 8:10, og þá er auðveldara að samband fyrr við foreldra ef nemandi mætir ekki á réttum tíma eða fær fjarvistir. Gott að hafa að leiðarljósi að einhverjar afleiðingar verði ef nemandi bætir sig ekki.

Mætingar nemenda eru sendar heim vikulega í Mentor. Það er mat kennara að mætingar nemenda séu á ábyrgð foreldra, kennarar eru aðeins stuðningur vð nemendur þegar kemur að mætingum.

Mat og tillögur til úrbóta

Varðandi mætingar nemenda er mjög brýnt að taka á fjarvistum og seinkomum. Það er mat okkar að þessi mál séu í ólestri og nauðsynlegt er að vinna á mætingum nemenda í samstarfi við foreldra og stjórnendur.

Of margir nemendur eru með 15 til 30 fjarvistir án þess að nokkuð sé í því gert en betra væri ef afleiðingar þess að mæta seint eða ekki neitt væru einhverjar.



Uppbrotsdagar eru of margir og gerist það of oft yfir veturinn að stærri atburðir, eins og árshátíð skóla og Dagur íslenskrar tungu, setji námið í uppnám. Það gæti verið ráð að festa einn tíma á viku þar sem svona hlutir eru undirbúnir. Hægt er að vera með fleiri leikarahópa, undirbúningshópa o.s.frv.

Samstarf í teyminu

Samstarf í teyminu gekk vel og helstu styrkleikar þess voru góð samvinna sem var mjög lausnamiðuð. Teymið hafði skýra verkaskiptingu þar sem styrkleikar hvers og eins voru nýttir. Fundarskipulag var í mjög föstum skorðum og unnið var samkvæmt verklagi frá stjórnendum og fundir haldnir vikulega í einn skipulagsfundur, einn nemendafundur og trúnaðarfundur. Umræður á fundum voru mjög opnar og málefnalegar. Það sem einkenndi einnig starf teymisins var vilji til að ná árangri og áttu sér stað stöðugar umbætur. Starfsfólki teymisins var mjög umhugað um líðan og stöðu nemenda og að tengsl nemenda og starfsfólks einkenndust af góðvild og trausti.

Kennsluaðferðir og námsmat var mjög fjölbreytt. Vekja þarf aftur upp þemakennslu með meiri samþættingu annarra námsgreina og þátttöku annarra kennara. Endurmenntun teymisins fólst aðallega í notkun tækninnar og speglaðri kennslu, sérhæfingu í viðkomandi námsgreinum og teymisvinnu.

Á næsta ári er mælum við með því að teymið endurvekji kaffihúsafundi til að auka starfsánægju. Við teljum teymið okkar vera á mjög góðri leið í sinni vinnu og að okkur hafi tekist mjög vel upp í okkar störfum.

Varðandi endurmenntunina erum við þeirrar skoðunar að teymið ákveði þá endurmenntun sem því finnst nýtast sér í starfinu.

Mat á skólastarfinu í heild – hvað er mikilvægast að skólinn leggi áherslu á í umbótum næsta skólaár?

Kennarar og nemendur þurfa að nota upplýsingatækni á ábyrgan og skilvirkan hátt.

Við viljum tryggja það að nemendur læri að nota spjaldtölvur og aðra upplýsingatækni á ábyrgan hátt. Nemendur þekkja og skilja markmið námsins og geta áætlað með eigin nám. Með einföldun á orðalagi markmiða úr Aðalnámskrá má ná betri áhuga og árangri nemenda við að ná settum markmiðum. Námssvæði verði skipulögð með tilliti til mismunandi námsstíla nemenda. Námssvæði næsta árs verði skipulögð út frá námsgreinum þar sem hver á sitt heimasvæði. Einnig verður tekið tillit til aðgengis fatlaðra og það bætt. Á hverju námssvæði væri æskilegt að hafa skjávarpa og töflu til að skrifa á. Nemendur og starfsfólk þurfa að nýta tíma sinn vel og vera stundvís. Foreldrar þurfa að bera ábyrgð á stundvísi barna sinna. En við kennarar þurfa að sýna fordæmi með því að byrja gæðahringi og kennslu á slaginu 08:10. Einnig þurfa kennarar að gera nemendum það ljóst að það gengur ekki að mæta of seint í tíma og ótíma.

Við skuldbindum okkur til þess að skrá í dagbók og senda póst heim út af minni atvikum.

Skýrsla verkgreinateymis

Starfsmenn teymis: Brynja Elín Birkisdóttir (tónmennt/leiklist), Dögg Stefánsdóttir (hönnun og smíðar), Gyða Björk Aradóttir (heimilisfræði), Halla Jóhannesdóttir (myndmennt) og Valdís Rut Jósavinsdóttir (textílmennt)

Námsumhverfi/skipulag.

Skipulagning námsins.

Í 1. bekk var boðið upp á tónmennt og var bekknum skipt í 4 hópa og hverjum hóp kennt í 30 mínútur, einu sinni í viku. Önnur list- og verkgreinakennsla var í höndum umsjónarkennara.

Í 2. og 3. bekk voru list- og verkgreinarnar kenndar í fjórum smiðjum sem samanstóðu af tónmennt/leiklist, hönnun og smíði, textílmennt og myndmennt. Vinnustundirnar voru 60 mínútur í senn. Hópnum var kynjaskipt og mættu þeir tvisvar í viku í smiðjur, um 10-12 nemendur í hóp.

Í 4. og 5. bekk og 6. og 7. bekk samanstóðusmiðjurnar af heimilisfræði, hönnun og smíði, tónmennt/leiklist, textílmennt og myndmennt. Vinnustundirnar voru 100 mínútur í senn, tvisvar í viku, í 7 vikur. Hópastærð var um 11-16 nemendur.

Val. Boðið var upp á list og verkgreinar í vali hjá 8. og 10. bekk. Kennslustundin var 80 mínútur og fjöldi nemenda misjafn, allt frá 7 til 13.

Skipting í námshópa

Stærð hópa voru frá 10 og alveg upp í 16 nemendur,

List- og verkgreinakennarar eru sammála um að hámarksfjöldi nemenda í hóp séu 12 nemendur.

Verkgreinakennarar tóku að sér að skipta í hópa og var þeim kynjaskipt. Passa þarf upp á að þeir nemendur sem þurfa stuðning, fái þann stuðning líka í verkgreinunum. Ekki er æskilegt að teymisfundir stuðningsfulltrúa séu á sama tíma og smiðjur. Stuðningsfulltrúar ættu að vera með nemendum sínum í þessum kennslustundum eins og öðrum og vera þar sem þörfin er mest. Upplýsingaflæði vegna nemenda þarf að vera markvissara, þ.e. að verkgreinakennarar fái allar nauðsynlegar upplýsingar um nemendur og þær upplýsingar séu uppfærðar reglulega. Að sama skapi þurfa verkgreinakennarar að koma nauðsynlegum upplýsingum til umsjónarkennara.

Námsgreinar, kennsluhættir, námsaðlögun

Heimilisfræði.

Heimilisfræðikennsla nemenda í 1. og 3. bekk var í höndum umsjónarkennara skólaárið 2014-2015.

Í vetur var hópum í heimilisfræði í 4.-7. bekk skipt upp eftir kyni. Hver hópur var sjö vikur í senn, tvisvar sinnum í viku og hver kennslustund var 100 mínútur.

Kennslustundirnar voru að mestu leiti verklegar og lögð var megin áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og frágang. Bókleg vinna var lítill hluti og nýttu nemendur lok tímana í þau verkefni þegar tími gafst til. Markmið kennslustundarinnar voru skrifuð upp á töflu, ásamt verkefni dagsins.

Þrír hópar voru í heimilisfræðivali þennan vetur. Hóparnir komu einu sinni í viku, 80 mínútur í senn. Nemendafjöldi var frá 8 til 14 í hverjum hóp.

Lögð var áhersla á að kenna nemendum sjálfstæð vinnubrögð og að vanda frágang. Nemendur fengu leiðsögn í verklegum þáttum í upphafi kennslustundar og unnu svo með aðstoð kennara. Í einum hópnum var alltaf stuðningsfulltrúi með. Nemendur fengu þjálfun í að lesa uppskriftir og mæla rétt samkvæmt þeim. Lögð voru fyrir ýmis verkefni, þar sem markmiðið var t.d. að kynna fjölbreyttri matarmenningu, gera fræðsluplakat um næringarefni, örverur ofl.

Hönnun og smíði

Smiðjur hjá 2. og 3. bekk voru tvisvar sinnum í viku í klukkutíma í senn. Smiðjur hjá 4-7. bekk tvisvar sinnum í viku í 100 mín. Lagt var upp með 5 í 6 skylduverkefni í hverjum hóp sem unnin voru en nemendur fengu að ráða útfærslu á sýnum smíðahlutum og gera þá persónulega. Mikið var lagt upp úr vandvirkni og að nemendur efldu sköpunarhæfileika sína meðall annars með skreytingu á sínum smíðagriðum og útfærslu á þeim. Ef nemendur kláruðu öll skylduverkin sín þá máttu þeir fara í frjáls verkefni sem gekk oftast vel. Heilt yfir þá gengu smiðjur vel og fannst mér gott að hafa stýrð verkefni.

Myndmennt

Í 2.-3.b. voru smiðjur fjórum sinnum í viku. Stúlkur tvisvar og strákar tvisvar. Hver tími var klukkutíma langur. Í það heila gekk veturinn mjög vel. Hóparnir voru misjafnir en hæfilega stórir eða 10 í 14 í hóp. Lögð var áhersla á litablöndun, skissubókarvinnu, áhrif lita á umhverfið og áferð. Einnig var lögð áhersla á almenna sköpun auk þess var markmið að leggja áherslu á fjölbreytt vinnubrögð og tækni. Kennari var með ákveðin markmið í fyrirrúmi sem þurfti að aðlaga síðan að hverjum hópi og nemendum. Mikil áhersla var lögð á einstaklingsupplifun og að efla frumkvæði. Í heildina litið gekk þetta mjög vel og voru nemendur yfirleitt mjög jákvæðir og iðnir.

Í 4.-7. bekk voru loturnar 100 mínútur sem hentar mjög vel því þá er hægt að gefa sér góðan tíma í innlögnum, sköpunina sjálfa og síðan frágang. Flestir nemendur voru mjög meðvitaðir um verkefnið sín og lögðu sig fram um að ljúka við vinnu sína og ganga vel frá verkum sínum. Hóparnir innan þessa árganga voru mjög ólíkir og er gaman og hollt fyrir okkur kennara að sjá hvað nemendur nálgast viðfangsefnið á misjafnan hátt.

Nemendur þessara árganga voru upp til hópa jákvæðir og duglegir. Í 4. og 5 bekk var áhersla lögð á skissugerð, litahringina, andstæða liti, kyrrð og hreyfingu í myndum og myndbyggingu. Þar var líka lögð áhersla á fjölbreytt vinnubrögð með fjölbreyttum tækjum og tólum.

Í 6. og 7.b. unnu nemendur að hlutföllum mannsandlits, fjarvíddarverkefni, andstæðum litaverkefnum, teikningu og smávegis um listsögu.

En eins og hjá hinum árgöngunum var áherslan lögð á fjölbreytileikann, bæði í útfærslu verkefna sem efnum og áhöldum. Það þarf samt að passa að hóparnir í 6. og 7.b. verði ekki of stórir því myndmenntastofan tekur ekki svo marga svo vel gangi.

Tveir valhópar voru í myndmennt á mánudögum og miðvikudögum. 7 nemendur á mánudögum og 9 á miðvikudögum. Þessir hópar unnu vel að sínu en afrakstur var mjög misjafn. Lögð var áhersla á frumkvæði nemendanna sem var æði misjafnt. Sumir nemendanna voru uppfyllir af hugmyndum á meðan aðrir þurfu að fá matreitt ofan í sig.

Mat: Innbyrðis voru allir hópar ólíkir og það gerir vinnuna svo skemmtilega að sama viðfangsefni er leyst á svo margbreytilegan hátt. Nánast undantekningarlaust gekk vel með alla nemendur og var leitast við að koma til móts við þá. Upplifun myndmenntakennarans er sú að nemendur hafi upp til hópa verið ánægðir.

Myndmenntakennari reyndi í upphafi að hengja upp og sýna verk nemenda jafnóðum sem er vel en gat það verið hin mesta vinna að taka verkin niður og kennaratyggjó af hverri mynd. Kennaratyggjó er óheppilegt það skemmir verkin og skilur eftir sig fituummerki. Auk þess sem loftið í skólanum er þurrt og líftími verkanna á veggjum er ekki langur. Mjög hentugt væri ef hægt væri að koma því við að kaupakorktöflurúllu sem hægt væri að setja á þá veggj sem eru lausir.

Það myndi spara þríf og innkaup á kennaratyggjó. Einnig væri mjög gott að fá korktöflufleka inn í myndmenntastofu svo hægt væri að hengja þar verk nemenda sem og aðrar fyrirmyndir verkum.

Sú nýjung var tekin upp að hver nemandi bjó til skissubók sem fylgdi þeim í gegnum



smiðjurnar. Misjafnt var hvernig við kennarar nýttum bókina en ætlunin er að halda þessu í sessi. Í myndmennt urðu skissubækurnar eins ólíkar og þær voru margar og misjafnt hversu vel börnin tileinkuðu sér þau vinnubrögð sem ætlast var til. Heilt yfir tókust þær vel og voru settar í Portfolio/safnmöppuna í lok skólaársins. Myndmenntakennari setti verkefni smiðjuhópa í námsmöppur sem fóru reglulega heim yfir skólaárið.

Varðandi markmiðalista finnst myndmenntakennara að þeir listar eigi að vera lifandi plagg og það eigi að vera hægt að haka við markmiðin og breyta, eftir aukinni þekkingu nemenda fram og tilbaka í þrepum.

Textílmennt

Í 2. og 3. bekk gekk mjög vel þar sem nemendur voru jákvæðir og duglegir að vinna og nemendum af báðum kynjum finnst ennþá mjög skemmtilegt í textílmennt. Skylduverkefni voru fjögur, þæfing þar sem nemendur lærðu grunninn í þæfingu, byrjuðu á því að þæfa utan um óskastein. Því næst þæfðu þau nokkrar kúlur í mismunandi stærðum sem enduðu í fallegum fugli sem nemendur voru mjög stoltir af. Snúrur sem nemendur hekludu enduðu síðan utan um krukkur sem varð að fallegum kertastjaka eða pennastandi. Verkefnið sem nemendum fannst skemmtilegast að vinna var kóngulóarvefurinn, nemendur fengu þrjár greinar sem þeir festu saman og mynuðu þær stjörnu sem vefað var síðan á hring eftir hring og útkoman stórglæsileg. Skissubókin var notuð til að teikna myndir af verkefnum nemenda eftir að þau voru tilbúinn.

4. í 5. bekkur tókst á við aldagamalar hefðir og saumuðu út í java, nemendur lærðu nokkrar tegundir af útsaumssporum og saumuðu út eftir leiðbeiningum kennara. Nemendur bjuggu einnig til sitt eigið munstur/stafi og saumuðu þá í javann eftir sínu eigin höfði. Nemendum fannst verkefnið skemmtilegt og fannst þau læra mikið nýtt. Settir voru lásar í og búið til pennaveski úr fallega útsaumnum. Nemendur skráðu markmið áfangans í skissubókina sína og mátu sig síðan í lok smiðjunnar eftir markmiðunum. Bókin var einnig nýtt fyrir skissugerð og hugmyndavinnu.

6. í 7. bekkur tókust enn á ný við saumavélina. Mikil breyting var á milli ára hjá þessum árgöngum þar sem ekki var eins mikið val hjá nemendum þetta skólaárið, skyldustykki var hjá báðum árgöngum. Nemendur í 6. bekk saumuðu púða og nemendur í 7. bekk gerðu svuntur. Hóparnir voru mjög misjafnir og í sumum hópum tókst að gera aukaverkefni en öðrum ekki. Nemendur skráðu markmið áfangans í skissubókina sína og mátu sig síðan í lok smiðjunnar eftir markmiðunum. Nemendur eru að læra smátt og smátt að tileinka sér að nota skissubókina og er gaman að sjá hugmyndir og vangaveltur nemenda í henni sem eru núna búin að vinna með bókina í þrjú ár.

Valáfangar í textílmennt voru fatasaumur og þrykk. Í fatasaum lærðu nemendur að taka upp snið, leggja snið á efni og mæla fyrir saumförum. Mikla einstaklingsmiðun þarf í þessum tímum þar sem nemendahópurinn er mjög misjafn og sumir að koma þriðja árið í röð í áfangann en aðrir með lítinn grunn. Kennari leggur mikla áherslu á að nemendur fái að vinna verkefni sem þeir hafa áhuga á að vinna og leitast við að verða við óskum hvers og eins varðandi hráefni og verkefnaval eins og mögulegt er. Þrykk var síðan kennt í fyrsta skipti í vali þetta skólaárið í Naustaskóla. Hópurinn var heldur stór miðað við aðstöðuna í textílmenntarstofunni en bjargaðist þar sem myndmenntarstofan var laus á saman tíma og þrykkímarnir voru. Tímarnir tókust mjög vel og voru nemendur og kennari mjög ánægð með áfangann. Gaman var að sjá þegar leið á áfangann hversu sjálfstæðir nemendur voru orðnir og kennarinn orðinn meira til aðstoðar. Skólinn er að koma sér upp góðum tækum og tólum fyrir þrykkið en augljóst er að þessi áfangi er ekki ódýr. Skissubók var ekki vel nýtt í hvorki fatasaum né í þrykkinu.

Markmiðinn sem eru inn á Mentor þarfnast lagfæringar, einfalda þarf markmiðin og mikilvægt að þau séu mælanleg. Kennari notar markmiðin mikið í kennslunni í samtölum



við nemendur og einnig í sjálfsmati þeirra en þau þurfa að vera á mannamáli þannig að allir skilji þau jafnt börn sem fullorðnir.

Tónmennt/Leiklist

Tónmenntin sameinaðist leiklistinni þetta árið og gekk það mjög vel. Leiklistin tók yfir stærri partinn þegar kom að verkefnum og meiri áhersla lögð á söng í tónmennt í stað verklegra verkefna.

1. bekkur - Bekknum var skipt í 4 hóp og kennt í 30 mínútur í senn einu sinni í viku. Unnið var eftir markmiðum sem sett voru og kennd ýmis lög. Fjöldmörg verkefni voru unnin sem miðuðust að því að kenna nemendum að greina milli ýmissa tónlistarhugtaka s.s. hárra og djúpra tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt, veikt og sterkt. Dans var einnig kenndur og kenndir ýmsir hring- og hreyfidansar. Hljóðfæri voru kynnt og prufað að spila á hljóðfæri í takt við tónlist. Meiri áhersla var lögð á söng þetta árið og einnig voru umsjónarkennarar í 1. bekk duglegir að syngja með börnunum. Engin markviss leiklistarkennsla fór fram í 1. bekk en leikir voru mikið notaðir sem kennsluaðferð og til gamans.

2. og 3. bekkur - Kennt var í smiðjum í tónmennt/leiklist. Hverjum hóp var kennt 2 sinnum í viku í 8 vikur og voru hóparnir kynjaskiptir. Þetta árið var meiri áhersla lögð á söng og byrjuðu flest allir tímar á því að sungin voru lög úr söngbók sem kennari hafði útbúið um haustið. Það gekk mjög vel. Nemendur vöndust fljótt þessu fyrirkomulagi og fengu að velja óskálög ásamt þeim lögum sem kennari lagði fyrir hverju sinni. Einnig var farið yfir heitin á skólahljóðfærunum og hljóðfærafjölskyldunum og tengt þar á milli og áhersla lögð á hlustun þar sem nemendur lærðu að greina á milli hljóðfæra eftir heyrn. Seinni hluti tímans var síðan nýttur fyrir leiklist þar sem nemendur unnu mikið með spuna og lærðu að vinna saman að því að skapa hin ýmsu spunaleikrit. Einnig var farið í leiklistaræfingar og leiki. Síðasti hluti smiðjunnar fór síðan í það að semja leikrit þar sem nemendur völdu sér hlutverk og bjuggu til söguþráð út frá þeim persónum sem valdar voru. Síðan var sett upp leikrit á samveru þar sem foreldrum var boðið að koma og sjá og gekk þetta ljómandi vel. Mikil áhersla var á samvinnu og að þjálfarar nemendur í að vinna saman og leysa ágreining sín á milli. Einnig var lögð áhersla á að leyfa skoðunum nemenda á til dæmis ólíkri tónlist að njóta sín og leggja áherslu á að það sé í lagi að vera til dæmis með mismunandi tónlistarsmekk, það sé engin rétt eða röng skoðun á ólíkum tónlistarstílum heldur eigi maður að finna það hjá sjálfum sér hvað manni líkar. Kennara þótti kynjaskiptingin takast hvað best hjá þessum aldurshópi.

4. og 5. bekkur - Kennt var í smiðjum í kynjaskiptum hópum. Hver hóp kom tvisvar sinnum í viku í 100 mínútur í senn í 7 vikur. Töluverður munur var á tímunum frá því í fyrra og gekk mun betur að vera inn í smiðjurúllunni og kennslan varð mun betri og markvissari. Kennslan var með þeim hætti að áhersla var lögð á söng í byrjun tímans eins og hjá öllum öðrum árgöngum. Það gekk framar vonum. Þegar nemendur voru búnir að venjast þessu fyrirkomulagi þá var söngurinn ekkert vandamál og greindi kennari að nemendur höfðu mun meira gaman af söngnum en þau létu líta út fyrir í byrjun því oft var óskagalagalistinn svo langur að sungið var mun lengur en áætlað var. Hljóðfærin voru síðan aðeins skoðuð og reynt að leggja áherslu á að læra nöfnin og greina á milli hljóða þeirra. Í leiklistinni var farið í spuna og æfingar. Síðustu vikurnar fóru í leikritagerð þar sem leikrit var samið og síðan sett á svið á samveru fyrir nemendur og foreldra. Einn hópur kláraði ekki það verkefni vegna þess að hegðun í tíma var ekki sem skyldi og vinnufriður þar af leiðandi ekki alltaf til staðar. Einn hópur ákvað líka að taka fyrir tilbúið efni í stað þess að semja leikrit sjálfir sem var allt í góðu. Mikil áhersla var lögð á samvinnu í leiklist.

6.-7. bekkur - Kennslufyrirkomulag var eins og hjá 4. og 5. bekk. Kennt í kynjaskiptum smiðjum, hver hópur tvisvar í viku, 100 mínútur í senn yfir 7 vikna tímabil. Tímarnir



byrjuðu á söng og eins og með 4. og 5. bekk þá voru hóparnir fljótir að venjast því fyrirkomulagi og neikvæðis raddir sem heyrðust árinu áður í garð söngsins svo til horfnar með einstaka undantekningum. Aðeins var farið í samspil líka og nemendur fengu að spila á hljóðfæri undir sönginn, oftast ásláttarhljóðfæri en einstaka nemendur sem spiluðu á gítar fengu að gera það. Í leiklist var farið í spuna, leiki og æfingar. Síðasti hluti smiðjunnar fór í stuttmyndagerð. Nemendur völdu sér hlutverk og spunnu söguþráð í kringum hlutverkin sem endaði í skemmtilegri stuttmynd sem sýnd var á samveru. Einn hópur kláraði ekki það verkefni þar sem hegðun var slæm og vinnufriður var ekki til staðar að nógu miklu marki. Annars gekk mjög vel og mikill munur frá því í fyrra hvað varðar vinnufrið og virkni í tímum og kennari náði að sinna nemendum betur þar sem hópastærðirnar voru minni en í fyrra. Skoða þarf að hafa kennslu fyrir nemendur í því að klippa myndbönd því drjúgur vinnutími utan vinnu fer í að klippa myndbönd nemenda sem væri tilvalið að þau lærðu og gerðu sjálf.

Áhugasvið

Áhugasvið var kennt með sama hætti og í fyrra. Kennt einu sinni í viku í 80-100 mínútur í senn. Fyrst var það þannig að strákar fóru í íþróttir eftir 80 mínútur en síðan var fyrirkomulaginu breytt þannig að 8. bekkur fór eftir 80 mínútur á meðan hinir voru 100 mínútur. Í upphafi skólaárs var farið af stað með tilbúnar smiðjur sem kennarar stjórnuðu og hver hópur fór einu sinni í hverja smiðju. Smiðjurnar voru fimm talsins. Á meðan á þessum vikum stóð var fengin kennari frá Húsavík sem stýrt hefur áhugasviði með góðum árangri til að vera með fyrirlestur og kynna starfið þar. Við fengum margar góðar hugmyndir eftir þann fyrirlestur og ein þeirra var að bæta við nýsköpun í tímana. Við ákváðum þá að skipta áhugasviðinu í 4 lotur. Fyrsta lotan var eins og áður segir tilbúnar smiðjur, næsta lota var frjáls áhugasviðsvinna, þriðja lotan fór í nýsköpun þar sem nemendur fengu ákveðið þema sem þeir áttu að vinna eftir, það þema var að þessu sinni forvarnir og fordómar, fjórða og síðasta lotan var síðan aftur frjáls áhugasviðsvinna. Notast var við verkáætlanir sem við fengum frá Húsavík, en við teljum að við þurfum að aðlaga þessar áætlanir betur að okkur og stefnum að því næsta haust. Við erum nokkuð ánægð með veturinn og sýnist að tímarnir hafi tekið miklum framförum hvað varðar vinnu nemenda og áhuga. Okkur finnst eins og langflestir nemendur séu búnir að átta sig á því til hvers er ætlast af þeim í þessum tímum og séu farin að sýna metnað við vinnuna. Við erum ánægðar með að breyta eigi tímanum á næsta ári þannig að íþróttir skarist ekki við og bindum vonir við að það muni ganga enn betur á næsta ári. Námsmat þarf líka að þróa betur en við höfðum þann háttinn á að senda foreldrum póst eftir hverja lotu þar sem fram kom hvort að nemandi hafi lokið lotunni eða ekki og bættum einnig við pósti til foreldra þeirra nemenda sem voru til fyrirmyndar. Við munum eflaust halda áfram með það en þurfum að skoða betur og gera skýrara námsmatið í heild sinni. Við viljum síðan að heiti áfangans sé breytt í áhugasvið/nýsköpun þar sem við fengum athugasemdir þegar farið var í nýsköpunarvinnuna hvort að þetta væri ekki áhugasvið og hvað væri að blanda nýsköpun í tímana.

Námsmat

Námsmat í list- og verkgreinum fór fram með þeim hætti að hakað var í markmið fyrir hvern nemanda inn í mentor. Í sumum tilfellum þar sem við átti var gefin umsögn ef ástæða þótti til. Nemendur unnu reglulega í skissubækur þar sem þau færði inn markmið og unnuaí þessar skissubækur voru í sumum tilfellum sett markmið til að nemendur áttuðu sig betur á því til hvers var ætlast af þeim. Síðan voru verkefni sett upp í bækurnar og sumir kennarar settu inn umsögn í lok smiðjunnar. Skissubækurnar hafa síðan verið til sýnis fyrir foreldra á viðtalsdögum og fylgja með námsmati í lok annar.



Árshátíð

Verkgreinateymið var ekki beðið um að undirbúa árshátíð að þessu sinni.

Árshátíðin var því haldin 14. nóvember, þrjár sýningar kl: 15.00, 17.00 og 19.00.

Kaffihlaðborð var á milli og á undan sýningum. Kaffihlaðborðið gekk mjög vel þegar á heildina er litið. Sú breyting var á nú að hátíðarmatur var í hádeginu og börn mættu príðbúin á árshátíðina. Haldið var upp á afmæli Naustaskóla þennan morgun og fengum við Magna Ásgeirs til að troða upp og boðið upp á kakó og kex. Þetta var mjög vel heppnað og hátíðlegt. Hljóðkerfi og ljósakerfi er ekki nógu gott, nemendur sjást illa á sviðinu og hljóðið berst ekki nægilega vel um salinn. Mikilvægt er að þessir þættir verða skoðaðir fyrir næsta skólaár

Vorþemadagar

Annað árið í röð var það í höndum verkgreinateymisins að sjá um skipulag á vorþemadögum. Sá háttur var hafður á og frá árinu áður að nemendum skólans var skipt upp í tvo hópa. Stöðvarnar voru færðar inn, allar nema ein, vegna veðurs og hóparnir sem áttu að fara í Kjarnaskóg fóru í íþróttahöllina. Breytt var um skipulag hvað varðar hópana og að þessu sinni voru 1. í 5. bekkur fyrri daginn í skólanum og þann seinni í íþróttahöllinni. 6.-10. bekkur fór þá fyrri daginn í íþróttahöllina en þann seinni á stöðvum í skólanum. Í skólanum voru fjórtán stöðvar þar sem leitast var eftir því að hafa fjölbreytnina sem mesta, hver stöð var 13 mínútur. Í þetta sinn var ákveðið að verkgreinakennarar skiptu kennurum niður á stöðvar en kennarar sæju sjálfir um að ákveða hvað væri boðið uppá og redda því sem redda þurfti. Grillaðar voru pylsur hjá íþróttahöllinni handa nemendum áður en farið var. Það gekk vel. Vorþemadagarnir gengu vel þrátt fyrir veðrið og kennarar almennt ánægðir með eldri/yngrri skiptinguna í hópana.

Samstarf teymis

Við byrjuðum á því að skipta með okkur verkum svo að hver og einn innan teymisins yrði teymisformaður og ritari einhvertíma á tímabilinu. Við funduðum eftir kennslu á miðvikudögum. Þó við höfum tekið okkur á í formlegri fundum, fundargerðum og öðru slíku þá þurfum við að bæta okkur í og setja niður dagskrá og hafa fundi skilvirkari. Aðalheiður Skúladóttir deildarstjóri mætti á allfesta fundi og var okkur til halds og trausts.

Almenn samantekt

Þegar markmiðin eru endanlega komin í hús þyrftum við að íhuga og ígrunda meira um innra starfið.

Jákvætt: Teymisfundir voru markvissari en í fyrra. Áhugasvið gekk mun betur í ár en í fyrra.

Neikvætt: List og verkgreinakennarar vilja gjarnan fá að vita meira um aðstæður nemenda. Þær berast ekki alltaf alla leið til okkar. Kennarar milli stiga mættu tala meira saman og gaman er fyrir aðra kennara að fá að vita hvað er verið að sýsla á öðrum svæðum.

Okkur finnst tölvuaðstaða og búnaður vera frekar lélegur. Ekki er hægt að vinna inn á samgögnum í Makkatölvum né Ipad. Nettenging er ekki til staðar í heimlisfræðistofu og Tónmenntakennarinn kemst ekki inn í samgögn í stofunni sinni. Tengja þarf prentara við tölvu tónmenntakennarans.

Leirbrennsluofninn þarf að komast í lag.

Okkur finnst að stjórnendur mætti vera sýnilegri á svæðunum.

Bætt var úr ýmsum hlutum frá í fyrra og verður næsti vetur enn betri.

Munum svo að Áhrósñ getur dimmu í dagsljós breytt.

Vorskýrsla íþróttateymis

Kennarar teymisins: Þórey Sjöfn Sigurðardóttir, Þorsteinn Marinósson og Þórunn Erlingsdóttir.

Skipulag kennslunnar.

Að hausti settum við upp kennsluáætlanir fyrir veturinn í íþróttum, sundi og útivist, þar sem fram kemur áætlun vikunnar, áhersluatriði hvers tíma og hvenær eigi að meta nemendur. Sér skipulag er sett upp fyrir hvert þessara þriggja faga og það sett, ásamt og nafnalista fyrir hvern hóp í möppu. Afleysingakennari ætti alltaf að geta gengið að skipulaginu sem vísu í möppunni fyrir hvert fag stendur hvað eigi að gera hverju sinni. Grunnskipulagið er til staðar en skipulag og framkvæmd tímans er í höndum þess sem tekur hann að sér. Veturinn hefur farið í áframhaldandi þróun á námsmatinu og útfærslu á ýmsum hópum. Þetta verður alltaf betra með hverju árinu. Það hjálpar til að við vinnum sameiginlega að skipulagi og getum rætt saman hvað hentar og hvað ekki. Hópaskiptingin hjá okkur í íþróttum, sundi og útivist var mjög misjöfn.

Sund: Sundið er komið í mjög góðan farveg og erum við ánægð með skiptingu hópanna. Sérstaklega gott að hafa yngri hópana minni með einn kennara. Það gengur mun betur og minni hávaði og læti. Þau njóta sín betur og kennslan verður betri. Stundataflan kom ágætlega út í sundinu, erfitt að hafa unglingana í sundi í síðasta tímanum þeirra í vikunni. Þau bíða eftir helgarfríinu en þurfa að mæta í sund fyrst, sem dregur úr áhuganum fyrir sundinu. Íþróttakrakkarnir voru oft í leyfi til að fara suður í keppnisferð jafnvel leikir að byrja hér fyrir norðan klukkan 13 eða 14 og þá erfitt að vera í sundi til kl. 12:40 eða til kl. 13:20 á undan. Gott væri að hafa annan tíma fyrir þau en í heildina mættu þau vel.

Elsta stigið byrjaði í kynjaskiptum hópum fyrst og gekk það ekki nægilega vel. Það er erfitt að taka á móti stórum strákahóp bæði í sundlauginni og í KA heimilinu. Klefarnir bjóða ekki upp á svo stóra hópa. Mikil læti og ekki eins mikil afköst. Starfsfólkið á báðum stöðum var mjög ánægt þegar hópunum var breytt og 8. bekk kom sér og svo 9.-10. bekk saman. Það er líka gott að vera ekki að kynjaskipta hópunum, a.m.k ekki í þessu tilviki. Gott fyrir 8. bekkinn, hvað sundið og sturtuna varðar, að þurfa ekki að vera með þeim eldri. Það getur verið mjög viðkvæmt á hvaða stigi kynþroskans þau eru og mörgum þykir óþægilegt að vera með einstaklingum 2 árum eldri í klefa. Við byrjuðum með kynjaskipt sund í 6. og 7. bekk en því var breytt þegar leið á veturinn. Breytingin hefur hentað mun betur fyrir flest alla. Gott að ala ekki upp í þeim að það sé erfitt að vera með hinu kyninu í sundi. Þrátt fyrir óánægjuraddir nokkurra í upphafi, þá var þetta frekar í nösunum á þeim og höfðu þau gaman af því að fá að vera öll saman í sundi. Fá þá að njóta sín saman sem einn bekkur. Sundið hjá 1.-3.bekk var alltaf í lok dags, eftir hádegið og síðustu hóparnir að klára rétt fyrir kl. 15:00 og þá átti eftir að koma þeim upp í skóla með rútunni. Þetta er orðinn nokkuð langur dagur hjá þeim, en hentar best fyrir skólann hvað varðar rúturnar og minna rót inn í bekk. Okkur þótti erfitt að vera jójóast á milli staða kenna 1-2 tíma í einu í sundlauginni og mæta svo á annan stað. Myndi henta betur að hafa 3-4 tíma til að kenna í einu. Getur verið erfitt að kenna heilan dag í lauginni ef hann er allur í innilauginni án hvíldar, verður að ná smá pásu.

Íþróttir: 1.-3.bekkur var í Síðuskóla í vetur og var það breyting til batnaðar. Salurinn mun stærri og bjartari en í Laugargötunni, betri áhöld, hljóðkerfi og allt svo miklu rýmra. 2.-3. bekkur var á mánudögum í þremur hópum og létum við eftir að hafa tvo fyrstu hópana nokkuð minni en síðasti hópurinn var þá töluvert stór. Það hentaði umsjónarkennurunum betur. Við fundum mikinn mun á kennslunni, sem þurfti að aðlagða að þessum stóra hóp. Það munar mikið um hvert barn. Þegar við erum með næstum tíu fleiri í síðasta hópnum



verða oft meiri læti og kennslan erfiðari. Mætti alveg hugsa þetta betur næst. Leiðinlegt ef fyrri tveir hóparnir fá að njóta sín betur en síðasti hópurnir þar sem við bjuggum til þannig aðstæður að lætin og atgangurinn urðu meiri.

1. bekkur kom í upphafi árs allur saman á miðvikudögum í Síðuskóla. Þetta var eini tíminn okkar þennan dag í Síðuskóla og auka vinna að koma sér alla leið þangað til að setja upp heilan tíma (fengum 5 mín frá því Síðuskóli kláraði sinn tíma þar til að við áttum að byrja) og oft var erfitt að vera undirbúa heilan sal á svo stuttum tíma. Krakkarnir voru of mörg saman í þessari ferð. Það myndaðist óþarfa áreiti við að vera öll saman að græja sig í útifötin, bíða saman í röð eftir rútunni, fara öll saman í rútu niður í Síðuskóla, röð inní klefa, þröngt saman í klefanum og svo inní tíma og þaðverðir sem hentuðu tveimur klefum en börnin hefðu þurft að skiptast á fjóra klefa. Þau voru oft orðin mjög tætt áður en tíminn hófst. Þó að við hefðum salinn tvískiptan í tímanum hjá okkur þá voru þau orðin svo óróleg að það dugði ekki til. Við gerðum tilraun með það að tvískipta hópnum og láta annan hópinn fara í Síðuskóla á meðan hinn var í útiþróttum upp í skóla á móti. Það kom fljótt í ljós að það var breyting til batnaðar. Minna áreiti frá upphafi til enda. Þau komu mun rólegri og tilbúnari í tímann. Þau fengu mun jákvæðari upplifun af íþróttunum og gaman að sjá heildina njóta sín betur, bæði nemendurnir og starfsfólkið.

Íþróttirnar í KA heimilinu gengu einnig vel. Lundaskóli þurfti einn tíma í viðbót þetta árið og færðumst við því aftur í stundatöflunni á þriðjudögum. Það gekk samt bara vel. Íþróttirnar á fimmtudögum eru of seint fyrir marga og þurftum við að leyfa einstaklingum að koma í hópina á undan til að ná t.d. æfingum eða tónlistaræfingum. Nokkrir sem gátu farið að vinna fyrr en urðu að bíða þangað til skólinn var búinn. Þessir tímar svona seint að deginum í KA heimilinu urðu til þess að erfiðara varð fyrir okkur að mæta á kennarafundi og hittinga upp í skóla. Leiðinlegt geta ekki tekið þátt í kennarafundum og að hitta annað starfsfólk á öðrum tíma en bara í mat eða á hlaupum í skólanum. Viljum koma því á framfæri að starfsfólkið í KA heimilinu blöskraði stundum framkoma okkar nemenda. Þau voru með meiri hávaða, hlustuðu ekki og áttu það til að æða um húsið án leyfis. Kannski er það vegna þess að við erum bara þarna 1x í viku og þetta er ekki þeirra eign í þeirra augum. Á meðan Lundaskóli er þarna 2x í viku og hafa alltaf verið. Þetta er hluti af þeirra skóla og þau koma gangandi í minni hópum. Okkar krakkar virðast ekki bera eins mikla virðingu fyrir starfsfólkinu og húsinu í heildina og þykir okkur það miður. Unglingarnir áttu það til að æða inní tímann sem var í gangi til að ræða við þá kennara sem voru að kenna. Þaðverðirnar voru í því að stoppa þá. Þurfum greinilega að vera bara harðari með allar reglur á næsta ári.

Útivist: Hóparnir í útivist voru mjög misjafnir. 1. bekkur kom í tveimur hópum og var stuðningsfulltrúi alltaf með. Það gekk mjög vel og voru þau mjög dugleg í vetur. Það reyndist erfiðara þegar hópnum var skipt eftir kyni en betra þegar þeim var skipt upp í tvo blandaða hópa. Þurftum stundum að skipta einum og einum á milli hópa en umsjónarkennararnir komu þar inní með okkur. 2. bekkur og 3. bekkur komu allir saman í útítmána. Það var seinlegt að ná utan um hópinn í upphafi tímann en hafðist alltaf að lokum. 2. bekkur skiptum við upp í þrjá minni hópa á meðan nafnakall fór fram og gafst það vel þetta eru hins vegar mörg börn saman í einu úti og hefði e.t.v. verið betra að hafa tvo hópa, einn kennara og stuðningsfulltrúa með hvorum hópnum. Þau hefðu þá fengið meiri athygli hvert og eitt og notið sín betur. Útisvæðið okkar er ekki það besta til að hafa mjög marga saman, það er allt annað að hafa íþróttasal eða sundlaug þar sem þau fara ekki mikið í burtu. Við þurftum líka að kljást við fríminútur hjá eldri krökkunum á sama tíma og myndaði það oft togstreitu. Hluti þeirra, sem áttu erfitt með að fara eftir fyrimælum og fylgja hópnum í útivísinni, hegðuðu sér mun betur hjá okkur í íþróttatímunum og í sundinu; þar í minni hópum með minna óþarfa áreiti. Leiðinlegt að þau hafi ekki getað notið sín betur í þessum tímum. Mikill tími kennaranna fór í að halda



uppi aga frekar en að gera eitthvað uppbyggilegra með þeim. Þetta verður að laga fyrir næsta vetur.

4.-5. bekkur og 6.-7. bekkur komu í umsjónarhópum á föstudögum í útivist. Þau komu þá saman einn hópur frá 4.-5. bekk og einn hópur frá 6.-7. bekk á sama tíma. Stundum vorum við saman með hópana og þeim fléttað saman í leik en oftast skiptum við svæðinu með okkur. Það gekk mjög vel. Það var gaman og gott að fá þau í smærri hópum, hafa möguleikann á því að leyfa mismunandi aldurshópum að hreyfa sig saman. Reynir á þau á svo margan hátt og gaman að sjá þau vinna þannig saman. Þetta fyrirkomulag virkar og má halda því áfram. Unglingastigið kom í tveimur hópum 8. bekkur sér og svo 9.-10. bekkur. Það gekk nokkuð vel. Hóparnir voru stórir en auðveldara að hafa hemil á þessu aldri en þeim yngri. Þetta fyrirkomulag má halda áfram.

Námsmat

Við byrjuðum ekki nægilega vel með það hvernig við vildum nýta matsmöppurnar okkur í hag. Sendum oft tölvupósta til foreldra um stöðuna, ef við vorum að meta þau í sundi eða íþróttum þá sendum við upplýsingar um það heim. Sérstaklega hjá 1.-3. bekk. Við létum einu sinni fylgja í matsmöppu yfirlit yfir hvað við höfum verið að gera í vetur í sundi, íþróttum og útivist til að gefa foreldrum innsýn í það hvað börnin eru að gera hjá okkur. Fyrir næsta ár ætlum við að setja meira í möppuna og skipta þá vetrinum upp á milli allra bekkja til að allir fái umsögn til sín. Við erum enn að vinna í þrepamarkmiðunum. Við fórum betur yfir markmiðin síðan í fyrra og löguðum þau. Við munum halda áfram að betrubæta þau. Við höfum þrep í sundinu og íþróttunum sem við merkjum í yfir veturinn og því er skilað um vorið til foreldranna. Allir árgangar taka próf í sundi og í íþróttum, en þau eru orðin hluti af þrepunum í dag. Það hentaði mörgum betur að reyna ná árangri í íþróttaprófunum þegar við greindum frá þrepunum. Rautt samsvarar einkun undir 5 (þegar við notuðum tölustafi), gult einkun 5-7 og grænt er þá 8-10. Við leyfðum þeim að vita hvað þurfti til að ná hverju þrepi og margir sáu þá loksins möguleika á að ná Ábestu einkun eða græna þrepinu. Þeim fannst oft svo langt í 10 í einkunn og vildu ekki reyna mikið á sig. Mikið keppnissskap í mörgum. Núna sáu þau að þau gátu náð efsta þrepi með því að bæta sig aðeins og margir reyndu mun meira á sig og náðu góðum árangri. Margir voru mjög ánægðir að ná gula þrepinu og voru ekkert að gera meira. Þeim finnst það mun meira heillandi heldur en t.d. talan 5 eða 6 í einkunn. Þau getumestu vildu oft vita hvað þyrfti til að ná 10 eins og var, þau fengu að spreyta sig á því. Mikið af íþróttakrökkunum urðu minna stressuð þegar þau sáu að græna þrepið náði yfir stórt svæði, það var nóg, ekki þurfti að berjast við að vera alltaf í 10. Oft vildu þau ekki sýna að þau gætu þá ekki náð hæstu einkun. Þetta er allt í vinnslu og verður mun betra á næsta ári. Þá er hægt að gera þetta allt mun sýnilegra fyrir nemendurna og fá þau til að setja sér markmið sjálf um haustið. Fá þau (sérstaklega 6. bekkur og uppúr) til að finna út hvað þau langar að geta, skrá það niður og finna leiðir til að vinna í því að ná þeim árangri.

Foreldrasamstarf

Við höfðum ekki oft samband við foreldra ef vel gengur í skólanum. Við höfðum meira samband þegar eitthvað gekk á, því miður. Við erum að reyna að hafa samskiptin á jákvæðari nótunum frá okkur. 1.-3. bekkur fengu mestu upplýsingarnar frá okkur í vetur og viljum við halda því áfram. Við þurfum að bæta okkur í samskiptunum við eldri bekkina. Unglingastigið fékk oft upplýsingar um hvernig gengi og ábendingar um ýmislegt. Við þurfum að skipuleggja okkur betur um hvenær og hvað eigi að skrifa í heildina yfir veturinn. Skipta þessu á milli okkar. Gott er að byrja veturinn á því að senda tölvupóst heim um hvernig veturinn er settur upp hjá okkur, hvaða þrepamarkmið börnin eiga að geta á þessu ári jafnt í íþróttum og sundi.



Það væri gaman að geta sýnt meira frá okkar starfi í myndum. Við tókum nokkuð af myndum í vetur en vantaði að koma þeim í birtingu. 1. bekkjarkennararnir hafa sér myndaalbúm á sameiginlega svæðinu og voru oft settar myndir þar inn. Það væri gaman að hafa eitthvað meira skipulagt hvernig við gætum komið fram myndum af okkar starfi. Einhver myndabanki eða eitthvað sem foreldrar og nemendur gætu skoðað. Góð upplýsingaleið til foreldra af glöðum börnum í leik og starfi.

Nemendur

Við misstum oftast af nemendamálum sem tekin voru á kennarafundunum. Bryndís kom hins vegar og fundaði með okkur, yfirleitt vikulega, og fór yfir nemendamál. Við gátum þá líka komið fram með einhver mál sem okkur fannst þurfa að athuga. Við fundum að okkur vantaði oft að vita meira um einstök nemendamál. Við erum líka með nemendamál sem hefði þurft að taka fyrir á, mætingu í sundi hjá 10. bekk sem var ekki góð. Nokkrum nemendum í 10. bekk var boðið að koma á öðrum tíma en á sínum stundarskráartíma en sumir nýttu það ekki neitt, aðrir mættu vel fyrst en sáu síðan ekki neitt. Þetta þarf að vinna betur frá upphafi og hafa alveg á hreinu hvernig verði unnið með. Við hefðum þurft að vinna betur með þá sem mættu ekki nægilega vel með samvinnu umsjónarkennaranna. Þegar við erum sjaldan í skólanum og ekki til staðar þegar umsjónarkennararnir eru til staðar þá gafst ekki tími til að klára viss mál strax og gleymdust þau. Hefðum geta unnið betur með marga sem vildu komast hjá því að mæta í sund eða íþróttir. Það þarf að passa uppá þá nemendur sem fá undanþágur, t.d. frá íþróttum, að þeir eigi samt að skila af sér einhverjum tímum til að við getum metið þau, fá þau til að mæta og taka viss próf. Annars höfum við ekkert í höndunum til að meta þau. Okkur finnst samt í raun erfitt að við séum að gefa þeim grænt ljós á að þurfa ekki að mæta í tíma með bekkjarfélögum sínum því þetta er mjög félagslegt. Við getum minnkað allt álag á þau í tímunum, leiðinlegt að fá þau ekkert því þau eru að æfa það mikið fyrir utan skólann, skólaíþróttirnar eru ekki til að keyra þau út á líkama og sál.

Samstarf í teyminu

Í okkar teymi náðum við að hittast og funda einu sinni í viku. Þann tíma nýttum við einnig til að taka á móti Bryndísi og fá upplýsingar frá kennarafundi vikunnar. Þetta var alltof lítill tími fyrir okkur sem teymi til að þroskast saman og geta unnið saman sem heild. Aðeins einn aðili var í 100% starfi, hinir tveir í 60-70% starfi. Annar kenndi ekki á mánudögum og fimmtudögum og hinn var ekki við á þriðjudögum. Það var því aðeins á miðvikudögum og föstudögum sem hægt var að hittast saman. Föstudagurinn var pakkaður fyrrihlutann hjá 2/3 og seinni hlutann hjá öllum. Sá sem var í fullri vinnu var einnig alltaf að kenna lengst yfir daginn og hefði verið gott að geta endað saman 1x-2 og getað gert upp síðustu daga og planað næstu daga saman.

Sökum þess hve mikið stundatöflurnar okkar sköruðust tók enginn af skarið og skipti með okkur verkum og verkaskiptingin innan teymisins varð mjög óljós og eiginlega engin. Það er eitthvað sem við þurfum að standa okkur mun betur í svo ekki lendi allt á einum.

Við erum komin með okkar eigin aðstöðu og það breytir miklu. Við getum verið í okkar rými og unnið án þess að finnast við vera að trufla aðra eða finna fyrir truflun frá öðrum. Við höfum farið í sitthvorum lagi í endurmenntun, reynt að nýta skólana í kringum okkur til að afla okkur upplýsinga og dýpri skilning á því sem betur mátti fara hjá okkur. Við höfum nýtt okkur námskeið sem okkur stendur til boða í sitthvorum lagi, nýtt okkur áhugahvötina til að efla okkur á því sviði og nýta okkur þá þekkingu inn í starfið. Í boði fyrir íþróttakennara var skólagolfnámskeið á Hrafnagili sem tvö okkar sóttu ásamt öðrum íþróttakennurum á Akureyri og nýttist það vel, auk þess sem það var mjög skemmtilegt að fara og vera saman utan kennslunnar með öðrum íþróttakennurum. Við höfum lesið, bækur, horft á myndir og hlustað á fyrirlestra til að efla okkur. Einhverfa og



uppbyggjandi agi átti hug Þóreyjar í vetur ásamt skíðapreki og fór drjúgur hluti endurmenntunar í að kynna sér þá þætti og efla þá hjá henni. Steini lagði áherslu á samskiptafærni og fara í gegnum leikjahandbækur. Tóta eyddi miklum tíma í gagnasafn og að kynna sér matshætti og starfshætti annarra íþróttakennara. Endurmenntun í boði skólans átti ekki alltaf við íþróttakennara en það sem átti við okkur, hópefli og slíkt var frábært.

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Almennt

Aníta Jónsdóttir sinnti starfi náms- og starfsráðgjafa í 75% starfshlutfalli og verkefnisstjórn vegna innleiðingar Jákvæðs aga í 25% starfshlutfalli.

Náms- og starfsráðgjafi hafði viðveru frá 8:00-16:00 alla daga og auglýstur opinn viðtals tími var daglega frá kl. 9:30-11:00. Auk þess gátu nemendur leitað til náms- og starfsráðgjafa á öðrum tímum. Aðstaða náms- og starfsráðgjafa var á skrifstofu stjórnenda, auk viðtalsherbergis inn á svæði 6. og 7. bekkjar.

Tilvísanir

Í byrjun vetrar voru útbúin tilvísunarblöð sem kynnt voru fyrir kennurum. Ætlunin var að halda betur utan um þau mál sem vísað var til náms- og starfsráðgjafa. Tilvísunarblöðin voru nýtt að hluta til en töluvert er enn um að málum sé vísað munnlega til afgreiðslu. Koma þarf upp góðu skipulagi varðandi tilvísanir og skilum mála þannig að vinnan verði markvissari og auðveldara verði að fylgja málum eftir. Góður vettvangur fyrir þetta samstarf tel ég vera nemendafundi hjá teymum og fyndist mér eðlilegt að náms- og starfsráðgjafi sæti fundi þar sem málefni nemenda sem vísa á til hans eru rædd.

Nemendur og foreldrar

Náms- og starfsráðgjöf

Þessum hluta í starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa var að litlu leyti sinnt og þarf að gera bragarbót þar á. Hér fyrir neðan (undir liðnum Samstarf við teymi skólans) er fjallað um hugmyndir sem mætti hrinda í framkvæmd á næsta vetri.

Persónuleg ráðgjöf

Langmestur tími náms- og starfsráðgjafa fór í persónulega ráðgjöf fyrir nemendur. Einnig leituðu nokkrir foreldrar til náms- og starfsráðgjafa og sat ég nokkra fundi vegna nemenda. Áhersla á persónulega ráðgjöf er að mínu mati of mikil á kostnað annarra þátta í starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa. Líklegasta skýringin á því er mikil þörf og eftirspurn og biðtími eftir þjónustu fjölskyldudeildar er töluvert mikil. Persónulega ráðgjöfin snýst mjög mikið um vanlíðan, kvíða og annað sem væri æskilegra að sálfræðingar sinntu. Einnig er töluvert um að nemendum sé vísað til náms- og starfsráðgjafa vegna hegðunarvandamála í skóla og heima fyrir. Samskipti og félagsleg tengsl skipa einnig stóran sess í persónulegri ráðgjöf til nemenda. Gott væri að efna til öflugra samstarfs um þessi mál með teymunum, funda, leita lausna og finna náms- og starfsráðgjafa hlutverk í þessum efnum með nemendum inn á námssvæðum. Um 60 nemendur og 35 foreldrar leituðu til náms- og starfsráðgjafa í vetur.

Fræðsla og forvarnir

Í byrjun hausts var haldið námstækninámskeið (Að skipuleggja tíma sinn) fyrir unglingastigið. Nemendur áttu að skrá sig á námskeiðið hefðu þeir áhuga. Þátttaka var



fremur dræm, en alls skráðu sig 6 nemendur á námskeiðið. Um miðjan september var nemendum 10. bekkjar boðið upp á fyrirlestur um prófundirbúning, próftöku og prófkvíða.

Fræðsla og forvarnir á vegum félagsmiðstöðvarinnar var töluverð. Í byrjun október var forvarnardagurinn haldinn sameiginlega með öðrum skólum. Nemendur unglingastigs fóru að sjá Pörupilta í nóvember og nemendur MA sáu um jafnréttisfræðslu fyrir nemendur 9. bekkjar. Aflið kom með sína fræðslu í lok nóvember og ræddi við nemendur í 7. og 9. bekk. Guðjón Hauksson, kennari í MA, hélt tölvufræðslu fyrir nemendur 8. bekkjar og Arnar Már Arngrímsson, sömuleiðis kennari í MA kom og spjallaði við nemendur 10. bekkjar um markmiðssetningu, lestur og nám. Í janúar var haldin fjölmenningarfræðsla fyrir nemendur 6. bekkjar og Sigga Dögg, kynfræðingur, fræddi nemendur 8. bekkjar um kynlíf. Þorgrímur Þráinsson kom í sína árlegu heimsókn til 10. bekkinga og ræddi meðal annars um markmiðssetningu og aðra mikilvæga hluti í lífinu. Fulltrúar frá félaginu Hinsegin Norðurland komu og hittu 7. bekkinga, einnig höfðu forvarnarfulltrúar skólanna undirbúið fræðsluna. Ég er eins og ég er fyrir fyrir þennan aldurshóp. Blátt áfram var með sína árlegu fræðslu, Krakkarnir í hverfinu fyrir nemendur 2. bekkjar og nemendur 3. bekkjar fengu fræðsluna Leyndarmálið sem umsjónarkennarar sáu um. Nemendur 1. bekkjar fengu fræðsluna Líkaminn minn sem hjúkrunarfræðingur ásamt náms- og starfsráðgjafa sáu um. Einnig fengu nemendur 10. bekkjar fræðslu frá Einingu Iðju um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Nemendur 10. bekkjar fengu kynningar á framhaldsskólunum á Akureyri sem og foreldrar sem boðaðir voru á kynningarfundum í marsmánuði. Aðalheiður Skúladóttir, deildarstjóri, lagði fyrir nemendur áhugasviðskönnunina Bendil og fylgdi henni eftir.

Eineltisáætlun og vinna henni tengd

Í október og febrúar voru lagðar fyrir tengslakannanir og unnið úr þeim. Niðurstöður voru fengnar umsjónarkennurum sem síðan unnu nánar út frá könnunum með samskipti og félagsleg tengsl innan námshópanna. Í þeim tilfellum þar sem grunur vaknaði um einelti var unnið samkvæmt eineltisáætlun skólans.

Samstarf

Samstarf við teymi skólans

Í upphafi skólaárs var efnt til samstarfs með teyminum. Undirrituð sat fundi með hverju teymi þar sem farið var yfir áætlun í Jákvæðum aga og hugsanlegt samstarf varðandi náms- og starfsráðgjöf. Kynnt var tilvísunarform til námsráðgjafa og kennarar voru hvattir til að kalla eftir framlagi náms- og starfsráðgjafa til dæmis í tengslum við þemaverkefni. Kennarar 1., 2. og 3. bekkjar og 4. og 5. bekkjar leituðu eftir samstarfi varðandi bekkjarfundi og verkefni tengd Jákvæðum aga. Einnig var haldinn fyrirlestur fyrir stelpur í 6. og 7. bekk um sjálfsmynd og á vordögum var námskeið um samskipti stúlkna í 6. bekk.

Um áramót var staðan á samstarfi við teymin sýndi að náms- og starfsráðgjafi hafði 1x verið kallaður á teymisfund. Undirrituð telur brýnt að efla samstarfið og byggja upp samstarfsvettvang sem leggur áherslu á fræðslu, forvarnir og öflugra starf náms- og starfsráðgjafa í tengslum við námstækni og starfsfræðslu. Eftirfarandi hugmynd að skipulagi var lögð fyrir skólastjóra eftir áramót:

Unglingastig

Viðvera til ráðgjafar. Til dæmis varðandi:

vikuskipulag í dagbækur

möppuskipulag

námstækni og vinnubrögð

glósutækni

áhugasvið



námsval í framhaldsskóla
skipulag á vinnusvæði
einstaklingsráðgjöf
6. og 7. bekkur
Viðvera til ráðgjafar. Til dæmis varðandi:
vikuskipulag í dagbækur
námstækni og vinnubrögð
möppuskipulag
skipulag á námsgögnum
einstaklingsráðgjöf
Viðvera
3x í viku (athuga daga og tíma)

Félagsmiðstöðin Trója

Guðmundur Óli Gunnarsson var tengiliður félagsmiðstöðvarinnar Tróju við skólann. Náms- og starfsráðgjafi fundaði 1x í viku með Óla, auk þess að senda fréttabréf og dagskrá félagsmiðstöðvarinnar mánaðarlega til foreldra 5. í 10. bekkjar og auglýsingar um opin hús.

Mentorverkefnið Vinátta

Náms- og starfsráðgjafi var tengiliður skólans við Mentorverkefnið Vináttu í umsjón MA og VMA. Hlutverk tengiliðs var að velja nemendur úr 4. bekk í samstarfi við umsjónarkennara til að taka þátt í verkefninu. Þrír nemendur í Naustaskóla tóku þátt í verkefninu og fengu sína Mentora sem þeir hittu 1x í viku. Auk þess að velja nemendur sat náms- og starfsráðgjafi einn fund vegna verkefnisins og hafði milligöngu um rannsókn sem gerð var til að meta árangur verkefnisins.

Nemendaverndarráð

Vikulega voru haldnir nemendaverndarráðsfundir sem náms- og starfsráðgjafi sat ásamt stjórnendum, hjúkrunarfræðingi og ýmist skólasálfræðingi, kennsluráðgjafa eða fulltrúa barnaverndar.

Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Akureyrar

Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Akureyrar hafa með sér samstarf og hittast á 6 vikna fresti til skrafs og ráðagerðar. Einnig var náms- og starfsráðgjafi boðaður til samstarfsfundar í VMA þar sem rætt var um íslenskukennslu og nýja námskrá sem er í smíðum í VMA. Einnig var kynningarfundur á nýrri námskrá VMA á vordögum sem náms- og starfsráðgjafi sótti ásamt deildarstjórum.

Starfsþróun

Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í haust ráðstefnu náms- og starfsráðgjafa sem haldin var í Hofi 31. október. Þar var boðið upp á fróðlega fyrirlestra meðal annars um upplýsingatækni í ógöngum og eftirsóttu færniþætti í atvinnulífi 21. aldarinnar. Auk þess var kynning frá HA um akademíska handleiðslu sem tæki til að minnka brotthvarf frá námi. Einnig sat náms- og starfsráðgjafi stóra ráðstefnu um einelti sem haldin var í HA og var sérstaklega fróðleg og vel heppnuð. Í desember var haldin ráðstefna um heimilisofbeldi sem undirrituð sótti. Á vordögum sótti ég námskeið í Núvitund sem haldið var í Giljaskóla.

Önnur verkefni

Tengiliður skólans vegna Pisa könnunar



Pisa könnuni var lögð fyrir nemendur 10. bekkjar í byrjun mars. Náms- og starfsráðgjafi tók að sér að vera tengiliður skólans vegna fyrirlagnarinnar sem fól það í sér meðal annars að útbúa nemendalista, aðstoða við tölvumál og vera þeim innanhandar sem kom og lagði prófið fyrir.

Innanskólavali

Náms- og starfsráðgjafi hélt utanum þá nemendur sem völdu innanskólavali sem valgrein. Fjórir nemendur voru í valgreininni og fengu þrír störf í Frístund og einn var í ýmiskonar vinnu með húsverði skólans. Eftir áramót voru engir nemendur í innanskólavali.

Jákvæður agi

Unnið var samkvæmt framkvæmdaáætlun sem gerð var fyrir veturinn 2014-15, varðandi innleiðingu Jákvæðs aga í Naustaskóla:

Jákvæður agi í Naustaskóla veturinn 2014-15

Ágúst í september

Fundir með teyminum í samstarf, fyrirætlun starfsáætlun, verkefni sett í möppu (samgögn), verkfæri Jákvæðs aga.

Námskeið fyrir allt starfsfólk.

Október

Kennurum boðin aðstoð við bekkjarfundi.

Unnið að JA bók.

JA æfingar á starfsmannafundum.

Nóvember

JA bók sett í prentun. 15. nóvember

Samstarf við kennara 4. í 5. bekkjar.

Foreldranámskeið. 18. og 25. nóvember

Leshópur. Hópurinn samanstendur af fólki sem hefur áhuga á að lesa grunnbókina, einnig vil ég að í hópnum verði stjórnendur og tilvonandi JA teymi sem sett verður á laggirnir eftir jóla (sjá hugmynd hér að neðan).

Fyrsti hittingur leshóps eftir lestur 1. og 2. kafla í grunnbókinni. Hist yfir GÓÐUM kaffibolla á kaffihúsi. 28. nóvember

Desember

Annar hittingur leshóps eftir lestur 3. og 4. kafla í grunnbókinni. Hist í skóla. 11. desember

Janúar

Kennarafundur í hugmyndafræðin og ástæður mismunandi hegðunar. 13. janúar

JA teymi sett á laggirnir.

Markmið teymisvinnunnar:

1. Kynnast og ræða hugmyndafræðina
2. Ræða JA áætlanir og áætlanir um bekkjarfundi
3. JA bókin í æfingarnar
4. JA andrúmsloftið í skólanum

Teymum afhent JA bókin og eiga að vinna að áætlun samkvæmt henni og um bekkjarfundi.

Samstarf við kennara um bekkjarfundi.

Þriðji hittingur leshóps eftir lestur 5., 6. og 7. kafla. Hist yfir GÓÐUM kaffibolla á kaffihúsi. 22. janúar

**Febrúar**

Kennarafundur í Verkfærin og Top Card. 10. febrúar

Fundur JA teymis.

Samstarf við kennara 4. í 5. bekkjar í Kennari hjálpar kennara.

JA æfingar á starfsmannafundum.

Fjórði hittingur leshóps eftir lestur 8. og 9. kafla. Hist í skóla. 26. febrúar

Mars

Kennarafundur í rannsóknir, greinar, skólar, námsskráin 10. mars

Fundur JA teymis.

Samstarf við teymi í Kennari hjálpar kennara.

Fimmti hittingur leshóps eftir lestur 10. og 11. kafla. Hist í skóla. 19. mars

Apríl

Kennarafundur í umræður, mat, framhald. 14. apríl

Fundur JA teymis.

Síðasti hittingur leshóps eftir lestur 12. kafla. Samantekt. Hist yfir GÓÐUM kaffibolla á kaffihúsi. 30. apríl

Samstarf við kennara um bekkjarfundi.

Foreldranámskeið í unglingamiðað.

Í upphafi skólaársins var haldið námskeið í Jákvæðum aga fyrir starfsfólk skólans sem og nýtt starfsfólk í Naustaskóla og Glerárskóla. Á starfsdegi í apríl var efnt til JA námskeiðs fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa sem Ágúst skólastjóri sá um. Mæltist það vel fyrir.

Í upphafi skólaársins voru haldnir fundir með hverju teymi skólans þar sem farið var yfir áætlun í Jákvæðum aga, verkfærin og ýmsar grunnæfingar sem ætlast var til að gerðar væru með hverjum nemendahóp. Ætlunin var að funda reglulega með hverju teymi en úr því varð ekki.

Töluvert af tíma verkefnisstjóra fór í að ganga frá útgáfu verkefnabókar í Jákvæðum aga, sem þýdd hafði verið um sumarið af undirritaðri, Ágústi skólastjóra og Ingu Huld kennara í Glerárskóla. Þeirri vinnu lauk í desember en þá kom bókin út. Hún var seld í þá skóla sem hafa innleitt Jákvæðan aga og mæltist mjög vel fyrir. Einnig vann verkefnisstjóri að heimasíðunni -jakveaduragi.is- og hélt foreldranámskeið fyrir og eftir áramót.

Allir umsjónarkennarar fengu eintak af bókinni um áramót og gert var ráð fyrir að gerðar yrðu kennsluáætlanir um Jákvæðan aga út frá bókinni. Í mars litu kennsluáætlanir dagsins ljós og töluverður skriður komst á formlega bekkjarfundi samkvæmt stefnu Jákvæðs aga.

Eftir áramót var sett saman JA teymi sem hittist 4 sinnum. Teymið samanstóð af verkefnisstjóra og einum fulltrúa frá hverju teymi. Á fundum var rætt um innleiðingu JA og framkvæmd kennsluáætlana. Einnig var ætlunin að taka upp verkfærið Kennari hjálpar kennara, en það býður væntanlega fram á næsta haust en þá verður gert ráð fyrir sérstökum fundum þar sem verkfærið verður notað. Mikilvægt er að næsta vetur verði starfandi JA teymi sem heldur utan um áframhaldandi innleiðingu JA við skólann.

Leshringur JA sem las grunnbókina og ræddi tvo kafla mánaðarlega heppnaðist mjög vel og mælir undirrituð með slíkri vinnu sem hluta af fræðilegu spjalli og starfsþróun almennt.

Mat á skólastarfinu

Haustið 2014 varð nokkur breyting á starfsmannahópnum frá því á fyrra starfsári. Nemendum fjölgaði á milli ára og ráða þurfti nýja kennara af þeim sökum. Sum teymin fengu nokkuð að halda sér á meðan mikil endurnýjun varð í öðrum. Sú breyting varð að 2.-3. bekkur fluttist á efri hæð skólans og 6.-7. bekkur í hans stað á neðri hæð. Nokkur umsvif voru við þessa flutninga og töluverður tími fór í það hjá þessum teyimum að skipuleggja sín svæði og stilla saman strengi innan teymisins. Þrátt fyrir þetta rask fór skólabyrjun vel af stað og allur undirbúningur fyrir skólaárið gekk vel. Áherslan í skólaþróuninni þetta árið lá sem fyrr í að efla starfshætti teymanna með það að markmiði að ná enn frekar fram þeim kostum sem í teymisvinnunni geta falist og skerpa á öllu verklagi í vinnu teymanna. Lögð var áhersla á að teymin héldu áfram að vinna út frá verklagsreglum fyrir teymi sem lögð voru fram á síðasta skólaári. Stjórnendur skiptu á milli sín teyimum skólans, sátu vikulega fundi með teyminum, bæði á nemenda- og trúnaðarfundum. Þetta skipulag var ákveðið í kjölfar þess að kennarar óskuðu eftir meiri stuðningi af hálfu stjórnenda. Einnig var fundað reglulega með teymi sérgreinakennara, íþróttakennara og skólaliða. Þetta skipulag og aðkoma stjórnenda, skiptu miklu máli og stuðluðu að samræðum á milli starfsfólks og stjórnenda um ýmiss málafni tengd skólaþróun, nemendamálum og líðan starfsfólks. Önnur aðaláhersla vetrarins lá í áframhaldandi innleiðingu á Jákvæðum aga. Ráðinn var verkefnisstjóri sem ætlað var að styðja betur við kennara með notkun bekkjarfunda og innleiðingu Jákvæðs aga og teljum við okkur einnig hafa komist töluvert áleiðis í þeim þætti starfsins.

Í upphafi skólaárs var lögð áhersla á að kennarateymin gerðu annars vegar ársáætlanir og hinsvegar mánaðarlegar námsáætlanir/kennsluáætlanir sem birtar yrðu á Mentor strax að hausti. Þessi ákvörðun var tekin í kjölfar vinnu nefndar innan skólans og skólaþróunarsviðs HA síðastliðið vor. Markmið þessarar vinnu var að þróa og samræma form og áherslur á árs- og námsáætlunum fyrir Naustaskóla. Þessi vinna gekk vel en verkefni næsta vetrar verður að dýpka enn frekar og þróa þau vinnubrögð, þannig að námsáætlanirnar gefi enn betri innsýn í inntak og framkvæmd kennslunnar, efnistöð og útfærslu námsmats.

Hér á eftir má finna samantekt og mat á því hvernig við teljum að til hafi tekist við framkvæmd umbóta á liðnu skólaári og nokkrar tillögur sem fara inn í starfsáætlun næsta skólaárs sem viðfangsefni til úrbóta. Við mat á starfi skólans er stuðst við ýmis gögn sem safnað er allan veturinn og má þar helst telja:

- Gögn úr mentor.is, t.d. yfirlit yfir mætingar og forföll nemenda og starfsmanna, námsmatsgögn o.fl.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
- Niðurstöður starfsmannasamtala.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal nemenda í 6.-10. bekk.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal starfsmanna.
- Niðurstöður úr könnun Skólapúlsins meðal foreldra.
- Niðurstöður úr læsisprófum í 1.-3. bekk.
- Niðurstöður mats og úrbótatillagna í skýrslum teyma starfsmanna hér að framan.
- Mat teyma á stöðu starfs m.t.t. viðmiða um starfshætti sem fram eru sett í stefnu skólans.

Drjúgan hluta þessara gagna má finna á heimasíðu skólans á slóðinni http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur



Uppgjör á umbótatillögum síðasta skólaárs

Helstu þættir sem settir voru fram í starfsáætlun ársins, og þar af leiðandi sem unnið var að varðandi úrbætur á skólastarfinu veturinn 2014-2015 voru eftirfarandi (Merk't með grænu letri sem gekk eftir, gulu sem gekk eftir að hluta en rauðu sem ekki gekk eftir):

Námsaðlögun:

- Áfram þarf að þróa starfsáætlanir kennarateyma með það að markmiði að þær gefi sem besta mynd af starfsháttum í hverju teymi og hvernig námsþættir og áherslur í starfinu raðast á skólaárið. Þessar áætlanir þarf að birta á heimasíðu og kynna vel fyrir foreldrum.

Þetta gekk eftir og var birt á heimasíðu skólans.

- Lögð verði áhersla á að samræma form og áhersluþætti kennsluáætlana skólans út frá þeim umbótatillögum sem nefndarvinna síðastliðinn vetur skilaði af sér.

Þessu markmiði var náð að hluta. Öll teymin nýttu sér samræmt form og skiluðu til stjórnenda. Leggja þarf áherslu á meiri samfellu á milli einstakra þátta í námsáætlunum og nánari útfærslu á námsmati í samræmi við sett viðmið og aðalnámskrá.

- Leggja þarf áherslu á að öll kennarateymi nýti námsmarkmiðakerfið í mentor, þ.e.s. að setja þar inn markmið og meta þau eftir því sem náminu vindur fram þannig að kennarar, foreldrar og nemendur geti á auðveldan hátt fylgst með námsframvindunni.

Þetta gekk nokkuð vel hjá okkur. Þó er auðsynlegt að leggja enn meiri áherslu á að merkja jafnt og þétt við markmiðin þegar þeim er náð, til að tryggja sem besta yfirsýn á námsframvinduna.

- Ljúka þarf við gerð námsmarkmiða fyrir tungumál og huga að endurskoðun annarra námsmarkmiða.

Það gekk ekki eftir.

- Halda þarf áfram að þróa notkun á námsmöppum.

Gekk eftir, í starfsáætlunum teymanna kemur skýrt fram hvað eigi að setja í námsmöppur og hefur því verið fylgt eftir.

- Læsisstefna unnin fyrir skólann.

Gekk að hluta eftir þar sem stjórnendur skólans tóku þátt í mótun sameiginlegrar læsisstefnu grunnskólanna á Akureyri.

- Vinna þarf að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.
 - Allar starfs- og kennsluáætlanir taki tillit til grunnþátta menntunar og vinnu með lykilhæfni.

Töluvert var unnið í grunnþáttum menntunar og með lykilhæfnipætti í námsmati í námsáætlunum teymanna. Þetta var kynnt fyrir foreldrum og nemendum að einhverju marki. Mismunandi var hversu vel kennarateymin náðu að gera grunnþætti menntunar og lykilhæfni sýnilega í sínum námsáætlunum.



- Heildarfyrrirkomulag námsmats við skólann verði endurskoðað og lagað að kröfum aðalnámskrárinnar.

Námsmat skólans, þar sem merkt var við þau markmið sem nemandinn hafði náð á skólaárinu, fór heim nú á vordögum ásamt umsögn umsjónarkennara.

- Rýnt verði markvisst í kennsluhætti og hversu vel þeir endurspegla áherslur aðalnámskrár. Varðandi kennsluhætti verði sérstaklega horft til hópaskiptinga, nýtingar og skipulagningar á kennslurýmum, samvinnunáms, speglaðrar kennslu o.fl.

Þetta gekk að hluta eftir en þróa þarf betur skipulagi og nýtingu á kennslurýmum ásamt útfærslu á námsaðlögun og kennslu á opnum svæðum.

- Festa þarf nemendasamtöl í sessi.

Nemendasamtöl náðu ekki að festa sig skipulega í sessi. Hinsvegar ræða umsjónarkennarar við nemendur en bæta þarf skipulagið í kringum nemendasamtölin.

- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla að mestu lögð á sömu þætti og á undanförunum misserum þ.e. námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun og kennsluhætti, Byrjendalæsi, Orð af orði, vinnu í teymi og mótun námssamfélags

Vinna samkvæmt endurmenntunar áætlun náðist að allnokkru leiti en ekki öllu.

Athvarf:

- Skipuleggja þarf skólalóð með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.

Gekk ekki eftir. Fylgja þarf betur eftir að nokkru leyti, skipulag sem búið var til í fyrra var ekki notað og þarf að endurvekja það skipulag eða útbúa nýtt.

- Nýta þarf gæðahringi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum. Í síðasta lagi í nóvember þurfa gæðahringir, með dagskrármálum frá nemendum, að vera komnir til framkvæmda í öllum námshópum.

Framfarir hafa orðið í framkvæmd á gæðahringjum en ekki voru öll teymi komin með dagskrármál frá nemendum í nóvember.

- Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.

Gekk ekki eftir.

- Vinna þarf að nánari útfærslu á því stefnumiði skólans að Áskólinn sé miðstöð hverfisins enda gefa samkomusalur og mötuneyti aukna möguleika í þeim efnum.

Gekk eftir að mjög takmörkuðu leyti. Nokkuð er um fundi og mannfagnaði í skólanum sem ekki tengjast skólastarfinu beinlínis en erfitt að halda því fram að skólinn virki sem miðstöð hverfisins. Vohátíð í samstarfi við hverfisnefnd dregur til sín aðra íbúa hverfisins en foreldra barnanna í skólanum og var sérlega vel heppnuð í ár.

**Umhyggja og virðing:**

- Ráðinn verði verkefnisstjóri sem styðji betur við kennara með notkun bekkjarfunda og innleiðingu á jákvæðum aga.

Í vetur starfaði verkefnisstjóri og töluverð þjálfun fór fram og almennt virðast starfsmenn verða sífellt betur upplýstir um Jákvæðan aga og vinnu samkvæmt honum. Verkefnisstjóra skipulagði leshring á meðal kennara og um áramót kom út handbók fyrir kennara með hlutverkaleikjum og verkfærum úr Jákvæðum aga.

- Settar verði fram skólareglur, þær kynntar og teknar í notkun og árangur metinn. Sérstök áhersla á að bæta mætingar hjá nemendum á unglingastigi.

Þetta gekk eftir, búið að taka nýjar skólareglur í notkun og samstarfshópur í grunnskólum á Akureyri hefur lagt fram viðmið til að bæta mætingar á unglingastigi.

- Sótt um að skólinn Ákomist á græna grein, sett á stofn umhverfisnefnd og hafin vinna að því að öðlast Grænfánann.

Nemendur hafa verið duglegir að flokka og sjá nemendur um að losa flokkunarstöðvar á svæðum skólans. Umhverfisnefnd vann drög að framkvæmdaáætlun sem hrinda þarf í framkvæmd á næsta skólaári.

Samvinna:

- Halda áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogaþæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum. Endurskoðun og frekari útfærsla á starfsreglum teyma.

Unnið var vel með starfsreglur teymana og í upphafi skólaárs skiptu stjórnendur á milli sín teymunum og sátu vikulega fundi með hverju teymi. Lögð var áhersla á að stjórnendur sætu trúnaðar- og nemendafundi og gaf það góða raun. Vinnubrögð og samvinna innan teymanna var skilvirkari og gekk betur. Auk þess sem fundarseta stjórnenda leiddi til marvissari lausnaleitar þegar upp komu erfiðleikar og álitamál í samstarfi innan teymis.

- Starfendarannsóknir gerðar af kennurum.

Gekk ekki eftir.

- Stjórnendur skipta á milli sín teyimum sitji sem flesta fundi með þeim og verði þannig starfsmönnum til halds og trausts.

Þetta gekk eftir og gekk vel.

- Fundafyrirkomulag skólans endurskoðað og breytt og leitast við að fundir séu sem allra markvissastir.

Við teljum að þessu hafi verið náð, í vikupóstum skólastjóra voru viðfangsefni fundanna kynnt.

- Haldin séu skólaþing með nemendum þar sem nemendur eru virkjaðir til umræðna og ákvarðanatöku um sem flest sem snýr að skólastarfinu.

Gekk ekki eftir



- Verkefni sem vinna þarf að séu unnin á afmörkuðum tíma af því starfsfólki sem hefur raunverulegan áhuga á þeim.

Gekk eftir að hluta, en efla þarf betur og virkja leiðtoga innan starfsmannahópsins.

Táp og fjör:

- Auka þarf útikennslu og nýtingu skólalóðar og umhverfis til kennslu.

Þetta gekk eftir að mestu leyti, útisvæði skólans og næsta nágrenni var bæði nýtt til útikennslu, sérstaklega í íþróttum og einnig í hreystivali á unglingastigi. Hins vegar mætti nýta útikennslu meira til stuðnings við almenna kennslu og gera hana markvissari og sýnilegri í námsáætlunum.

- Meiri áhersla lögð á hópefli skipulagt af stjórnendum í upphafi skólaárs

Gekk eftir – farið var í góða hópeflisferð til Siglufjarðar í lok ágúst. Þar voru unnin verkefni í jákvæðum aga, borðaður góður matur og sungið og dansað fram á kvöld. Þessi samvera lagði góðan grunn að samstarfi vetrarins og hristi starfsmannahópinn vel saman.

- Meiri áhersla lögð á hvatningu til starfsmanna og einstaklingsviðtöl við starfsmenn til að ræða líðan og starfsþróu.

Þetta gekk eftir – stjórnendur skiptu starfsmannahópnum á milli sín eftir teyrum. Stjórnendur tóku stutt spjall við hvern starfsmann á sex vikna fresti, þar sem m.a. var rætt um líðan og starfið. Að allra mati gaf þetta góða raun og stjórnendur fengu tækifæri til að styðja betur við starfsþróun starfsfólks og veita stuðning í starfi.



Mat og umbótatillögur fyrir næsta skólaár

Hér á eftir er að finna mat á stöðu mála, flokkað eftir þáttum í stefnu skólans, á þriggja stiga kvarða þar sem grænt þýðir góð staða en rautt þýðir að framkvæmd sé verulega ábótavant. Stuðst er við hin ýmsu matsgögn sem nefnd eru að framan, auk mats frá kennsluteyma skólans. Rétt er að taka fram að grundvöllur að mati teyma getur verið mismunandi en ætti þó að gefa vísbendingar. Jafnframt eru settar fram hugmyndir að úrbótaverkefnum sem verða svo útfærð nánar í næstu starfsáætlun skólans.

Stefnuþátturinn námsaðlögun:

Námsaðlögun							
● Skólinn mæti þörfum nemenda í námi							
○ Til staðar eru ætíð nákvæmar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir sem eru aðgengilegar fyrir nen							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Stöðugreining	
○ Nemendur eiga jafnan val um mismunandi leiðir til þess að ná markmiðum sínum							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	For / nem könnun	
○ Einstaklingsáætlanir eru til staðar fyrir nemendur eftir þörfum							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	For könnun	
○ Teymiskennsla er nýtt til að nýta styrkleika starfsmanna og til að koma til móts við mismunandi þ							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Starfsm könnun	
○ Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	For / nem könnun	
○ Allir starfsmenn fylgja starfsþróunaráætlun sem endurskoðuð er árlega							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Starfsm könnun	
● Nemendur verði vel læsir á hvers kyns upplýsingar og á umhverfi sitt							
○ Áhersla er á lestur og hvers kyns læsi á öllum stigum skólans							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Læsispróf / stöðugrein	
○ Allir nemendur lesa á hverjum degi							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Stöðugreining	
○ Kennarar og nemendur nota upplýsingatækni á ábyrgan og skilvirkan hátt							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr		
● Nemendur rækti sköpunarhæfileika sína							
○ Áhugasvið nemenda eru virkjuð sem hluti af starfinu							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Stöðugreining	
○ Nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni sín á skapandi hátt							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Nem könnun	
○ Leikur er nýttur sem kennsluáðferð							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr		
○ Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla á verk- og listgreinar							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	For könnun	
● Nemendur verði sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu og taki stöðugum framförum							
○ Allir nemendur þekkja þau markmið sem unnið er með hverju sinni							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr		
○ Námsmat gefur upplýsingar um inntak námsins, tengist settum markmiðum og er leiðbeinandi fyri							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	For könnun	
○ Á mið- og unglingastigi fylgja nemendur námsáætlunum sem byggja á sjálfstæði þeirra og hafa va							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Stöðugreining	
○ Nemendur þekkja og skilja hugtök grunnþátta menntunar, og kennsluteymi temja sér notkun þeirr							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr		



Segja má að vinna varðandi þennan stefnuþátt sé að mestu á nokkuð góðu róli. Má þar t.d. nefna ánægju sem fram kemur í könnunum meðal foreldra, einkunnir á samræmdum prófum fara hækkandi o.fl. Sem fyrr er ljóst að vinna þarf að útfærslu, samræmingu og framsetningu á náms/kennsluáætlunum, og þá ekki síst að gera nemendur miðvitaða um þau markmið sem unnið er að hverju sinni. Huga þarf að gerð einstaklingsnámskráa og vinna að útfærslu áhugasviðsvinnu. Þá þarf að gera verulega gangskör að því að kynna hugtök aðalnámskrár fyrir nemendum.

Tillögur að verkefnum fyrir næsta skólaár:

- Áfram þarf að þróa starfsáætlanir kennsluteyma með það að markmiði að þær gefi sem besta mynd af starfsháttum í hverju teymi og hvernig námsþættir og áherslur í starfinu raðast á skólaárið.
- Lögð verði áhersla á að samræma form og áhersluþætti kennsluáætlana skólans og gerð áætlun um innleiðingu á 3. kynslóð mentorkerfisins í því skyni.
- Leggja þarf áhersu á að öll kennarateymi nýti námsmarkmiðakerfið í mentor, þ.e. að setja þar inn markmið og meta þau eftir því sem náminu vindur fram, þannig að kennarar, foreldrar og nemendur geti á auðveldan hátt fylgst með námsframvindunni.
- Ljúka þarf við gerð námsmarkmiða fyrir tungumál og huga að endurskoðun annarra námsmarkmiða.
- Aukin notkun upplýsingatækni. Nemendur á unglingastigi komi með sín eigin tæki eða fái lánuð hjá skólanum þannig að allir nemendur í 8.-10. bekk hafi sína eigin tölvu að staðaldri. Á yngra- og miðstigi verði til staðar bæði spjaldtölvur og tölvuver til notkunar. Horft verði til notkunar á forritunum OneNote og Nearpod til að byrja með.
- Halda þarf áfram að þróa notkun á námsmöppum. Skoða þarf möguleika á rafrænum námsmöppum með tilkomu OneNote.
- Átak í læsi í samstarfi við aðra grunnskóla á svæðinu.
- Vinna þarf að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla.
 - Allar starfs- og kennsluáætlanir taki tillit til grunnþátta menntunar og vinnu með lykilhæfni.
 - Heildarfyrirkomulag námsmats við skólann verði þróað áfram og lagað að kröfum aðalnámskrárinnar.
 - Rýnt verði markvisst í kennsluhætti og hversu vel þeir endurspegla áherslur aðalnámskrár. Varðandi kennsluhætti verði sérstaklega horft til hópaskiptinga, nýtingar og skipulagningar á kennslurýmum, samvinnunáms, speglaðrar kennslu o.fl.
- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla lögð á sömu þætti og á undanförunum misserum þ.e. námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun og kennsluhætti á opnum svæðum, Byrjendalæsi, Læsi til náms, vinnu í teymi og mótun námssamfélags. Einnig verður lögð áhersla á þróun og gerð kennsluáætlana.



Stefnuþátturinn athvarf:

Athvarf							
● Nemendum líði vel í skólanum							
○ Starfsfólk er glaðlegt, umhyggjúsamt og vingjarnlegt við nemendur							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	For / nem könnun	
○ Allir hafa skýr hlutverk og finna fyrir öryggi							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	For könnun	
○ Viðmið um hegðun eru skýr og sýnileg á viðeigandi stöðum í skólanum							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Stöðugreining	
○ Líðan og félagsstengsl nemenda eru könnuð reglulega og brugðist við niðurstöðum							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	For könnun / stöðugrein	
● Aðstaða og umhverfi í skólanum sé aðlaðandi og hvetjandi							
○ Hugtök, markmið, námsgögn og verk nemenda eru sýnileg og aðgengileg í skólanum							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Stöðugreining	
○ Námsgögn eru skipulögð með tilliti til mismunandi námsstíla nemenda							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Stöðugreining	
○ Námsgögn allra aldurshópa innihalda m.a. bóka/lestrarkróa, þankakrika, stærðfræðisvæði, lausr							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Stöðugreining	
○ Sjónrænar leiðbeiningar eru nýttar til að sýna skipulag skóladagsins							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Stöðugreining	
○ Skólinn og umhverfi hans er ætíð snyrtilegt og þrífalegt							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Stöðugreining	
○ Allir taka þátt í að halda umhverfinu í skólanum snyrtilegu							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr		
● Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi							
○ Foreldrar eru upplýstir um þá ráðgjöf og þjónustu sem þeir eiga kost á							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	For könnun	
○ Skólinn hefur milligöngu um að útvega ráðgjöf eða sérfræðiaðstoð eftir því sem tök eru á							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	For könnun	
○ Nemendur fá jákvæða og uppbyggilega leiðsögn							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	For / nem könnun	
● Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins							
○ Skólinn stendur fyrir viðburðum fyrir íbúa hverfisins og veitir aðstöðu fyrir slíka viðburði							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Stöðugreining	
○ Skólinn og hverfisnefnd eiga með sér gott samstarf							
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Stöðugreining	

Hér má finna ýmsa styrkleika, kannanir meðal foreldra sýna t.d. að nemendum líður vel í skólanum, nemendakannanir sýna góð tengsl milli nemenda og starfsmanna o.fl. Undir þessum lið má nefna að framundan eru verkefni við flutninga og endurskipulagningu innanhúss til að koma leikskóladeildunum Fífilbrekku og Sunnuhvoli fyrir til frambúðar og vegna tilkomu starfsmannaálmu. Þá verður tekið í notkun nýtt þráðlaust net sem ætti að tryggja bæði betri tengingar og meiri stjórnun á aðgengi. Ljóst er að halda þarf skólasáttmála betur á lofti og kynna fyrir nemendum og jafnvel starfsfólki. Þá mætti umgengni um skólann sumstaðar vera betri og skoða þarf skipulag námssvæða.

Tillögur að verkefnum fyrir næsta skólaár:

- Uppsetning og innleiðing á nýju þráðlausu neti.
- Endurskipulagning innanhúss, tilflutningur námshópa, Frístundar, tónmenntastofu, kaffistofu, fundarherbergja og skrifstofa.
- Fræðsla til kennara um skipulagningu og nýtingu námssvæða í samstarfi við Ingvar Sigurgeirsson



- Skipuleggja þarf skólalóð enn frekar með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.
- Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.
- Vinna þarf að nánari útfærslu á því stefnumiði skólans að Áskólinn sé miðstöð hverfisins.

Stefnuþátturinn umhyggja og virðing:

Umhyggja og virðing						
• Öll samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu, umhyggju og jafnrétti ○ Fræðsla um jákvæðan aga er veigamikill þáttur í skólastarfinu						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr JA. Könnun
○ Starfsfólk beitir aðferðum jákvæðs aga af öryggi						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr JA könnun
○ Nemendur og starfsfólk þekkir og fylgir skólasáttmála						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr Nem / for könnun
○ Nemendur og starfsfólk nýta tíma sinn vel og eru stundvís						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr Mentor / vinnustund
○ Nemendur og starfsfólk kunna og nýta mismunandi leiðir til að leysa úr ágreiningi						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr JA könnun
○ Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða í öllum ákvörðunum og áætlunum						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr Starfsm könnun
○ Allir starfsmenn eru ábyrgir ef taka þarf á óæskilegri hegðun hjá nemendum						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr
• Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum ○ Gæðahringir með dagskrá eru haldnir a.m.k. þrisvar í viku í öllum námshópum						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr JA könnun / stöðugrein
○ Hlutverkaleikir eru nýttir til að gefa innsýn í aðstæður og tilfinningar annarra						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr JA könnun
○ Aldursblöndun nemenda og sveigjanleiki í hópaskiptingum nýtast til að ýta undir umburðarlyndi og						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr
○ Starfsfólk hvetur nemendur og hvert annað						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr Nem / starfsm könnun
• Nemendur öðlist skilning á sjálfbærni í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti ○ Fræðsla um umhverfismál er veigamikill þáttur í kennslu nemenda						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr Stöðugreining
○ Skólinn vinnur markvisst að því að öðlast / endurnýja Grænfánann						
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr Stöðugreining

Við mat á þessum þætti er ljóst að enn er mikið verk óunnið við innleiðingu uppeldisstefnu skólans, Jákvæðs aga. Fylgja þarf því máli eftir með markvissri fræðslu, ekki síst meðal starfsmanna. Þá þarf að gera átak í að taka skref í átt að Grænfánanum en það starf hefur gengið afar hægt hjá okkur.

Tillögur að verkefnum fyrir næsta skólaár:

- Auka þarf fræðslu um Jákvæðan aga til starfsmanna.
- Nýta þarf gæðahringi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum. Í síðasta lagi í nóvember þurfa gæðahringir, með dagskrármálum frá nemendum, að vera komnir til framkvæmda í öllum námshópum.
- Skólasáttmáli og viðmið um aðgerðir endurskoðuð og kynnt rækilega fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki.



- Formleg umhverfisnefnd endurnýjuð og áfram unnið að því að öðlast Grænfánann.

Stefnuþátturinn samvinna:

Samvinna						
● Skólasamfélagið einkennist af samvinnu, lýðræði og mannréttindum						
○ Allir starfsmenn skólans vinna í teyrum						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Starfsm könnun
○ Allir meðlimir í skólasamfélaginu hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Starfsm könnun
● Starfsmenn, foreldrar/forráðamenn og nemendur taka þátt í ákvörðunum						
○ Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á sett námsmarkmið nemenda						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	For könnun
○ Skólaráð, nemendaráð og Foreldrafélag starfa skv. settum áætlunum						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	
○ Nemendaviðtöl umsjónarkennara og nemenda eiga sér stað a.m.k. þrisvar á ári og oftast eftir þörf						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Stöðuggreining
● Foreldrar/forráðamenn eru virkir þátttakendur í námi barna sinna						
○ Í tengslum við foreldraviðtöl fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar um nám og líðan nemandans						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	For könnun
○ Nemandi og foreldrar/forráðamenn taka þátt í að meta vinnu og árangur nemandans						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	For könnun
○ Viðeigandi starfs-, kennslu- og námsáætlanir eru ætíð aðgengilegar á vef						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Stöðuggreining
● Skólinn lýtur markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu						
○ Ákvarðanir eru teknar með hliðsjón af stefnu skólans og fyrirliggjandi gögnum						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Kannanir
○ Starfsmenn, foreldrar og nemendur eru upplýstir um stefnu skólans						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Kannanir
○ Skólinn gefur út mánaðarleg fréttabréf og heimasíða er virk til upplýsingaveitu						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Kannanir
○ Umsjónarkennarar senda út vikulega upplýsingapósta						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Stöðuggreining
○ Kennsluteymi taka sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og nýta þann sveigjanleika sem felst						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	
● Nemendur læra markvisst að vinna saman						
○ Kennsluhættir einkennast af samvinnu nemenda						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Nem könnun
○ Nemendaráð er virkt og stendur fyrir skólaþingi eldri nemenda árlega						
1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/ípr	Stöðuggreining

Í þessum stefnuþætti er tvennt mest áberandi í matinu. Það er annars vegar að viðmið um framkvæmd nemendasamtala hafa ekki náð fram að ganga og hins vegar að nemendur og foreldrar eiga ekki nægilegan þátt í námsmati.

Tillögur að verkefnum fyrir næsta skólaár:

- Reglulegum nemendasamtölum verði komið á fót.
- Leitað leiða til að auka þátt nemenda og foreldra í námsmati.



- Halda þarf áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogaþæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum. Endurskoðun og frekari útfærsla á starfsreglum teyma.
- Starfendarannsóknir gerðar af kennurum.
- Stjórnendur skipti áfram á milli sín teyllum skólans, sitji sem flesta fundi með þeim og verði þannig starfsmönnum til halds og trausts.
- Fundafyrirkomulagi innan skólans verði breytt þannig að það verði sem markvissast.
- Í samvinnu við nemendaráð verði haldið skólaþing með nemendum á mið- og elsta stigi.

Stefnuþátturinn táp og fjör:

og fjör							
Nemendur og starfsmenn séu glaðir við störf sín innan skólans og líði vel ○ Söng og tjáningu er beitt markvisst í náminu							
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	
○ Hver skóladagur inniheldur fjölbreytt viðfangsefni							
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Nem könnun
○ Samverustundir með fjölbreyttum atriðum frá nemendum eru a.m.k. vikulega							
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	
○ Fjölbreyttir félagslegir viðburðir eru í boði fyrir nemendur t.d. félagsmiðstöð, dansleikir, bekkjarkv							
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	
Skólinn stuðlar að heilbrigði og velferð ○ Hreyfing og leikir eru markvisst notuð í starfinu							
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Nem / for könnun
○ Útikennsla og útivist eru fastir liðir í námi							
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Stöðugreining
○ Skólinn stuðlar að hollu fæði nemenda							
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	For könnun
○ Nemendur fá fræðslu um heilbrigða lífshætti							
	1.b	2.-3.b	4.-5.b	6.-7.b	8.-10.b	sérg/íþr	Nem / for könnun

Í heildina tekið virðist hér um nokkuð sterkan stefnuþátt að ræða. Í sumum námshópum mætti auka þátt hreyfingar, útikennslu og tjáningar.

Tillögur að verkefnum fyrir næsta skólaár:

- Auka þarf enn frekar útikennslu og nýtingu skólalóðar og umhverfis til kennslu.
- Stjórnendur leggi áfram áherslu á hvatningu til starfsmanna og einstaklingsviðtöl við starfsmenn til að ræða líðan og starfsþróun.

***Viðauki, fréttabréf skólaársins***

Á næstu síðum er að finna fréttabréf skólaársins en þau gefa nokkra innsýn í dagskrá hvers mánaðar auk þess sem þar er að finna ýmsar fréttir og fróðleik um skólastarfið.